

**SKOÐUN** Vísindamenn skrifa að niðurskurður til Rannsóknasjóðs jafngildi uppsögnum tuga þeirra. 23



**MENNING** Sigríður María Egilsdóttir heldur ræðu um kvenréttindi í breska ríkissjónvarpinu, BBC. 58



**SPORT** Króatar elska og dá nýjan þjálfara sinn, Niko Kovac, og trúa því að hann komi liðinu á HM. 54







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
24. október 2013
250. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Enginn lærdómur dreginn af kreppunni

Sænski hagfræðingurinn Axel Leijonhufvud segir ríkjandi kenningar hagvísindanna hafa reynst ófærar um að hjálpa til í efnahagskreppu. 20

**Fundu eldgamlar myndir** Aldargamlar filmur fundust undir gólffjölum í Sívertsenhúsi í Hafnarfirði. 2

**Á sér ekki málsbætur** Friðrik Brynjar Friðriksson hlaut sextán ára fangelsisdóm fyrir morð á Egilsstöðum í maí síðastliðnum. 6

**Einn af 60 situr í nefnd** Nærri 3.500 sitja í nefndum ríkisins. Fjöldinn stappar nærri íbúafjölda Ísafjarðarbæjar. 8




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | NA | 13 |
| Akureyri | 2° | NA | 7 |
| Egilsstaðir | 4° | N | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | V | 8 |
| Reykjavík | 5° | SV | 4 |

**ÚRKOMA NORÐAUSTAN TIL** Í dag verða norðaustan 8-15 m/s norðan til og snjókoma eða slydda fyrir norðan og austan en hægari og úrkomulítið syðra. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Fólk | Útfarir




# Sautján hundruð skuldarar eiga fangelsi yfir höfði sér

Af þeim 3.162 einstaklingum, sem eiga fyrirliggjandi ákvörðun um afplánun vararefsinga á hendur sér vegna sekta eða sakarkostnaðar, mega sautján hundruð eiga von á að verða færðir til afplánunar án frekari fyrirvara.

**DÓMSMÁL** Um 1.700 einstaklingar mega eiga von á því að verða færðir til afplánunar án fyrirvara þar sem fyrir þeim liggur afplánun vararefsingar þar sem þeir hafa ekki greitt sektir eða sakarkostnað.

Samkvæmt upplýsingum frá Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar (IMST) liggur fyrir ákvörðun um afplánun vararefsingar 3.162 einstaklinga. Þar af er búið að birta 1.975 manns boðun. Af þeim hafa 283 fengið samþykkta umsókn um að afplána með samfélagsþjónustu.

Erna Björg Jónmundsdóttir, deildarstjóri IMST, segir í samtali við Fréttablaðið að þetta sé ekki meiri fjöldi en venjulega. Jafnan séu um 1.700 manns á þessum lista og lengd hans helgist af fangelsisrými sem standi til boða. „Við erum yfirleitt með um þrjú til sjö pláss í fangelsum fyrir afplánun af þessu tagi, en tíminn sem þeir sitja af sér getur verið allt frá tveimur dögum upp í eitt ár,“ segir Erna.

Vorið 2010 kom fram í svari þáverandi dómsmálaráðherra við fyrirspurn á þingi að ríkið hefði afskrifað sektir sem hefðu vararefsingu á bak við sig að upphæð tæplega 132 milljónir á árunum 2000 til 2009, hvort tveggja vegna fyrningar eða andláts skuldara.

Erna segir að í sjálfu sér felist ekkert nýtt í því að refsingar yfir fólki fyrnist. „Það er allur gangur á því hvað er langt þangað til það fyrnist, allt upp í fjögur ár,“ segir hún. „En það er líka forgangsraðað á handtökulistanum eftir því. Þetta fólk er því eftirlýst þannig að ef það lendir í höndum lögreglu má það búast við því að vera handtekið.“

Erna segir að ár hvert fyrnist þó bara um 3-4% af heildarfjöldanum. Flestir greiði sektirnar þegar þeir standi frammi fyrir handtöku. **- þj**



**FLOTT FRUMRAUN** Gróttustelpan Unnur Ómarsdóttir skoraði fjögur mörk úr fjórum skotum í sínum fyrsta A-landsleik í gær þegar Ísland vann 34-18 sigur á Finnlandi í undankeppni EM í handbolta kvenna. „Þetta var risastór dagur fyrir mig. Það var samt svolítið stress en það fór fljótt af mér,“ sagði Unnur eftir leik. **Sjá síðu 52** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Til umræðu á föstudag:

## Ríkisstjórn afgreiðir tillögur

**STJÓRNMÁL** Tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar hafa þegar verið ræddar stuttlega á ríkisstjórnarfundi. Hagræðingarhópurinn skilaði af sér í byrjun síðustu viku. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins afgreiðir ríkisstjórn líklega frá sér tillögurnar á ríkisstjórnarfundi á morgun. Sigurður Már Jónsson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, segir að eftir að ríkisstjórnin hafi afgreitt tillögurnar verði þær rækilega kynntar fyrir almenningi. **-ebg**

Vöxtur í sjávarklasanum:

## Stefnir í 300 milljarða veltu

**SJÁVARÚTVEGUR** Velta tæknifyrirtækja fyrir vinnslu og veiðar, líftækni og fullvinnslu aukaafurða var 88 milljarðar króna á árinu 2012. Þessar greinar hafa vaxið um 13-17% á ári undanfarin ár. Með sama áframhaldi velta greinar 300 milljörðum eftir áratug. **- shá / sjá síðu 16**

Rangæingar ósáttir við verð í einu búðinni á Hvolsvelli og leita nýrra leiða:

# Almenningur reki eigin verslun

**VERSLUN** „Við viljum berjast til síðasta blóðdropa,“ segir Elvar Eyvindsson, fulltrúi í sveitarstjórn Rangárþings eystra sem hyggst ræða stofnun almenningshlutafélags um rekstur matvöruverslunar á íbúafundi.

Rangæingar eru ósáttir við verðlag í versluninni Kjarval sem Kaupás rekur á Hvolsvelli. Engin lágvöruverðskeðja fæst til að opna verslun á staðnum þótt heimamenn sjálfir telji grundvöll fyrir því.

Á íbúafundinum ætlar sveitarstjórnin að „láta reyna á hvort samtakahugur íbúanna er nægilegur til að menn sameinist um stofnun og rekstur“ matvöruverslunar.

Rangárþing eystra á húsið þar sem Kjarval er. Leigunni hefur verið sagt upp frá áramótum en verslunin hefur forleigurétt. „Það er ekki auðvelt en kannski vill fólk hafa það tómt og bjarga sér í öðru húsnæði á meðan við erum að losna frá þessum forleigurétti,“ segir Elvar um þá stöðu.

Elvar kveður yfir þrjú hundruð þúsund ferðamenn fara um Hvolsvöll á ári. Það vilji verslunareigendur mjólka án þess að heimamenn njóti. Reynt verði til hins ýtrasta að koma því í betra horf.

„Við erum sannfærð um að það er hægt að vera með skikkanlegra verð. Ef þeir geta það ekki, þá viljum við bjóða einhverjum öðrum það. Og ef enginn annar getur þetta, þá getum við alveg eins gert þetta sjálf,“ segir Elvar Eyvindsson.

> **Við erum sannfærð um að það er hægt að vera með skikkanlegra verð [...] Og ef enginn annar getur þetta, þá getum við alveg eins gert þetta sjálf.**
>
> *Elvar Eyvindsson, sveitarstjórnarmaður í Rangárþingi eystra*

**- gar / sjá síðu 4**




KRINGLUNNI • SÍMI 5513200



## SPURNING DAGSINS



Jóhann, er það ekki bara húrra fyrir pylsugerðarmanninum?

**„Það er alltaf gott að fá eina með öllu og mjólkurglas með.“**

Jóhann G. Kristinsson er vallarstjóri á Laugardalsvelli. Til að völlurinn verði til reiðu fyrir leikinn mikilvæga gegn Króatíu hefur KSÍ fengið risastóra pylsu sem heitu lofti er dælt inni í og á að halda hita á vellinum.

Ekki er búið að ákveða refsingu eins Íslendinganna í dópmálinu í Danmörku:

# Niðurstöðu geðmats enn beðið

**DÓMSMÁL** Enn er beðið eftir niðurstöðu úr geðheilbrigðisrannsókn eins Íslendinganna sem dómstóll í Kaupmannahöfn sakfelldi nýlega fyrir stórfellt fíkniefnasmygl frá Hollandi til Danmerkur.

Fyrir mánuði var maðurinn, sem er 35 ára, fundinn sekur um aðild að smygli á samtals 60 kílóum af amfetamíni til Danmerkur. Hann átti stóran þátt í málinu en refsing hans verður ekki ákveðin fyrr en niðurstaða læknisrannsóknarinnar liggur fyrir. Gitte Juul Jensen, lögmaður hans, segir ekki ljóst hvenær hennar er að vænta.

Sjö aðrir Íslendingar hafa verið sakfelldir vegna málsins. Af þeim fengu sex fangelsisdóma, tveir sex ára dóma, þrír tíu ára dóma og einn, höfuðpaurinn Guðmundur Þóroddsson, tólf ára dóm. Að auki var einn Íslendingur dæmdur til vistar á geðsjúkrahúsi.

Til viðbótar við Íslendingana sjö hafa þrír menn hlotið sjö, átta og tíu ára dóma fyrir aðild sína að málinu. **- sh**



**VANDLEGA FALIÐ** Efnin voru vandlega falin í bíl sem ekið var frá Hollandi til Danmerkur, eins og sjá má hér að ofan. MYND/KAUPMANNAHAFNARLÖGREGLAN.

9.700 manns í atvinnuleit:

# Atvinnuleysi eykst lítillega

**ATVINNUMÁL** Skráð atvinnuleysi í september var 5,2 prósent samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands sem birt var í gær.

Atvinnuleysi jókst um 0,3 prósentustig frá því í september 2012 þegar það var 4,9 prósent. Að jafnaði voru 186.700 manns á vinnumarkaði í september og af þeim voru 177 þúsund starfandi og 9.700 án vinnu og í atvinnuleit.

Atvinnuleysi var 5,2 prósent meðal karla og 5,3 prósent meðal kvenna. **- hg**



**SKÍRN** Athöfnin var fremur látlaus miðað við íburð brúðkaups Vilhjálms Bretaprins og Katrínar hertogaynju. MYND/AFP

Látlaus athöfn með nánum vinum og fjölskyldu:

# Ríkisarfinn Georg skírður í gær

**LONDON, AFP Georg prins, þriggja mánaða gamall ríkisarfi í Bretlandi, var skírður við hátíðlega athöfn í St. James‘s Palace í London í gær. Foreldrarnir, Vilhjálmur Bretaprins og Katrín hertogaynja, völdu sjö nána vini fjölskyldunnar til að vera guðforeldrar piltsins. Þar á meðal eru jarlinn af Grosvenor, fyrrverandi einkaritari foreldra prinsins, og gömul vinkona Díönu prinsessu. Erkibiskupinn af Kantaraborg skírði piltinn.** **-ebg**

Deilt um upplýsingalög:

# Segir undanþágur löglegar

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðuneytið segir tímabundnar undanþágur fyrirtækja ríkisins frá upplýsingalögum hafa verið veittar á grundvelli tillagna frá viðkomandi ráðherra, eins og mælt sé fyrir um í upplýsingalögum. Eins hafi tillögurnar allar verið bornar undir Samkeppniseftirlitið, sem þó hafi ekki náð að veita þeim umsögn þar sem þær bárust of seint. Alls fengu 37 opinber fyrirtæki tímabundna undanþágu. Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, gagnrýndi það harðlega í blaðinu í gær. Undanþágurnar verða endurskoðaðar eftir áramót. **- vg**

Djöflagengi á Íslandi:

# Sex í viðbót handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum handtók sex meðlimi vélhjólagengisins Devil‘s Choice á Keflavíkurflugvelli í gær. Lögreglan segir samtökin tengjast skipulagðri glæpastarfsemi en þremur meðlimum samtakanna var vísað úr landi í fyrradag. Búist var við talsverðum fjölda Devil‘s Choice-meðlima frá Norðurlöndunum hingað fyrir helgina og því var lögreglan með talsverðan viðbúnað á flugvellinum. Lögregla hugðist einnig senda frávísunarbeiðni til Útlendingastofnunar vegna mannanna þriggja. **- hþ/ebg**

# Merkilegar mannlífsmyndir finnast

Aldargamlar filmur fundust í vikunni undir gólffjölum í Sívertsenhúsi í Hafnarfirði. Bæjarminjavörður segir myndirnar gefa nýtt sjónarhorn á mannlíf í bænum. Talið er að Ólafur V. Davíðsson glímukóngur hafi tekið myndirnar í kringum 1910.

**MENNING** „Myndirnar gefa nýtt sjónarhorn á hafnfirskt mannlíf fyrir einni öld. Þetta er alveg þrælmerkilegur fundur,“ segir Björn Pétursson, bæjarminjavörður Hafnarfjarðar.

Þessa dagana er byggðasafnið að undirbúa hátíðahöld um næstu helgi í tilefni þess að 250 ár eru liðin frá fæðingu Bjarna Sívertsen, „föður Hafnarfjarðar“.

Af því tilefni er verið að taka Sívertsenhús í gegn. Eitt af þeim verkefnum sem ákveðið var að ráðast í var að laga raflagnir í húsinu. Taka þurfti upp gólfborð á efri hæð hússins til að koma nýjum lögnum fyrir. Á mánudag fundust merkilegir gripir faldir undir gólffjölunum. Annars vegar var um barnaskó að ræða og hins vegar veski með 134 filmum í.

„Við skiljum ekki hvernig veskið með öllum þessum filmum gat endað undir gólffjölunum. Þetta hlýtur að hafa verið góður felustaður á sínum tíma,“ segir Björn.

Filmurnar eru taldar rétt rúmlega aldargamlar. Myndirnar sem þær geyma eru flestar teknar í Hafnarfirði á árunum 1910 til 1915. Einstaka er þó úr Reykjavík og frá Danmörku. Margar þeirra sýna fólk við dagleg störf.

„Þarna eru myndir af konum að elda og strauja og verkamönnum við störf sín. Myndirnar eru flestar mjög skýrar og góðar,“ segir Björn.

Þótt safnamönnum hafi ekki gefist langur tími til að skoða filmurnar og skanna þær telja þeir líklegast að þær séu teknar af Ólafi V. Davíðssyni en hann bjó í Sívertsenhúsi á þessum árum ásamt konu sinni, listmálaranum Hönnu Davíðsson. Hún málaði meðal annars myndir á skírnarfontinn og predikunarstólinn í Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Ólafur var verkstjóri hjá Bookles-bræðrum um tíma en rak svo um árabil eigin fiskverkun í bænum. Hann vann sér það meðal annars til frægðar að vinna fyrstu Íslandsglímuna 1906. **johanna@frettabladid.is**



**DAGLEG STÖRF** Margar af þeim myndum, sem komu í ljós þegar filmurnar sem fundust í Sívertsenhúsi voru skannaðar, eru af fólki við dagleg störf í Hafnarfirði fyrir einni öld. Þær eru flestar teknar í nágrenni við Sívertsenhúsið.



**PRÚÐBÚNAR SYSTUR** Talið er að þetta sé mynd af Flygenringsystrum. Þær bjuggu í samnefndu húsi og voru nágrannar Ólafs V. Davíðssonar sem talinn er hafa tekið myndina einhvern tíma á árunum 1910 til 1915.




Umhverfisstofnun hefur gert viðbragðsáætlun vegna Kolgrafafjarðar:

# Annar síldardauði yrði fokdýr

**NÁTTÚRA** „Hún er raunhæf að því leyti að þetta er gerlegt. En það er ekki mitt að tjá mig um fjármagnið,“ segir Helgi Jensson, ráðgjafi hjá Umhverfisstofnun, en stofnunin hefur lokið tillögu um viðbragðsáætlun vegna síldardauða í Kolgrafafirði í framtíðinni.

Sú áætlun gerir ráð fyrir því að síldin verði urðuð á viðurkenndum urðunarstað en sá næsti er Fíflholt sem er töluvert langt frá.

Reikna má með að heildarkostnaður við flutning og urðun á tonni sé um nítján þúsund krónur og samkvæmt því myndi kosta um 19 milljónir að flytja og urða 1.000 tonn.

Þegar hefur þurft að urða 50 þúsund tonn af síld sem drapst í firðinum. Samkvæmt þessum kostnaðartölum hefði það kostað tæpan milljarð hefði síldin verið urðuð með þeim hætti.

Í tillögum Umhverfisstofnunar er einnig lagt til að samráðsnefnd með fulltrúum umhverfis- og auðlindaráðuneytis, atvinnuvegaráðuneytis og fjármálaráðuneytis verði stofnuð strax.

Nefndin myndi hafa það hlutverk að taka ákvarðanir um fjármögnun verkefnisins. **- vg**



**KOLGRAFAFJÖRÐUR** Hreinsunarstarf í Kolgrafafirði þegar 30 þúsund tonn af síld drápust í firðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

OKKAR SJÚKDÓMATRYGGING XL

# Sjúkdóma-trygging
## sem hægt er að endurvekja



NÝJUNG
Á ÍSLANDI

**OKKAR Sjúkdómatrygging XL** er nýjung hér á landi. Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

### Fimm bótaflokkar

Tryggingunni er skipt upp í fimm bótaflokka eftir eðli sjúkdóma. Sé sótt um nýja tryggingu eftir greiðslu bóta er sá flokkur undanskilinn sem bætur hafa verið greiddar úr. Þannig er aðeins hægt að fá bætur einu sinni úr hverjum flokki.

**Karlar og konur greiða sama iðgjald** af Sjúkdómatryggingu XL, séu þau jafn gömul.

Kynntu þér málið á www.okkar.is eða hringdu í síma 540 1400.

**OKKAR líftryggingar – með þér alla ævi**

okkar
- til öryggis síðan 1966

www.okkar.is

## SVONA ERUM VIÐ



**MEÐAL-ÍSLENDINGURINN FER 4,5 SINNUM Í BÍÓ Á ÁRI**

**Höfuðborgarbúar eru bíósæknari en aðrir landsmenn. Þeir fara 6,1 sinni í bíó á ári.**

Íbúar Norðvesturlands sækja hins vegar ekki kvikmyndahús nema 0,2 sinnum á ári hverju, sem jafngildir einu skipti á mann á fimm ára fresti.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Tveir vændiskaupendur mættu fyrir dóm og hlutu 100 þúsund króna sekt:

# Tíu sektaðir fyrir vændiskaup

**DÓMSMÁL** Tíu voru í Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmdir til að greiða hundrað þúsund krónur í sekt fyrir vændiskaup. Greiði þeir ekki sektina þurfa þeir að sitja sex daga í fangelsi.

Ákærurnar voru þingfestar í gærmorgun og dómari ákvað að dæma mennina strax, þó svo að einungis tveir þeirra hefðu mætt fyrir dóminn. Heimilt er að dæma menn að þeim fjarstöddum ef nægilega lítil refsing liggur fyrir brotinu.

Samkvæmt upplýsingum fréttastofu byggir ríkissaksóknari málin á myndbandsupptökum fyrir utan blokk, og inni í stigangi, í Hamraborg í Kópavogi. Þar sjást mennirnir kaupa vændi, líklegast af einni konu.

Málin eru hluti af 86 málum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sendi til ríkissaksóknara í sumar. - sh



**HULDI ANDLIT SITT** Annar þeirra sem mættu í dóminn í gær sést hér hylja andlit sitt fyrir ljósmyndurum.

Ekkert lát er á kjarreldum:

# Herinn kveikti suma eldana

**ÁSTRALÍA** Áframhaldandi miklum hitum er spáð næstu vikurnar í Ástralíu. Viðvarandi hætta er því á gróðureldum. Þúsundir manna berjast við að slökkva kjarrelda í suðausturhluta álfunnar. Hitinn mældist 33,6 gráður í Sydney í gær, en það var fimmti dagurinn í þessum mánuði sem hitinn fór yfir 30 stig.

Í gær var svo skýrt frá því að heræfing vestur af Sydney hefði valdið því að miklir eldar kviknuðu í gróðri þar. - gb



**VILJA FRIÐ** Forsætisráðherrar Kína og Indlands sömdu um frið á umdeildu landamærasvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grafa stríðsöxina eftir 50 ár:

# Sömdu um frið á landamærum

**KÍNA, AP** Kína og Indland skrifuðu í gær undir samkomulag, sem þykir gefa von um að nú sjái fyrir endann á deilum milli asísku risanna um landamærasvæði í vestanverðum Himalajafjöllum.

Li Keqiang, forsætisráðherra Kína, og Manmohan Singh, starfsbróðir hans frá Indlandi, handsöluðu samkomulagið að loknum fundi í Beijing.

Deilur hafa staðið milli landanna í hálfa öld um landsvæði sem er litlu stærra en Ísland að flatarmáli. - þj

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Vill annað sæti



**Áslaug María Friðriksdóttir** borgarfulltrúi gefur kost á sér í annað sæti listans í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík. Hún hefur verið borgarfulltrúi síðan í haust en varaborgarfulltrúi frá 2006. Þá hefur hún gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

### Sækist eftir þriðja sæti



**Karl Pétur Jónsson** býður sig fram í þriðja sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Karl Pétur er framkvæmdastjóri Mostly Human Entertainment, fyrirtækis í alþjóðlegri framleiðslu menningarefnis og hefur um áratugaskeið verið ráðgjafi í almannatengslum.

# Almenningur stofni verslun á Hvolsvelli

**Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti tillögu sjálfstæðismanna um að boða til íbúafundar til að ræða almenningshlutafélag um verslun á Hvolsvelli. Ástæðulaust væri að setja arðbæra verslun í hendur stórfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.**

**VERSLUN** „Við viljum berjast til síðasta blóðdropa,“ segir Elvar Eyvindsson, kúabóndi og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórn Rangárþings eystra, sem hyggst ræða stofnun almenningshlutafélags um rekstur dagvöruverslunar á íbúafundi.

Rangæingar hafa lengi verið ósáttir við verðlag í versluninni Kjarval sem Kaupás rekur á Hvolsvelli eins og á mörgum öðrum stöðum á Suðurlandi. Þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni hefur engin lágvöruverðskeðja fengist til að opna verslun á staðnum þótt heimamenn sjálfir telji grundvöll til þess.

Tillaga Elvars og Kristínar Þórðardóttur um íbúafundinn var samþykkt samhljóða í sveitarstjórninni. Þar á að „láta reyna á hvort samtakahugur íbúanna er nægilegur til að menn sameinist um stofnun og rekstur slíks fyrirtækis“, eins og segir í tillögunni.

„Ef það er ekki lágvöruverðsverslun þá getur hver sem er rekið þarna svipaða búð og er í dag. Og það væri alveg eins gott að heimamenn gerðu það,“ segir Elvar.

Rangárþing eystra á gamla Kaupfélagshúsið þar sem Kjarval er. Leigunni hefur verið sagt upp frá áramótum en verslunin hefur forleigurétt. „Það er ekki auðvelt en kannski vill fólk hafa það tómt og bjarga sér í öðru húsnæði á meðan við erum að losna frá þessum forleigurétti,“ segir Elvar um þá stöðu.

Þá bætir Elvar við að hann telji landsbyggðina að vissu leyti ofurselda verslanakeðjum sem bjóði ekki sérlega gott verð.

„Það sem verður eftir hjá okkur eru láglaunastörfin en öll yfirstjórnin er annars staðar og hagnaðurinn fer annað líka,“ segir Elvar sem kveður heimamenn engar áhyggjur hafa af því að verslun leggist af á Hvolsvelli. Yfir þrjú hundruð þúsund ferðamenn fari um bæinn á ári.

„Auðvitað vilja verslunareigendur mjólka það án þess að við njótum en við viljum láta reyna á það til hins ýtrasta hvort ekki sé hægt að koma því í betra horf,“ segir Elvar. „Við erum sannfærð um að það er hægt að vera með skikkanlegra verð. Ef þeir geta það ekki þá viljum við bjóða einhverjum öðrum það. Og ef enginn annar getur þetta, þá getum við alveg eins gert þetta sjálf.“

gar@frettabladid.is



**HVOLSVÖLLUR** Verslunin Kjarval er í gamla Kaupfélagshúsinu sem Rangárþing eystra á við þjóðveginn í gegnum Hvolsvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Það sem verður eftir hjá okkur eru láglaunastörfin en öll yfirstjórnin er annars staðar og hagnaðurinn fer annað líka.**
>
> *Elvar Eyvindsson, sveitarstjórnarmaður í Rangárþingi eystra.*

Þingið gegn Gullinni dögun:

# Klippa á pening til öfgaflokks

**GRIKKLAND, AP** Gríska þingið samþykkti í gær að loka á úthlutun opinbers fjár til Gullinnar dögunar, flokks þjóðernissinna.

Gullin dögun jók nokkuð við fylgi sitt í síðustu þingkosningum þar sem flokkurinn náði að nýta sér óánægju og óöryggi almennings í efnahagsþrengingunum.

Félagsmenn hafa þó þótt fara yfir strikið, meðal annars er einn þeirra sakaður um að hafa myrt vinstrisinnaðan tónlistarmann.

Yfirvöld hafa hert tökin á flokknum að undanförnu og formaður hans, auk tveggja þingmanna, er nú í haldi lögreglu. - þj

Tuttugu bíða eftir gjafanýra:

# Átak til að fjölga gjöfum

**HEILBRIGÐISMÁL** Kynningarátaki til að fjölga lifandi nýragjöfum var ýtt úr vör í gær og vefsíðan nyraigraedsla.is formlega opnuð til þess að freista þess að fjölga nýragjöfum. Þörf fyrir ígræðslu nýra hefur farið vaxandi á undanförnum árum vegna aukinnar tíðni nýrnabilunar sem meðal annars má rekja til afleiðinga svokallaðra lífsstílssjúkdóma.

Á síðunni er að finna ítarlegar upplýsingar um hverjir geta gefið nýra og jafnframt útskýrt hvernig ferlið er í kringum nýragjöf. -ebg

## LÖGREGLUMÁL

### Vilja stöð á Seltjarnarnes

Lögbrot á Seltjarnarnesi eru hlutfallslega fá, að því er fram kemur í könnun sem lögregla kynnti starfsmönnum bæjarins á mánudag. Þar kom meðal annars fram að lítið eða ekkert virtist vera um ofbeldisbrot á Seltjarnarnesi. Meirihluti bæjarbúa telur þó að lögreglustöð vanti í bæinn.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**LÉTTIR TIL SYÐRA** Það má búast við úrkomu um norðan- og austanvert landið næstu daga en á morgun léttir til um sunnan- og suðvestanvert landið.



**Á morgun**
5-13 m/s.

**Laugardagur**
Víða fremur stíf norðanátt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Billund | 13° | Gautaborg | 14° | London | 16° | Orlando | 24° | San Francisco | 16° |
| Basel | 20° | Frankfurt | 16° | Kaupmannahöfn | 14° | Mallorca | 26° | Ósló | 13° | Stokkhólmur | 12° |
| Berlín | 16° | Friedrichshafen | 19° | Las Palmas | 28° | New York | 12° | París | 19° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife í vetur

**Salan er hafin!**




## FLUGSÆTI

**Verð frá 89.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktar

**16. jan. Tenerife**

Innifalið: flug fram og til baka með sköttum.

***Verð án Vildarpunkta 99.900 kr.**



## HG Cristian Sur

Rólegt þriggja stjörnu íbúðarhótel á góðum stað í Los Cristianos. Stutt í verslanir, veitingastaði, bari og ströndina. Rúmgóðar og bjartar eins og tveggja svefnherbergja íbúðir.

**Verð frá 109.150 kr.***
og 12.500 Vildarpunktar

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/2 svefnh.
Innifalið: flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
***Verð án Vildarpunkta 119.150 kr.**
Verð á mann m.v. 2 í íbúð m/1 svefnh. 135.000 kr.

**4.-11. feb.**

## FLUGÁÆTLUN

**Tenerife**

22. des. (Uppselt)
5. jan. (Örfá sæti laus)
16. jan. (Fá sæti laus)
28. jan.
4. feb. (Uppselt)
11. feb. – 18. mars, vikulegt flug
25. mars (Örfá sæti laus)
1. apr.
12. apr. (Uppselt)



**Hálft fæði**

## La Siesta

Gott og vinsælt fjögurra stjörnu hótel á besta stað á Playa de las Americas. Fallegur garður er við hótelið og herbergin rúmgóð. Hálft fæði innifalið.

**Verð frá 156.700 kr.***
og 12.500 Vildarpunktar

Á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.
Innifalið: flug, flugvallarskattar, gisting, hálft fæði og íslensk fararstjórn.
***Verð án Vildarpunkta 166.700 kr.**

**28. jan. - 4. feb.**

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 66173 10/13

*Ekki er hægt að nota Vildarpunkta í jóla- og páskaferðir. Verðdæmin miðast við bókanir á netinu.
Þegar bókað er á skrifstofu Vita bætist við 3.000 kr. bókunargjald.

Vertu með okkur á Facebook

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** Hvað fjölgaði áskrifendum streymisveitunnar Netflix mikið á milli ára?
**2.** Hvað jókst kaupmáttur launa mikið á milli ágúst og september, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands?
**3.** Hvað heitir nýjasta plata Sigur Rósar?

**SVÖR**
**1.** Úr 30 milljónum árið 2012 í 40 milljónir til sama tíma í ár. **2.** 0,4% **3.** Kveikur.

Tryggingastofnun bregst við úrskurði frá úrskurðarnefnd almannatrygginga:

# Skoða breytingar á meðlaginu

**STJÓRNSÝSLA** Tryggingastofnun er nú að skoða hvort eigi að breyta framkvæmd meðlagsgreiðslna í ljósi nýs úrskurðar frá úrskurðarnefnd almannatrygginga. Þetta kemur fram í frétt á vef stofnunarinnar, í tilefni af frétt Stöðvar 2 frá síðasta laugardegi.

Í téðum úrskurði kemur fram að meginregla sem viðhöfð hefur verið við innheimtu meðlags með börnum, sem felur í sér að greitt sé með barni til loka þess mánaðar sem barn verður átján ára og þar með lögráða, standist ekki. Það er þrátt fyrir að greitt sé frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að umsókn og gögn berast, en samkvæmt því áttu greiðslur að jafnast út hjá viðkomandi „í flestum tilvikum“.

Málið sem um ræðir snerist um mann sem vildi láta reyna á hvort hægt væri að skikka sig til að greiða meðlag með barni sínu út mánuðinn sem það varð átján ára en ekki bara fram að afmælisdeginum.

Meðlagsgreiðslur eru 25.175 krónur á mánuði. og meðlagsgreiðendur á síðasta ári voru 12.292 talsins, þar af 637 konur, sem greiddu með 21.000 börnum.

- þj




**TRYGGINGASTOFNUN** Verið er að skoða hvort eigi að breyta framkvæmd meðlagsgreiðslna í ljósi nýgengins úrskurðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ORSAKIR OG AFLEIÐINGAR EFNAHAGS-KREPPUNNAR



Samtök Fjárfesta og Hagfræðideild Háskóla Íslands bjóða til málstofu í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu, fimmtudaginn 24. október klukkan 12-13.30

**Axel Leijonhufvud**
prófessor emeritus við UCLA og háskólann í Trento mun ræða um orsakir og afleiðingar efnahagskreppunnar og hvernig hún tengist kreppu hagvísindanna.

Axel hefur frá því á sjöunda áratugnum beint sjónum að hlutverki þekkingar, upplýsingamiðlunar og úrvinnslu í hagkerfinu og hvernig oftrú á getu markaða til að leiðrétta sveiflur getur leitt til mistaka í hagstjórn.

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD

Samtök fjárfesta


# Fékk 16 ára dóm og á sér engar málsbætur

Friðrik Brynjar Friðriksson var sakfelldur fyrir að bana Karli Jónssyni á Egilsstöðum. „Harla lítill“ vafi á sekt hans, segir í dómnum. Spor eftir hund Friðriks í blóði Karls skiptu sköpum við sönnunarfærslu. Árásin var sögð bæði ofsafengin og hrottaleg.



**NEITAÐI SÖK** Friðrik Brynjar hefur alla tíð haldið fram sakleysi sínu, þótt minni hans hafi ekki alltaf verið jafn gott. Hann hefur alltaf hulið andlit sitt þegar hann hefur komið í héraðsdóm. MYND/PRESSPHOTO.BIZ

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra dæmdi í gær Friðrik Brynjar Friðriksson, 25 ára, í sextán ára fangelsi fyrir að bana nágranna sínum, hinum 49 ára gamla Karli Jónssyni, í íbúð þess síðarnefnda í Blómvangi 2 á Egilsstöðum í maí síðastliðnum.

Friðrik Brynjar neitaði sök, bæði við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi. Hann gekkst við því að hafa farið inn í íbúð Karls umrætt kvöld og spjallað við hann, en bar að hann hefði reiðst mjög þegar Karl lýsti yfir kynferðislegum áhuga á börnum, meðal annars barnungri dóttur hans. Rannsókn lögreglu renndi engum stoðum undir slíkar fullyrðingar Friðriks.



KARL JÓNSSON

Hann segist eftir þetta hafa slegið til Karls og í kjölfarið farið út og leikið við hundinn sinn í um hálfa klukkustund. Þegar hann hafi komið aftur hafi Karl verið látinn. Karl var með 92 stunguáverka þegar hann fannst.

Eftir því sem leið á rannsókn málsins breyttist framburður Friðriks og hann kvaðst muna atvik næturinnar æ betur, þótt aldrei hafi hann viljað viðurkenna að hafa lagt til Karls með hnífi.

„Getur það að áliti dómsins ekki talist trúverðugt að minni ákærða fari batnandi svo löngu eftir atburðinn, heldur sé nærtækari skýring sú að minni ákærða hafi tekið að litast af samtölum við aðra og lestri málsgagna,“ segir í dómnum.

Enn fremur segir í dómnum að framburður Friðriks um það sem máli skipti geti ekki talist stöðugur eða trúverðugur og að vafi um sekt hans sé „harla lítill“.

Meðal þess sem litið var til er að spor eftir dýr – líklega hund – hafi fundist í blóðblettum á gólfi íbúðarinnar. Blóðið hafi hins vegar storknað hratt og því hafi þau ekki getað myndast nema örfáum mínútum eftir morðið.

„Haldi ákærði með réttu fram sakleysi sínu hlýtur það að fela í sér að annar óþekktur einstaklingur, og þá helst með hund meðferðis, hafi verið að verki aðfaranótt þriðjudagsins 7. maí sl., er allt var með kyrrum kjörum í fjölbýlishúsinu á Egilsstöðum og nágrenni þess,“ segir í dómnum.

Við ákvörðun refsingarinnar er litið til þess að árásin hafi verið „ofsafengin og hrottaleg og jafnframt svo skyndileg að brotaþoli hafi litlum sem engum vörnum við komið“. Friðrik þykir ekki eiga sér neinar málsbætur.

Friðriki Brynjari er gert að greiða fjórar milljónir í málskostnað. Guðrún Sesselja Arnardóttir, verjandi hans, segir ekki búið að ákveða hvort niðurstöðunni verði áfrýjað til Hæstaréttar.

stigur@frettabladid.is

**92** stungusár voru á líkama Karls Jónssonar þegar hann fannst í blóði sínu á svölunum að Blómvangi 2.

Framlenging á Vífilsstaðavegi hugsanlega slegin af í Garðahrauni:

# Kemur til greina að hætta við

**SKIPULAGSMÁL** Til greina kemur að falla frá áformum um framlengingu á Vífilsstaðavegi í gegnum Garðahraun, að sögn Guðjóns Erlings Friðrikssonar, bæjarritara Garðabæjar. „Það er umræða um að það komi til greina að fella þá framlengingu úr skipulaginu,“ segir hann í samtali við Fréttablaðið. Vegurinn sem um ræðir sker Garðahraun/Gálgahraun í tvennt og nær frá austri til suðurs.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti í síðustu viku tillögu skipulagsnefndar um að ráða ráðgjafa til að vinna að endurskoðun aðalskipulags fyrir nýtt sameinað sveitarfélag. Ráðgert er að fimm til sex þúsund manna byggð rísi á Garðaholti, í Garðahverfi, á Hleinum við Hrafnistu og síðan Álftanesi. Þá verður þjónustukjarni á landi Selskarðs en þar var áður gert ráð fyrir íbúðabyggð samkvæmt upplýsingum frá Garðabæ, en fallið var frá því árið 2009. Mótmæli héldu áfram í gær vegna framkvæmda við veginn, en enginn var handtekinn, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

- vg



# MUNUM KOSNINGALOFORÐIN!




**33%**
**AFSLÁTTUR**
af öllum
barnafatnaði
24.-28. okt.

Barnafatnaður á Íslandi getur lækkað mikið í verði ef skattar og tollar hér væru sambærilegir og víða erlendis.



**Skorum á þingmenn að endurskoða skatta og tolla á barnafatnaði! Það er aukinn kaupmáttur!**

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

NEFNDIR OG STJÓRNIR Á VEGUM STJÓRNVALDA

# Nærri 3.500 sitja í nefndum ríkisins

Alls eru 565 nefndir starfandi á vegum ráðuneytanna eða stofnana þeirra. Í þeim eiga alls 3.455 einstaklingar sæti. Fjöldinn stappar nærri íbúafjölda Ísafjarðarbæjar og jafngildir því að einn af hverjum 60 landsmönnum á vinnualdri sitji í einhverri nefnd á vegum ríkisins.



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

Alls eiga 3.455 einstaklingar sæti í þeim 565 nefndum sem starfa í dag á vegum íslenskra stjórnvalda. Þetta kemur fram í svörum ráðuneytanna við fyrirspurn Spyr.is.

Fjöldi nefndarmanna jafngildir því að 1,6 prósent landsmanna á aldrinum 18 til 70 ára eigi sæti í nefndum ríkisins, um það bil einn af hverjum sextíu einstaklingum á vinnualdri. Gera má ráð fyrir því að talsverður fjöldi sitji í fleiri en einni nefnd, en sé miðað við fjölda nefndarmanna má líkja því við að nær allir íbúar Ísafjarðarbæjar sitji í einhverri nefnd á vegum ríkisins.

Fjöldi nefnda er afar mismunandi eftir ráðuneytum. Þannig eru 211 nefndir starfandi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en aðeins sex á vegum utanríkisráðuneytisins.

Í fyrirspurn Spyr.is var óskað eftir upplýsingum um hversu margir nefndarmenn væru launaðir, en alla jafna eru embættismenn sem sitja í nefnd ekki á launum fyrir nefndarsetu sem þeir sinna í vinnutíma sínum. Ráðuneytin svöruðu fæst þeirri spurningu og er Spyr.is að vinna í því að fá frekari upplýsingar.




MYNDARLEGUR
www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE AND BEYOND



*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM58759

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# DEBENHAMS

*gefum*
GJAFAKORT

DEBENHAMS
2.000,-
GJAFAKORT
GJAFAKORTIÐ GILDIR TIL 1. DESEMBER 2013

# FRÍTT

FYRIR HVERJAR 10.000,-
SEM VERSLAÐ ER FYRIR

GILDIR ÚT SUNNUDAG

**LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR**
**50-70%** AFSLÁTTUR

**Opið** 11 - 21 í dag
Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 16.10.13 - 22.10.13




1 Árleysi alda
Bjarki Karlsson




2 Vísindabók Vill
Vilhelm Anton Jónsson




3 Maður sem heitir Ove
Frederik Backman




4 Höndin
Henning Mankell




5 Litgreining og stíll
Heiðar Jónsson




6 Amma glæpon
David Walliams




7 Glæpurinn Ástarsaga
Árni Þórarinsson




8 Út að hlaupa
Elísabet M. / Karen K.




9 Ég skal gera þig svo hamingjusaman - Anne B. Ragde



10 Heilsubók Jóhönnu
Jóhanna Vilhjálmsdóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson


Nýr turn á Höfðatorgi gerir út um siglingamerki á Stýrimannaskólanum:

# Reisa þarf nýja vita í Reykjavík

**SIGLINGAMÁL** Áform um að reisa sextán hæða byggingu við Höfðatorg virðast verða til þess að sjófarendur hætti að styðjast við innsiglingarmerki á gamla Stýrimannaskólanum.

Nýi turninn er á deiliskipulagi frá 2007. Þegar er risinn nítján hæða turn á Höfðatorgi. Eftir ábendingu Faxaflóahafna árið 2009 var sjókortum breytt vegna þess að sá turn skyggði á vitann í Stýrimannaskólanum.

„Ef nú stendur til ný turnbygging á svipuðum stað er hætt við því að enn muni þrengja að innsiglingarmerkjum Gömlu hafnarinnar,“ segir í bréfi Faxaflóahafna til umhverfis- og skipulagssviðs sem boðaði hagsmunaaðila til samráðsfundar um málið.

Í minnisblaði af samráðsfundinum er haft eftir fulltrúa Faxaflóahafna að „til lengri framtíðar væri eina lausnin að byggja vita niður við ströndina“. Jafnframt kom fram að mögulegt sé að hafa vita á þaki hússins við Guðrúnartún 8. - gar



**STÝRIMANNASKÓLINN OG HÖFÐATORGSTURNINN** Núverandi turn við Höfðatorg skyggir á siglingamerki á Stýrimannaskólanum og nýr turn mun ekki bæta úr skák. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ekki grundvöllur fyrir tveimur læknaskólum

Þingmaður Framsóknarflokksins vill láta kanna hagkvæmni þessa að hefja kennslu í læknisfræði á Akureyri. Rektor HA segir ekki forsendur fyrir læknadeild fyrir norðan. Forseti læknadeildar HÍ segir Ísland ekki bera tvo læknaskóla.

**MENNTAMÁL** „Ég vil fá að vita hvort það er ekki hægt að byggja upp góða læknadeild fyrir norðan, það gæti styrkt Háskólann á Akureyri,“ segir Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins. Hún bætir við að það sé mikill læknaskortur í landinu og fjöldi stúdenta í læknanámi í útlöndum á námslánum frá íslenska ríkinu.

„Væri ekki betra ef þetta fólk lyki sínu grunnnámi á Íslandi, annaðhvort á Akureyri eða í Reykjavík, og færi út í sérnám að því loknu?“ segir hún enn fremur.

Sjúkrahúsið á Akureyri hefur tekið fjórða árs læknanema í starfsnám. Bjarni Jónasson, forstjóri FSA, segir að það yrði skoðað með jákvæðum huga að taka við fleiri læknanemum. „Hins vegar er margt sem þarf að skoða í þessu sambandi, til dæmis hvaða kröfur yrðu gerðar til sjúkrahússins og hverju þyrfti að breyta svo sjúkrahúsið gæti orðið fullgilt háskólasjúkrahús,“ segir Bjarni og bætir við að FSA sinni ekki jafnmörgum sérgreinum og Landspítalinn og það kunni að takmarka möguleika þess sem háskólasjúkrahúss.

Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri, segist ekki telja forsendur fyrir að koma á laggirnar læknadeild á Akureyri.

„Þetta er dýrt nám, það þyrfti aukið fjármagn til skólans. Aðstaðan á sjúkrahúsinu er ekki næg, auk þess sem það er ekki nægur fjöldi sérfræðinga starfandi á FSA svo það sé hægt að reka læknadeild við Háskólann á Akureyri,“ segir Stefán.

Í svipaðan streng tekur Magnús Karl Magnússon, forseti læknadeildar Háskóla Íslands.



**ILLA Í STAKK BÚINN** Rektor HA telur að ekki séu forsendur fyrir því að opna læknadeild við Háskólann á Akureyri. Forseti læknadeildar HÍ segir að læknaskortur á Íslandi sé vegna lélegra kjara lækna, ekki vegna þess hversu fáir séu útskrifaðir.

## Fyrirspurn Vigdísar

Vigdís Hauksdóttir bíður svara við fyrirspurn til heilbrigðisráðherra. Hún spurði hvort hagkvæmni þess hafi verið skoðuð að nýta Sjúkrahúsið á Akureyri til læknisfræðikennslu. Þá vill hún fá að vita hvort ráðherra telji að Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri geti uppfyllt kröfur um læknanám sem yrði sambærilegt því sem er í Háskóla Íslands og á Landspítalanum. Loks spyr Vigdís heilbrigðisráðherra hvort ekki sé rétt að fjölga læknanemum á hverju ári um helming, úr 48 í 96, í ljósi stöðu heilbrigðismála hér á landi.



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR



STEFÁN B. SIGURÐSSON



MAGNÚS KARL MAGNÚSSON

„Ég held að það sé óraunhæft að opna læknadeild við HA. Ísland er lítið land og það ber ekki tvo læknaskóla,“ segir hann.

Hvað varðar fjölgun læknanema segir Magnús að það sé ef til vill hægt fjölga þeim. Þegar fjöldi læknanema á hverju ári er ákvarðaður sé horft til þess hversu marga nema Landspítalinn geti menntað á sómasamlegan hátt.

Magnús segir að læknaskorturinn á Íslandi sé ekki til kominn vegna þess að svo fáir læknar útskrifist heldur vegna þess að þeim bjóðist betri kjör erlendis og því fáist þeir ekki til starfa hér á landi. johanna@frettabladid.is

Ellefu fyrirtæki og stofnanir með jafnlaunavottun VR og fimmtán í ferli:

# Mikil ásókn í jafnlaunavottun

**JAFNRÉTTI** Jafnlaunavottun VR fer afar vel af stað og hafa ellefu fyrirtæki og stofnanir þegar fengið slíka vottun. Fimmtán til viðbótar eru í vottunarferlinu og á fimmta tug hafa sótt um að fá vottunina, segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR.

„Þetta er gríðarlega góður árangur sem við höfum náð, en við viljum að sjálfsögðu halda áfram og erum að kynna þetta áfram fyrir fyrirtækjum og stofnunum,“ segir Ólafía. Fyrstu fyrirtækin fengu vottun í apríl síðastliðnum.

Öll fyrirtæki og stofnanir geta sótt um að fá jafnlaunavottunina, óháð því hvort einhverjir starfsmenn eru í VR. Standist þau úttekt, sem unnin er af alþjóðlega vottunarfyrirtækinu British Standard Institution, og staðfesti að greidd séu jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf, fá þau vottunina.

Gerður er þriggja ára samningur við vottunarfyrirtækið og sérfræðingar þess heimsækja svo viðkomandi fyrirtæki eða stofnun á sex til tólf mánaða fresti til að fylgjast með. Ólafía segir skýrt að fyrirtæki og stofnanir geti misst jafnlaunavottunina standist þau ekki reglulegar skoðanir vottunarfyrirtækisins.

„Ég held að atvinnulífið hafi verið að bíða eftir þessu stjórntæki til að vinna eftir,“ segir Ólafía. Hún segir að árangurinn muni vonandi koma í ljós í launakönnun VR eftir tvö ár. - bj



**JAFNRÉTTI** Árangurinn gæti komið í ljós eftir tvö ár, segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR.


TOPPBÍLAR
4x4 DAGAR
Fullt af flottum fjórhjóladrifnum bílum til að elta uppi ævintýri um allt land. Allt bílar á frábæru verði.
3.490.000 kr.
TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árg. 2006. Ekinn 208.000 km. dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. TILBOÐ 3.490.000 kr. Rnr.371249.
2.290.000 kr.
MMC Pajero DID 33". Árg. 2005. Ekinn 168.000 km. dísel, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. TILBOÐ 2.290.000 kr. Rnr.286108.
2.590.000 kr.
NISSAN X-trail. Árg. 2007. Ekinn 95.000 km. dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. TILBOÐ 2.590.000 kr. Rnr.371388.
2.490.000 kr.
MMC Pajero DID 33" dakar. Árg. 2005. Ekinn 160 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. TILBOÐ 2.490.000 kr. Rnr.335961.
1.490.000 kr.
BMW X5 3,0i. Árg. 2002. Ekinn 149.000 km. bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. TILBOÐ 1.490.000. kr. Rnr.371337.
4.390.000 kr.
HONDA Cr-v. Árg. 2011. Ekinn 36.000 km. bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. TILBOÐ 4.390.000 kr. Rnr.380152.
1.690.000 kr.
KIA Sorento EX 3,5 Árg. 2006. Ekinn 133.000 kr. bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. TILBOÐ 1.690.000 kr. Rnr.371349.
3.290.000 kr.
M.BENZ M ML500. Árg. 2006. Ekinn 120.000 km. bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. TILBOÐ 3.290.000 kr. Rnr.371331.
4.290.000 kr.
NISSAN Qashqai+2 se. Árg. 2012. Ekinn 36.000 km. bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. TILBOÐ 4.290.000 kr. Rnr.335781.
2.290.000 kr.
TOYOTA Sequoia ltd 4wd. Árg. 2006. Ekinn 114.000 km. bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. TILBOÐ 2.290.000 kr. Rnr.335667.
3.490.000 kr.
TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árg. 2005. Ekinn 168.000 km. dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. TILBOÐ 3.490.000 kr. Rnr.380274.
650.000 kr.
SUZUKI Grand vitara. Árg. 2004. Ekinn 159.000 km. bensín, 5 gírar. Verð 890.000. TILBOÐ 650.000 kr. Rnr.286107.
3.190.000 kr.
LEXUS Rx350 exe. Árg. 2007. Ekinn 123.000 km. bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. TILBOÐ 3.190.000 kr. Rnr.371242.
2.990.000 kr.
TOYOTA Land cruiser 120 lx 35". Árg. 2004. Ekinn 218.000 km. dísel, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. TILBOÐ 2.990.000 kr. Rnr.380223.
4.090.000 kr.
NISSAN Pathfinder. Árg. 2009. Ekinn 91.000 km. dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. TILBOÐ 4.090.000 kr. Rnr.132614.
4.190.000 kr.
TOYOTA Land Cruiser 120 vx. Árg. 2007. Ekinn 194.000 km. dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. TILBOÐ 4.190.000 kr. Rnr.371281.
ergo
Tobías Sveinbjörnsson Beinn sími: 587 2050
Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16
Agnar Þórisson Beinn sími: 587 2054
Hafsteinn Vilbergsson Beinn sími: 587 2051
TOPPBÍLAR Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur









**BEÐIÐ EFTIR MÖMMU Í PAKISTAN** Sannam Othman er sex ára og vinnur í múrsteinsverksmiðju í einu úthverfa Islamabad. Hún er þarna með hálfs annars árs gömlum bróður sínum, sem heitir Zardar, en þau eru þarna að loknum vinnudegi að bíða eftir mömmu sinni, sem einnig vinnur í sömu verksmiðju. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MYNTBREYTING Á KÚBU** Mynd af byltingarmanninum Ernesto „Che“ Guevara á hillum í matarverslun á Kúbu. Stjórnin þar ætlar að hætta að vera með tvöfaldan gjaldmiðil og sameina hann smám saman í eina mynt.


# Málstofa líftæknifyrirtækja

**25. október kl. 8.15 - 12.00**
**Grand Hótel Reykjavík - Hvammur**

**Á málstofunni er vakin athygli á fjölbreytileika líftæknifyrirtækja og tækifærum í greininni**

8.15 ***Skráning og morgunverður***

***Samtök líftæknifyrirtækja*** - Ágústa Guðmundsdóttir, formaður SÍL

***Snyrtivörur og heilsuvörur***
Bláa lónið heilsuvörur - Ása Brynjólfsdóttir
Marinox - Brynhildur Ingvarsdóttir
ORF Líftækni - Björn Örvar
SagaMedica - Perla Björk Egilsdóttir

***Skráðar lækningavörur og lyf***
Zymetech - Bjarki Stefánsson
Kerecis - Guðmundur F. Sigurjónsson

***Matvæli***
Norðurbragð - Bergur Benediktsson
Codland Grindavík - Erla Ósk Pétursdóttir

***Orkulíftækni***
Prokatín - Jakob Kristjánsson
Kerfislíffræðisetur - Sigurður Brynjólfsson

***Rannsóknarþjónusta og rannsóknartæki***
Arctic Las - Þóra Jóna Dagbjartsdóttir
Lífeind - biocule - Hans Guttormur Þormar
Chemobacter - Eyjólfur Reynisson
Íslensk lífefni - Arnþór Ævarsson
3Z - Karl Ægir Karlsson

***Rannsóknarfyrirtæki***
Genís - Jóhannes Gíslason

12.00 ***Fundarlok*** - Fundarstjóri er Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI

Fundurinn er opinn öllum áhugasömum

***Skráning á www.si.is***

SÍL SI

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*


## ÁSTAND HEIMSINS





**DREPINN Á VESTURBAKKANUM** Ísraelskir hermenn bera á milli sín lík af Palestínumanni, sem sakaður er um að hafa borið ábyrgð á sprengjuárás í Tel Avív árið 2012.

**FLÓÐ Í MEXÍKÓ** Kona í bæjarfélaginu Papa Gallo de Tierra Caolorada, nálægt borginni Acapulco, skoðar ástand heimilis síns sem eyðilagðist þegar fellibylurinn Manuel reið þar yfir nýlega og fór svo aftur undir flóð í gær, þegar fellibylurinn Raymond mætti til leiks.





**NORNAVAL Á ENGLANDI** Anna Dixon frá Glastonbury hreppti hnossið eftir prufur fyrir nornastarf á ferðamannastaðnum Wooky Hole Caves í Somerset.

SHISEIDO




## Blástu nýju lífi í húð þína

**Byggðu upp innri varnir húðarinnar svo hún verði slétt og laus við vandamál.**

UV geislar, þurrkur, mengun og álag – þessi hversdagslegu áreiti geta framkallað húðvandamál eins og opnar húðholur, bólur, þurrk og hrjúft yfirborð. Til að hindra þetta ferli þarf húðin að hafa gott viðnám.
Shiseido hefur þróað blöndu af plöntuþykkni* með Shape Memorizing Cell Technology TM. Þessi tækni gefur frumunni** hámarks raka svo hún verður bústin og heilbrigð. Þetta eykur viðnám í neðri lögum húðarinnar og gerir það að verkum að yfirhúðin verður stöðugt í jafnvægi, sterk, falleg og til í hvað sem.

Sannaður árangur
*á rannsóknarstofu, **yfirborðsfrumur, ***Prófað af 110 konum.
****Prófað af 104 konum.

# IBUKI

Refining Moisturizer NEW

## SHISEIDO VIKA Í HAGKAUP

í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ, Holtagörðum, Njarðvík og á Selfossi.

**20% AFSLÁTTUR AF VARALITUM OG AUGNSKUGGUM**



Glæsilegur kaupauki*
Þegar keyptar eru 2 shiseido vörur.

*gildir til 30. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Fjörugir fjórir

## dagar hjá Pennanum Eymundsson

**20% afsláttur**



### Allt á einum stað

Fjölhleðslustandur fyrir ýmis raftæki.
**Vildarverð kr 19.992**
**Verð áður kr 24.990**

**30% afsláttur**



### Blindrammar

Vildarklúbbsafsláttur af ástrekktum blindrömmum.

**25% afsláttur**




### Rafhlöður

Maxell AA eða AAA rafhlöður 24 stk. í plastboxi.
**Vildarverð kr. kr 1.499**
**Verð áður kr 1.999**

**20% afsláttur**



### Standur fyrir spjaldtölvuna

Borðstandur fyrir ýmis raftæki.
**Vildarverð kr 3.992**
**Verð áður kr 4.980**

**20% afsláttur**



### Eastpak bakpokar

Vildarklúbbsafsláttur af öllum Eastpak bakpokum og töskum.

**25% afsláttur**



### Hágæða Ljósritunarpappír

Fjölnotapappír fyrir ljósritunarvélar, prentara og fjölnotatæki. 500 blöð í pakka. Umhverfisvottun Evrópublómsins.
**Vildarverð kr 699**
**Verð áður kr 949**

Austurs
Skólavö
Kringlu
Álfabak




**Litgreining og stíll**
Verð kr. 3.499




**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta**
Verð áður kr. 2.999




Hér er safnað saman gríðarmiklum fróðleik um vatnamenningu og veiðiskap frá landnámi til okkar daga.

**Stangveiðar á Íslandi**
Vildartilboð kr. 22.999
Verð áður 27.999
**gildir til 27. október*




**Stígum fram**
Vildartilboð kr. 4199
Verð áður kr. 4.499




**Sá sem erfir vindinn**
Verð kr. 2.999




**Af jörðu - íslensk torfhús**
Verð kr. 13.399

# 15% afsláttur af blek og dufthylkjum.

Eigum mikið úrval af blek og dufthylkjum

KYOCERA DELL hp brother Canon EPSON

...stræti 18
...rðustíg 11
...nni
...ka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn Eymundsson Stofnað 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 24. október til og með 27.okt eða á meðan birgðir endast.

SJÁVARKLASINN Á ÍSLANDI: UMSVIF OG AFKOMA ÁRIÐ 2012

## MIKILVÆGUSTU VIÐSKIPTALÖND Í SJÁVARÚTVEGI 2012






### ➜ Bretland mikilvægasti markaðurinn

Bretland er mikilvægasta einstaka innflutningsland íslenskra sjávarafurða og Evrópa er mikilvægasta markaðssvæðið, en árið 2012 nam útflutningur til Evrópu 79% af heildarútflutningi sjávarafurða.

Útflutningur til nýmarkaðsríkja og annarra ríkja utan Evrópu hefur hins vegar vaxið hratt undanfarið, þá sérstaklega útflutningur til Rússlands.

Milli áranna 2011 og 2012 jókst útflutningur til Asíu um 7% og Afríku um 6,2%.

- Umfang sjávarklasans í hagkerfinu vex annað árið í röð, en framlag sjávarklasans til landsframleiðslu var 28,4% árið 2012, 27,7% árið 2011 og 25,6% árið 2010.
- Sjávarklasinn í heild stendur líklega undir um 25-35 þúsund störfum, eða 15-20% vinnuafls.
- Heildarvelta helstu fyrirtækja sem falla undir fullvinnslu og líftækni var 22 milljarðar árið 2012 og jókst um 17% frá árinu áður.

- Heildaraflaverðmæti upp úr sjó var 160 milljarðar króna árinu 2012. Aflaverðmæti hefur aukist myndarlega að raunvirði undanfarin ár.
- Útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða nam tæpum 269 milljörðum króna árið 2012 og hefur aldrei verið meira. Lágt raungengi krónunnar og hækkandi verð á mörkuðum leggjast hér á eitt, auk bættrar aflanýtingar og vaxandi getu íslenskra fyrirtækja til að bjóða verðmæta vöru árið um kring.
- Hlutdeild hefðbundins sjávarútvegs (veiða og vinnslu) í landsframleiðslu árið 2012 var 11,3% samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands en er áætluð 11% fyrir árið 2011.

# Sjávarklasinn malar þjóðinni gull

Vöxtur hliðargreina sjávarútvegsins hefur verið ævintýralegur á undanförnum árum. Hlutfallslegan vöxt sjávarklasans af vergri landsframleiðslu má meta í tugum milljarða. Velta í tækni fyrir vinnslu og veiðar, líftækni og fullvinnslu aukaafurða var 88 milljarðar króna 2012.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Vöxtur sjávarklasans, hefðbundins sjávarútvegs og framleiðslustarfsemi sem hann stendur undir, er gríðarmikill ár frá ári. Framleiðsluvirði sjávarklasans hefur aukist um 80 milljarða á tveimur árum.

Þetta sýnir óbirt skýrsla Íslenska sjávarklasans um efnahagsleg umsvif og afkomu greinarinnar fyrir árið 2012.

Haukur Már Gestsson, hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasanum, einn höfunda, segir aukninguna allrar athygli verða. „Aukningin er ekki aðeins komin til af eflingu í grunngreininni, sjávarútvegi, heldur líka að miklu leyti af vexti í hliðargreinum eins og sjávartækni og líftækni og fullvinnslu aukaafurða. Þessar greinar hafa vaxið að meðaltali um 10-15% undanfarin ár. Ef fram heldur sem horfir mun meirihluti af veltu sjávarklasans koma frá öðru en útflutningi sjávarafurða innan 15 ára,“ segir Haukur.

Þegar rýnt er í skýrsluna sést að sjávarklasinn stendur undir 28,4% landsframleiðslunnar (VLF) árið 2012. Hefur greinin vaxið úr 25,6% af VLF á aðeins tveimur árum.

**Hausar fyrir átta milljarða**

Þegar Haukur er spurður hvað hafi komið sérstaklega á óvart við vinnslu skýrslunnar segir hann vekja sérstaka athygli hvað fullvinnsla aukahráefna, sem áður var hent fyrir borð eða voru urðuð, færist mjög í vöxt. „Með aukahráefni á ég við hausa, bein, roð, lifur, afskurð, klær og fleira sem getur verið mjög verðmætt. Við vitum að þurrkaðir þorskhausar hafa verið til á Íslandi mjög lengi en síðasta áratuginn erum við einfaldlega að sjá sprengingu í þessari framleiðslu sem skilar nú um sex milljörðum króna árlega í útflutningstekjur. Og ef þú bætir við hausum af öðrum tegundum erum við að horfa upp á átta milljarða á síðasta ári. Og þetta er bara dæmi um eina afurð,“ segir Haukur.

**Magnið skiptir ekki öllu**

Annar af höfundum skýrslunnar, Bjarki Vigfússon hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasanum, segir aðspurður erfitt að segja til um hversu mikið sjávarklasinn á Íslandi getur vaxið.



HAUKUR MÁR GESTSSON



BJARKI VIGFÚSSON

„Það sem við þó vitum er að hinn hefðbundni sjávarútvegur, veiðarnar sjálfar, búa við takmarkanir frá náttúrunnar hendi, þ.e. við getum bara veitt visst magn á hverju ári til þess að ganga ekki á stofnana. Þess vegna er svo mikilvægt að nýta sem allra mest af því hráefni sem kemur á land og nýta það í sem allra verðmætasta framleiðslu. Þar kemur líftæknin og hátækniiðnaðurinn til sögunnar. Að nýta aukahráefni sem áður var hent til að framleiða heilsuvörur, lækningavörur eða snyrtivörur er raunverulegur möguleiki núna. Með hliðsjón af því eru vaxtartækifæri sjávarklasans gríðarleg og í raun engin leið að sjá fyrir í hvaða átt hann muni þróast, en það þarf að vinna fyrir þessu, gera rannsóknir og taka áhættu í fjárfestingum,“ segir Bjarki.

**Milljarðatugir**

Bjarki nefnir einnig tæknifyrirtæki sjávarklasans. „Þau eru mörg hver í heimsklassa á sínu sviði í þróun og framleiðslu tækja og tæknilausna og eru að sækja á erlenda markaði með sínar vörur. Augljósasta dæmið um þannig fyrirtæki á Íslandi er auðvitað Marel sem byrjaði fyrir 30 árum í framleiðslu fyrir íslenskan sjávarútveg en er núna orðið alþjóðlegt stórfyrirtæki.“

Til að setja það sem Haukur og Bjarki nefna í tölfræðilegt samhengi, þá var samanlögð velta í tækni fyrir vinnslu og veiðar, líftækni og fullvinnslu aukaafurða 88 milljarðar króna á árinu 2012. Þessar greinar hafa því vaxið um 13-17% á ári undanfarin ár. Ef sá vöxtur heldur áfram ná þessar greinar 300 milljarða króna veltu eftir áratug, sem er svipað og velta í hefðbundnum sjávarútvegi og vinnslu í dag.

**Mýtan**

Það er lífseig mýta að íslenskur sjávarútvegur geti ekki vaxið umfram það sem hann er í dag. Þá vitna menn til hefðbundinna veiða og vinnslu. Hlutdeild hefðbundins sjávarútvegs í landsframleiðslu síðasta árs var 11,3%, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands en er áætluð 11% fyrir árið 2011. Hlutdeild sjávarútvegs hefur því ekki verið hærri í rúman áratug, haldi þessar tölur. Hlutur veiðanna var 7,1% en vinnslu 4,2%. Skýrslan lýsir hins vegar öllum efnahagslegum umsvifum sjávarklasans á Íslandi.

**Vaxtarmöguleikar**

Haukur segir vaxtarmöguleika greinarinnar verulega. „Íslenskur sjávarútvegur er að vissu leyti hagkvæmur og vel rekinn, meðferð hráefnisins hefur batnað mikið á undanförnum áratugum, framleiðni er mjög góð í samanburði við sjávarútvegsgeirann í öðrum löndum, hráefnanýting virðist vera betri hér en hjá nágrannaþjóðunum sem stunda fiskveiðar,“ segir Haukur.

Hann bætir við að hins vegar megi sannarlega gera betur á öllum þessum sviðum, á Íslandi jafnt sem annars staðar, og þekking íslenskra vísindamanna og fyrirtækja gæti skipt sköpum við nútímavæðingu sjávarútvegsgreinarinnar erlendis. „Íslenskur sjávarútvegur er í raun eina atvinnugreinin sem stenst alþjóðlegan samanburð þegar kemur að framleiðni og við höfum því margt fram að færa,“ segir Haukur.

### ➜ Sjávarklasi – fyrir hvað stendur hugtakið?

Með hugtakinu sjávarklasi er átt við hinn hefðbundna sjávarútveg og alla þá framleiðslustarfsemi sem hann stendur undir beint og óbeint. Þar með talin er sú framleiðslustarfsemi sem telja má afsprengi sjávarútvegs í þeim skilningi að í upphafi þjónaði hún innlendum sjávarútvegi en hefur síðan þróast í að standa á eigin fótum og jafnvel hafið eigin útflutning.

Ýmiss konar rannsóknar- og nýsköpunarstarfsemi, fjöldi hátæknifyrirtækja, starfsemi nokkurra líftæknifyrirtækja, fiskeldi sem og flutninga- og hafnarstarfsemi af ýmsum toga falla því undir sjávarklasann hér á landi.

Heimild: Íslenski sjávarklasinn

### ➜ Flutningar, markaðir og fullvinnsla

- Rannsóknir Íslenska sjávarklasans sýna að u.þ.b. 20% af heildarveltu í flutningsþjónustu og miðlun megi rekja beint til viðskipta við sjávarútvegsfyrirtæki. Þá má rekja 7-8% af heildarveltu í samgöngum á landi, sjó og á vatnaleiðum til viðskipta við sjávarútveg. Um 40% af veltu í fraktflugi eru komin til vegna flutninga á sjávarafurðum. Af þessu má áætla að heildarvelta í flutningum og tengdri starfsemi með sjávarafurðir hafi verið í kringum 17 milljarða króna á árinu 2012.
- Nú eru starfrækt á fjórða tug fyrirtækja á Íslandi sem stunda sölu og markaðssetningu sjávarafurða og nokkur þeirra selja einnig fisk sem veiddur er utan lögsögu Íslands.

  Í hópi sölufyrirtækja með íslenskar sjávarafurðir eru tveir risar, Icelandic Group og Iceland Seafood International (ISI), en samanlögð velta þeirra á árinu 2012 var um 120 milljarðar króna. Icelandic Group hefur farið í gegnum mikla endurskipulagningu undanfarin ár sem nú sér fyrir endann á. Starfsmenn félagsins eru nú um 1.700 í níu löndum og heildarveltan um 90 milljarðar árlega. Söluverðmæti afurða ISI jókst um 12% milli ára, nam alls um 180 milljónum evra (29 milljörðum) árið 2012 og söluteymi fyrirtækisins hér á landi var styrkt á árinu.
- Að minnsta kosti 35 fyrirtæki starfa nú við fullvinnslu óhefðbundinna afurða af einhverju tagi á Íslandi, allt frá hausaþurrkun og lifrarniðursuðu til framleiðslu græðandi plástra og húðkrema. Samanlögð velta þessara fyrirtækja á árinu 2012 var 22 milljarðar króna og jókst um 17% frá fyrra ári. Aukaafurðir sem annars færu í súginn eru mikilvægur þáttur í framleiðslu og vöruþróun margra þessara fyrirtækja. Líftækni og líftæknirannsóknir gegna lykilhlutverki við að bæta og framsækna nýtingu aukaafurða og aðra hámarksnýtingu hráefnis.



SIEMENS
Bakstursofn
HB 23AB221S (hvítur)
Einnig fáanlegur í stáli.
Keramíkhelluborð
ET 651ME17E
Pakkatilboð
(ofn og helluborð):
189.900 kr. stgr.
Fullt verð: 259.800 kr.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## Vanmerktur óþolsvaldur í kjötvörum




Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um vanmerktar vörur á markaði. Vegna mistaka var nýr merkimiði settur á vörurnar án þess að geta þess að hveiti væri eitt af innihaldsefnunum. Á vef Matvælastofnunar segir að um sé að ræða Beikonbollur frá Sláturfélagi Suðurlands og Cordon Bleu frá Sláturfélagi Suðurlands. Vörurnar voru eingöngu seldar hjá Stórkaupum í Faxafeni í Reykjavík.

## Nagladekk eingöngu í áfengisleiðangur



Svíum er nú heimilt að aka á bifreiðum með nagladekkjum inn í Þýskaland en eingöngu 500 metra vegalengd er frá ferjunni til áfengisverslunarinnar í Puttgarden. Nagladekk hafa verið bönnuð í Þýskalandi frá 1975 en nú hefur reglunum verið breytt fyrir sænska ferðamenn sem koma til Puttgarden með ferjunni frá Rödby frá 1. nóvember til 31. mars. Vænta má hárra sekta aki menn á nagladekkjum á öðrum leiðum, að því er greint er frá í bílatímaritinu Vi bilägare.

## Löggilding voga í fiskbúðum í ólagi



Tæplega 43 prósent af þeim fjórtán fiskbúðum sem Neytendastofa heimsótti í september síðastliðnum voru ekki með löggiltar vogir. Fiskbúðirnar sem um ræðir voru Hafrún, Litla fiskbúðin, Hafið, Fiskbúðin Vegamót, Fylgifiskar og Fiskbúðin Höfðabakka, að því er kemur fram á vef Neytendastofu. Tekið er fram að verslanirnar verði að koma þessu í lag til að neytendur geti verið vissir um að þeir séu að greiða fyrir rétta vigt. Einnig kom fram að verðmerkingar voru í ólagi í 28 prósentum tilvika. Verðmerkingar voru ekki í lagi hjá Fylgifiskum, Fiskbúðinni Hafberg, Gallerý Fiski og Fiskbúðinni Höfðabakka.

# Kostnaður borinn saman með appi

Nú er hægt að fara með snjallsíma í verslunarleiðangur til að skoða stofn- og rekstrarkostnað á ljóstíma pera. Appið fæst endurgjaldslaust hjá Orkusetri. Ljósmagn ljósapera er nú gefið upp í lúmenum. Auðveldlega er hægt að bera saman birtumagn mismunandi pera.

Reiknivél sem á að aðstoða neytendur við að átta sig á hvað ljóstíminn kostar fyrir mismunandi perur fæst nú endurgjaldslaust í appi hjá Orkusetri. Það er þess vegna hægt að fara með snjallsíma í verslunarleiðangurinn og kanna kostnaðinn.

Byrjað er á því að velja hvaða vattastyrk á bera saman, svo er kaupverðið slegið inn og að lokum uppgefinn líftími á perunni. Þá fæst stofn- og rekstrarkostnaður á ljóstíma.

Á vefsíðu Jóhanns Ólafssonar ehf, olafsson.is, umboðs Osram-ljósapera, er reiknivél sem byggð er á útreikningum Orkuseturs. Fréttablaðið fékk uppgefið verð hjá Byko í Kópavogi í gær á þremur tegundum Osram-pera, Halogen Eco dimmanlegri peru, flúor sparperu og LED-peru. Stofn- og rekstrarkostnaður sparperunnar og LED-perunnar á ljóstíma er svipaður en kostnaður Halogen Eco-perunnar á ljóstíma er rúmlega tvöfaldur miðað við hinar perurnar.

Fram kemur á vefsíðu umboðsins að ljósmagn LED-pera og sparpera minnki meira á endingartíma þeirra en ljósmagn tiltölulega stöðugra glópera og halógenpera. Þess vegna kveði löggjöf á um að fyrrnefndu perurnar verði að hafa meira ljósmagn í upphafi til að geta talist samsvarandi valkostur. Jafnframt er bent á að ólíkar perugerðir þurfi mjög mismunandi mikið rafmagn til að gefa sama ljósmagn. Því sé réttara að gefa til kynna ljósmagn í lúmenum, lm. Einingin sé skilgreind sem allt það ljós sem ljósgjafi gefi í allar áttir. Þannig megi auðveldlega bera saman birtumagn mismunandi pera.

„Það sem skiptir máli þegar pera er valin er að skoða ljósmagnið. 60W glópera var til dæmis 710 lúmen," segir Aðalsteinn Richter, sölumaður á fyrirtækjasviði hjá Jóhanni Ólafssyni.

Það hversu „hlýtt" eða „kalt" ljós er veltur á litahitastiginu og er mælt í Kelvin-gráðum. Hlýr hvítur litur venjulegrar ljósaperu svarar til 2.700 Kelvin-gráða. Kaldari litir eru yfir þessu hitastigi.

ibs@frettabladid.is



### ➜ Kostnaður borinn saman í ljóstímavél

| GERÐ | GLÓPERA | HALOGEN ECO | SPARPERA/FLÚOR | LED PERA |
|---|---|---|---|---|
| Heiti peru | | Halogen Eco 46W | Dulux Value 15W 827 | Led superstar classic A60 advanced 10W |
| Wött | 60W (710 lm*) | 46W (700 lm*) | 14W (840 lm*) | 12W (820 lm*) |
| Einingarverð | | 360 kr | 850 kr. | 3.990 kr. |
| Ending | 1.000 klst. | 2.000 klst. | 6.000 klst. | 20.000 klst. |
| **Stofn- og rekstrarkostnaður á ljóstíma** | | **0,77 kr/klst.** | **0,32 kr/klst.** | **0,35kr/klst.** |

*lm: lúmen




**„Það sem skiptir máli þegar pera er valin er að skoða ljósmagnið. 60W glópera var til dæmis 710 lm.**

*Aðalsteinn Richter, sölumaður hjá Jóhanni Ólafssyni & Co.*

➜ Það hversu „hlýtt" eða „kalt" ljós er veltur á litahitastiginu og er mælt í Kelvin-gráðum.


www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstureiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy* kostar aðeins frá

3.090.000 kr.

(2.462.151 kr. án vsk)

Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Kostnaður í Keflavík of hár fyrir Ryanair




Lággjaldaflugfélagið Ryanair hefur athugað flug til Keflavíkur og Akureyrar, að því er haft er eftir Elínu Árnadóttur, aðstoðarforstjóra Isavia, á vefnum turisti.is. Þar bendir Elín á að Ryanair sé vant því að fá mikinn stuðning frá flugvöllum og ferðamálayfirvöldum en hvorki Isavia né íslensk ferðamálayfirvöld hafi getað boðið slíkt. Erfitt aðflug á Akureyrarflugvelli hafi hins vegar orðið til þess að sá kostur var ekki talinn álitlegur.

Greint er frá því á vefnum að Ryanair sé eitt stærsta flugfélag Evrópu og flytji árlega um 80 milljónir farþega. Í flota flugfélagsins séu rúmlega 300 Boeing-flugvélar.

**NEYTANDINN** Bjarki Karlsson

# Bestu kaupin voru flugmiði til Færeyja



„Bestu kaup sem ég hef á ævi minni gert voru þegar ég fjárfesti í flugmiða til Færeyja í júní árið 2004. Ég hafði séð auglýst námskeið í færeysku og sótti um að komast á það og fékk. Þar var annar þátttakandi frá Íslandi á námskeiðinu og með okkur tókust ástir. Ég kynntist sem sagt konunni minni í Færeyjum og við hófum búskap stuttu eftir að við komum aftur til Íslands. Þetta eru náttúrlega langbestu kaup sem ég hef gert,“ segir Bjarki Karlsson, ljóðskáld og metsöluhöfundur.

„Verstu kaup sem ég hef gert voru að fjárfesta í séreignasparnaði í Landsbankanum. Sparnaðurinn minn hvarf að hálfu í hruninu og ég á von á að ef ég fæ eitthvað greitt af því sem eftir stendur verði það dregið frá greiðslum sem ég fæ frá lífeyrissjóðnum mínum. Það er allt tekjutengt þegar maður verður gamall,“ segir Bjarki.



**LYF** Nú þarf hvorki að bíða eftir útgáfu skírteinis né greiða kostnað vegna umsóknar læknis.

Umsókn læknis nú óþörf:

# Lyfjagreiðslukerfið einfaldað

Frá og með 1. desember öðlast einstaklingar sjálfkrafa rétt til fullrar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði þegar þeir hafa náð þakinu sem skilgreinir hámarkskostnað einstaklings. Umsókn læknis sem nú er krafist verður þar með óþörf.

Í lyfjagreiðslukerfinu sem tók gildi 4. maí síðastliðinn greiðir hver einstaklingur hlutfallslega minna eftir því sem lyfjakostnaður hans eykst innan 12 mánaða tímabils. Í fyrsta þrepi greiðir einstaklingurinn lyf að fullu, í öðru þrepi greiðir hann fimmtán prósent af verði lyfja og í þriðja þrepi greiðir hann 7,5 prósent.

Á vef velferðarráðuneytisins segir að krafan um að læknir sæki sérstaklega um fulla greiðsluþátttöku til sjúkratrygginga hafi verið gagnrýnd frá upphafi og bent hafi verið á að nýta bæri kosti rafræna kerfisins að fullu þannig að þetta gerðist sjálfkrafa.

Tekið er fram að við þetta sparist vinna lækna við gerð umsókna auk þess sem einstaklingar þurfi hvorki að bíða eftir útgáfu skírteinis né greiða fyrir kostnað vegna umsóknar læknis.

- ibs

Þjónusta við neytendur:

# Veita ókeypis lögfræðiaðstoð

**Lögmannavaktin er rekin af Lögmannafélagi Íslands. Þar er hægt að fá ókeypis lögfræðiaðstoð og ráð á þriðjudagseftirmiðdögum.**

**Íbúar á höfuðborgarsvæðinu hringja og panta tíma en hringt er í íbúa landsbyggðarinnar.**

**Síðdegis á miðvikudögum býður Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík, upp á endurgjaldslausa lögfræðilega ráðgjöf.**

**Orator, félag laganema við Háskóla Íslands veitir ókeypis lögfræðiaðstoð á fimmtudagseftirmiðdögum.**

- jme



Hagnaður jókst um 28% á milli ára á þriðja ársfjórðungi:

## Össur hagnast um 1,6 milljarða

Hagnaður stoðtækjaframleiðandans Össurar nam þrettán milljónum Bandaríkjadala, eða um 1,6 milljörðum íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi. Þetta kom fram í tilkynningu sem félagið sendi frá sér í gær.

Hagnaðurinn jókst um 28 prósentustig milli ára því hagnaður þriðja ársfjórðungs 2012 var tíu milljónir dala, eða 1,2 milljarðar íslenskra króna.

Sala fyrirtækisins á ársfjórðungnum nam 105 milljónum dala, eða 12,7 milljörðum íslenskra króna. -hg



**JÁKVÆÐ MERKI** Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sagði í tilkynningu að niðurstöður fjórðungsins sýndu góðan árangur og sterkt sjóðstreymi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lífeyrissjóðirnir stærsti eigendahópurinn á íslenskum hlutabréfamarkaði:

## Eiga þriðjung allra hlutabréfa

Íslenskir lífeyrissjóðir eru stærsti einstaki eigendahópurinn á hlutabréfamarkaðnum hér á landi. Þeir eiga að minnsta kosti 30,3 prósent af heildarvirði markaðarins, að því er fram kom í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka í gær.

„Eignarhlutur lífeyrissjóðanna hefur einnig aukist mest frá ársbyrjun eða um 4,4 prósentustig,“ segir í Morgunkorninu.

Þar segir einnig að erlendir aðilar séu næst stærsti eigendahópurinn með 18,4 prósenta hlut af heildarvirði markaðarins. Sú staðreynd skýrist að stærstum hluta af eignarhaldi þeirra í íslensku félögunum Össuri, Marel og Eimskipum. Félögin eru öll hlutfallslega stór miðað við heildarvirði íslenska hlutabréfamarkaðarins.

„Ef hækkun markaðsvirðis einstakra eigendahópa er skoðuð frá ársbyrjun þá hefur virði eignarhalds innlendra sjóða hækkað mest en eign þeirra hefur aukist um 76,5 prósent að markaðsvirði,“ segir í Morgunkorninu. -hg



**KAUPHÖLLIN** Útlendingar eiga næstflest hlutabréf í Kauphöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Hafa ekki lært neina lexíu af kreppunni

Sænski hagfræðingurinn Axel Leijonhufvud er staddur hér á landi þar sem hann heldur meðal annars fyrirlestur í Þjóðminjasafninu í dag. Hann segir ríkjandi kenningar hagvísindanna hafa reynst ófærar um að hjálpa til í efnahagskreppu.

Sænski hagfræðingurinn Axel Leijonhufvud er staddur hér á landi þar sem hann heldur meðal annars erindi í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í hádeginu í dag. Fyrirlesturinn er í boði Samtaka fjárfesta og Hagfræðideildar HÍ.

Leijonhufvud er prófessor emeritus við UCLA og háskólann í Trento á Ítalíu og hefur allt frá því á sjöunda áratugnum skrifað um margvísleg málefni, meðal annars hvernig oftrú á getu markaða til að leiðrétta sveiflur getur leitt til mistaka í hagstjórn.

Yfirskrift fyrirlestursins í dag er „Efnahagskreppan og kreppa hagvísinda“.

„Þú veist nú sennilega hvað átt er við með efnahagskreppunni, en kreppan sem hagvísindin eru í er annað mál. Þegar kreppan reið yfir voru þær kenningar sem ríktu í hagfræði ansi erfið módel sem tóku fjármálamarkaði alls ekki með í reikninginn. Þau íhuguðu ekki óstöðugleikann sem var falinn í þeim. Þau voru algjörlega ófær um að eiga við kreppuna, skilja hana eða hjálpa á nokkurn hátt.“

Leijonhufvud segir að hagvísindin hafi verið í stöðugri þróun þar sem ríkjandi kenningar skiptust á.

„En eftir að kreppan skall á komumst við að því að þessi þróun hafði teymt okkur til Hvergilands.“

Spurður hvort hagfræðingar hafi verið ófærir um að spá fyrir um það sem verða vildi í aðdraganda kreppunnar segist Leijonhufvud ekki vera mikið fyrir vangaveltur og spár sem slíkar.

„Mér finnst vafasamt að leggja of mikið upp úr slíku, en punkturinn er að við gátum ekki séð að allur fjármálastrúktúrinn var að vaxa og líkurnar á alvarlegum óstöðugleika voru að aukast.“

Regluverki var létt af fjármálamörkuðum á níunda áratugnum en Leijonhufvud segir að vandamálið hafi meðal annars falist í því að eftirlitskerfið, sem hafði verið við lýði frá fjórða áratugnum, laut að fjármálamarkaði síns tíma og reiknaði ekki með margs konar nýjungum sem höfðu komið fram, til dæmis afleiðum.

„Gömlu reglurnar áttu að verja okkur gegn áhlaupi á banka, en það var mjög lítið um slíkt í þetta skiptið.“

En hafa menn lært sína lexíu af því sem gengið hefur á síðustu fimm árin eftir að kreppan skall á?

„Nei. Ég held ekki. Ég held að fólk gangist ef til vill við því að hafa haft rangt fyrir sér um ákveðna hluti og þeim þurfi mögulega að kippa í lag, en vandinn er mun djúpstæðari en svo. Við þurfum að horfa á málið í stærra samhengi.“

Leijonhufvud hélt líka fyrirlestur hjá Seðlabanka Íslands í gær þar sem hann fjallaði um seðlabanka, óstöðugleika og tekjudreifingu.

„Flestir hagfræðingar sem aðhyllast peningastefnu hafa verið þjálfaðir til að líta framhjá tekjudreifingu. Þeir líta svo á að ef verðbólga verður, þá muni skuldarar hagnast, og þegar verðhjöðnun verður þá muni lánardrottnar njóta góðs af. Frá kreppu hefur misskipting tekna hins vegar aukist mikið. Ein af ástæðum þess er hvernig kerfið hefur verið rekið í Bandaríkjunum síðustu ár þar sem fjárstreymi hefur verið beint að bankageiranum, sérstaklega Wall Street, á meðan tekjur almennra borgara hafa staðið í stað. Það hefur ekki verið mikið fjallað um það, en mér finnst þetta vera stórmál.“

Leijonhufvud segir að þegar kreppan skall á hafi bandaríska ríkið dælt fjármunum inn í kerfið, í formi neyðarlána til að bjarga fyrirtækjum.

„Það var rétt að gera því að það bjargaði miklu, en í framhaldinu bauðst bönkum að taka lán á svo gott sem engum vöxtum. Þar sem þeim hugnaðist ekki að lána fyrirtækjum pening fjárfestu þeir í ríkisskuldabréfum sem voru fyrst með um fimm prósent vexti en sigu síðar niður fyrir þrjú prósent. Svo notuðu þeir afraksturinn til þess að greiða neyðarlánin til baka og ríkisstjórnin hrósar sjálfri sér fyrir að hafa gert rétt. Reikningar bankanna segja hins vegar aðra sögu og nú eiga þeir gríðarlegar fjárhæðir sem skattgreiðendur skulda þeim. Þetta er eins og leikurinn með skeljarnar og baunina þar sem peningar ríkisins eru færðir til.“

thorgils@frettabladid.is



**GAGNRÝNINN** Axel Leijonhufvud vakti fyrst athygli með skrifum sínum á sjöunda áratugnum. Hann deilir á ríkjandi kenningar í hagvísindum sem hafi ekki tekist að eiga við efnahagskreppuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### ➜ Krónan hjálpaði úr því sem komið var

*Hér á Íslandi hefur mikið verið rætt um hvort krónan hafi verið bjargvættur eða bölvun. Hvernig lítur þetta út fyrir þér?*

„Ef þið hefðuð verið með evru áður en kreppan skall á hefðuð þið aldrei lent í svona nokkru þar sem Seðlabanki Evrópu í Frankfurt hefði tekið í taumana áður en bankakerfið ykkar blés út eins og raun bar vitni. Hins vegar lentuð þið sannarlega í þessum hremmingum og í því tilfelli þjónaði það ykkar hagsmunum að geta fellt gengi krónunnar.“

*Ávallt velkomin í BT!*

# Hafa skal það sem betur hljómar

*Gott úrval af raftækjum á góðu verði*




**Pioneer** HLJÓMTÆKI — X-HM11-K

## Hljómtækjastæða

FM útvarp · 40 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW, USB, RCA · Heyrnartól 2x15W hátalarar · 4 Ohm

LISTAVERÐ: 34.900 — TILBOÐSVERÐ: **26.900**

**Pioneer** HLJÓMTÆKI — XW-BTS1

## Blutooth hátalarar

Bluetooth™

Blutooth hátalari · 10W, aux in tengi. Einfaldur í notkun · Til bæði hvítir og svartir

LISTAVERÐ: 22.500 — TILBOÐSVERÐ: **16.900**

**Pioneer** HLJÓMTÆKI — DCS-222K

## Heimabíókerfi

5.1 rása heimabíókerfi með DVD spilara og FM útvarpi · 300W magnari · HDMI tenging · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX, styður 1080p (HD upscaling)

LISTAVERÐ: 49.900 — TILBOÐSVERÐ: **39.900**

**Pioneer** HLJÓMTÆKI — DEH-150

## *Frábært bíltæki!*

4X50 W MOSFET magnari · Útvarp með 24 stöðva minni · Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW · AUX tengi á framhlið · Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri (tengi fylgir ekki) / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.

LISTAVERÐ: 19.900 — TILBOÐSVERÐ: **15.900**

**SHARP** SHLC39LE751E

## 39"-3D-LED sjónvarp

Full HD (1920x1080) · LED baklýsing · 200 Hz · DLNA, Netvafri, Timeshift o.m.fl

LISTAVERÐ: 189.900 — TILBOÐSVERÐ: **169.900**

**SHARP** XLBD601PH

## BluRay-3D Heimabíóstæða

Blu Ray, DVD og CD spilari · 2x50W · iPod vagga AM/FM útvarp

LISTAVERÐ: 99.900 — TILBOÐSVERÐ: **64.900**

## 32" LED sjónvarp

Haier — FULL HD 1080p — G610CF

1920x1080–FULL HD · 4.000.000:1 Dynamic Contrast · 100Hz endurnýjunartíðni · DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar · 2xHDMI, SCART, USB

VERÐ: **79.900**

## 39" LED sjónvarp

Haier — FULL HD 1080p — C800HF

1920x1080–FULL HD · 4.000.000:1 Dynamic Contrast · 200Hz endurnýjunartíðni · DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar · 2xHDMI, SCART, VGA · USB afspilun

VERÐ: **99.900**

## 42" LED sjónvarp

6 stk. 3D gleraugu fylgja

Haier — FULL HD 1080p — LET42A700P

**Ótrúlega flott tæki. Eitt með öllu. Komdu og sjáðu –Sjón er sögu ríkari!**

LISTAVERÐ: 159.900 — TILBOÐSVERÐ: **139.900**

**OLYMPUS** VG-180

14 milljón pixlar · WIDE 5x aðráttarlinsa (26-130mm) Stór 3,0" LCD skjár · Sérstök vörn á skjá · AF Tracking ISO 80-1600 · Ljósop 2.8–6.5 · Allt að 14 myndastillingar Hristivörn · Vídeoupptaka í HD 720p m. hljóði

LISTAVERÐ: 19.900 — TILBOÐSVERÐ: **15.900**

**Nintendo®** SPENNA · SNERPA · SNILLD

NINTENDO 3DS

LISTAVERÐ: 39.999 — TILBOÐSVERÐ: **34.999**

**Pioneer** HLJÓMTÆKI

## Heyrnartól

**Skullcandy**

Magnað úrval

**20% afsláttur**

# FLOTT ÚRVAL AF TÖLVULEIKJUM OG TÓNLIST




PS3 — BEYOND TWO SOULS — PS3 — FIFA 14 — PS3 — grand theft auto V — JEPPI Á FJALLI — MEGAS OG BRAGI VALDIMAR — HLJÓMAR — Helgi syngur Hauk ásamt THE CAPITAL DANCE ORCHESTRA frá Berlín

spilað & skilað

## Búinn með leikinn?

Við kaupum hann af þér. Komdu og gerðu góð kaup í spilum og leikjum!

Allt það nýjasta og skemmtilegasta á góðu verði ..!

**ORMSSON** **BT**

**OPIÐ ALLA DAGA TIL KL.18:00**

- virka daga frá 10:00-18:00
- á laugardögum frá 11:00–18:00
- á sunnudögum frá 13:00–18:00

SKEIFUNNI 11 • SÍMAR: 530·2800 / 550·4444 • ormsson.is & bt.is

Feðrum í fæðingarorlofi fækkar eftir hrun:

# Leiðin til að rjúfa vítahringinn

Færri feður taka sér nú fæðingarorlof með börnum sínum en á árunum fyrir hrun. Fréttablaðið sagði í gær frá fyrstu handföstu tölunum um áhrifin af verulegri lækkun fæðingarorlofsgreiðslnanna árið 2009.

Afleiðingarnar komu ekki strax í ljós, því að um leið og greiðslurnar voru skornar niður var tímabilið sem foreldrar hafa til að taka orlofið lengt úr átján mánuðum í þrjú ár.

Nú sjáum við því í fyrsta sinn hverju skerðingin breytti varðandi feður barna sem fæddust árið 2009. Samtals tóku 77% þeirra sér fæðingarorlof, en tæplega 84% feðra barna sem fæddust árið áður. Áhrifin á feður barna sem hafa fæðzt síðar eru ekki að fullu komin fram, en af feðrum barna sem fæddust á síðasta ári hafa til dæmis aðeins tæplega 67% tekið orlof. Þá hefur þeim feðrum fækkað verulega sem taka meira orlof en mánuðina þrjá sem feður eiga sjálfstæðan rétt til. Það þýðir væntanlega líka að mæðurnar taka meira af sameiginlegum rétti foreldra og eru lengur frá vinnu.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Þróunin þarf ekki að koma á óvart; þakið á greiðslum í fæðingarorlofi var eftir hrun lækkað úr 535 þúsund krónum í 300 þúsund. Vegna þess að launamunur kynjanna er ennþá staðreynd og feður eru oftast með hærri laun en mæður, hlaut skerðingin að þýða að færri feður treystu sér í tekjumissinn sem því fylgir að fara í fæðingarorlof.

Þessi breyting vinnur augljóslega gegn einu af markmiðum breytinganna á fæðingarorlofinu sem gerðar voru um aldamótin; að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum og rjúfa vítahringinn sem kynbundinn launamunur er hluti af.

Launamunurinn er ekki sízt tilkominn vegna þess að vinnuveitendur líta enn svo á að konur séu óáreiðanlegri starfskraftur en karlar af því að þær eru lengur frá störfum vegna barneigna og bera meiri ábyrgð á börnum og heimili. Þegar feður áttu engan sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og orlofsgreiðslurnar voru lágar var það að mörgu leyti rökrétt ákvörðun að mæður tækju sér frekar orlof með börnunum; þannig missti heimilið minni tekjur. Og þá var forsendum launamunarins um leið viðhaldið.

Með því að feðurnir fengu hvata til að taka sér orlof með litlum börnum hverfa þeir af vinnumarkaði um skeið og verða um leið líklegri til að sinna börnunum meira þegar fram líða stundir. Þar með verða þeir álíka „óáreiðanlegir“ í vinnu og mæðurnar.

Með því að feðrum sem taka sér fæðingarorlof fækkar, minnka hins vegar líkurnar á að það takist að rjúfa vítahringinn. Þess vegna er það rétt stefna hjá Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra, sem hún lýsti nýlega, að byrja á því að hækka á ný greiðslurnar til foreldra í fæðingarorlofi ef ríkisfjármálin leyfa, frekar en að lengja orlofið eins og fyrri ríkisstjórn hafði áform um. Það er áhrifaríkari leið til að rjúfa vítahring launamunar og hefðbundinna kynhlutverka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Iceland's Finest

Fiskisúpa

Humarsúpa

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fáanlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.



FRYSTIVARA

FÆST Í NÆSTU VERSLUN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skipulagsleysi?

VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, hélt morgunverðarfund í Hörpu í gær þar sem gjaldeyrisstefna stjórnvalda var til umræðu. Dag- og tímasetning fundarins var ákveðin með tilliti til þess hvenær Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra gæti sótt fundinn. Þetta hefur nú legið fyrir í mánuð. Fyrr í vikunni afboðaði forsætisráðherrann sig hins vegar af fundinum – hann þurfti að fara austur á land að hitta flokksfélaga sína í kjördæmaviku. Þetta kom fólki í opna skjöldu – einhvers staðar hlyti skipulagningu hjá Sigmundi og hans fólki að vera ábótavant.



### Himinhrópandi fjarvistir

Um fátt var meira talað á fundinum í gærmorgun en fjarveru forsætisráðherrans – sem lýst var sem „himinhrópandi“. Og sumir rifjuðu upp að þetta væri raunar ekki í fyrsta sinn sem hann afboðaði sig af svona fundum með skömmum fyrirvara á þeim stutta tíma sem hann hefur setið í embætti. Það hafi líka gerst á fundi Vísinda- og tækniráðs og fundi Samtaka iðnaðarins um stöðu þekkingar- og hugverkaiðnaðarins.

### Bingó

Áætlun stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta heitir Bingó. Það er áhugavert nafn á áætlun. Bingó er leikur sem gengur út á að bíða upp á von og óvon eftir því að tölur séu hristar út úr hrærivél og ef maður er mjög heppinn gefst manni tækifæri til að öskra „bingó“ á undan öðrum sem hugsanlega hafa dottið í sama lukkupott. Oftar en ekki tapar maður fyrir keppinautunum. Menn geta svo leikið sér að því að reyna að heimfæra þessa lýsingu upp á viðræður við kröfuhafa föllnu bankanna. En kannski er óþarfi að reyna að lesa of mikið í svona nafngiftir.

**stigur@frettabladid.is**




## HALLDÓR




# Þekking til framfara

JAFNRÉTTI



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
forsætisráðherra

Kvennafrídagurinn 24. október er merkilegur dagur í sögu íslenskrar kvennahreyfingar því segja má að þann dag árið 1975 hafi hún á ný risið upp sem hin öfluga, fjölmenna samstöðuhreyfing sem hefur mótað samfélag okkar æ síðan. Framlag hennar er mikilvægt fyrir þróun jafnréttisbaráttunnar, en ekki síður fyrir þróun stjórnmálanna og lýðræðisins.

Frá upphafi hefur áherslan verið á réttindi kvenna á vinnumarkaði, launajafnrétti og aðgengi að menntun, störfum og valdastöðum innan atvinnulífs og stjórnmála. Þess vegna er 24. október hátíðar- og baráttudagur og mikilsvert tilefni til að minna okkur öll á ríkulegt framlag kvenna til lífsgæða, mannréttinda og auðlegðar Íslands.

Í tilefni af 30 ára afmæli kvennafrídagsins á sínum tíma og í þakkarskyni við framlag jafnréttishreyfingarinnar til þróunar samfélagsins var stofnað til Jafnréttissjóðs til að styrkja nýsköpun þekkingar á sviði jafnréttis- og kynjafræða með sérstakri áherslu á stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Í því fólst viðurkenning á nauðsyn þess að efla rannsóknir á hlutskipti kvenna og karla og að skjóta sterkari stoðum þekkingar undir starf að jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi, bæði á vegum stjórnsýslunnar sem annarra. Sérstaklega skyldi styðja ungar fræðikonur við uppbyggingu á fræðimannsferli sínum. Að auki höfðu sterkar líkur verið leiddar að því að konur sem umsækjendur eða rannsóknarverkefni á sviði jafnréttis kynja gætu borið skarðan hlut frá borði við samkeppni um fé í rannsóknarsamfélaginu í heild.

Jafnréttissjóður hefur nú styrkt hátt á þriðja tug rannsóknarverkefna. Í dag er úthlutað styrkjum til fimm ólíkra rannsókna sem öll munu nýtast í jafnréttisstarfinu. Rannsóknirnar snúa að launajafnrétti kynjanna, viðhorfum unglinga til verkaskiptingar kynja, ólíkum áhrifum atvinnuleysis á sálræna líðan karla og kvenna auk þess sem sjónum verður beint að orðræðu samfélagsins sem tengist móðurhlutverkinu. Loks ber að nefna rannsóknarverkefni þar sem kastljósinu verður beint að fjarveru kvenna á sýningum íslenskra menningarminjasafna. Með þessu leggur Jafnréttissjóður sitt lóð á vogarskálarnar til eflingar þekkingar sem nýtist jafnréttisbaráttunni og samfélaginu öllu.

Til hamingju með daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fjöldauppsagnir ríkisins á ungum vísindamönnum

VÍSINDI
Erna Magnúsdóttir
Guðrún Valdimarsdóttir
Margrét Helga Ögmundsdóttir
Ólafur Andri Stefánsson
Pétur Henry Petersen
Sigríður Klara Böðvarsdóttir
Sigríður Rut Franzdóttir
Stefán Sigurðsson
vísindamenn við Læknadeild Háskóla Íslands

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er stefnt að um 30-40% niðurskurði á nýjum framlögum til Rannsóknasjóðs Rannís verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir íslenskt samfélag og þá sérstaklega fyrir unga vísindamenn, en sjóðurinn stendur að miklu leyti undir launakostnaði þeirra.

Um 80% af því fjármagni sem veitt er úr Rannsóknasjóði árlega, fer í laun til ungra vísindamanna sem eru í framhaldsnámi við íslenska háskóla, eru nýdoktorar eða jafnvel með enn meiri reynslu en gegna tímabundnum störfum. Atvinnuöryggi ungra vísindamanna er nánast ekkert og reiða þeir sig mjög á styrki frá Rannís til fjármögnunar launa sinna. Þessi niðurskurður sem nú er efnt til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 jafngildir því að um 30-40 ungum vísindamönnum verði sagt upp störfum með áframhaldandi uppsögnum næstu tvö árin.

Afleiðingar þessa eru óumdeilanlegar. Íslenskt samfélag hefur tjaldað miklu til við þjálfun ungs íslensks vísindafólks sem nú mun ekki lengur eiga kost á að stunda nýsköpun sem leiðir til þjóðhagslegs ávinnings þegar til lengri tíma er litið. Vísindafólkið okkar mun snúa sér að öðru og að öllum líkindum hverfa til annarra landa þar sem því standa til boða störf og nám við hæfi. Mannauðsfjárfesting í menntun mun því ekki skila sér til baka til samfélagsins þegar grunnstoðir nýsköpunar eru brostnar með harkalegum niðurskurði til samkeppnissjóða Rannís. Þetta eru ekki aðeins alvarleg tíðindi fyrir íslenska vísindamenn heldur þjóðina alla. Hún stendur nú frammi fyrir þeirri spurningu hvort æskilegt sé að fjármagna framhaldsmenntun á sviði nýsköpunar, og stuðla þannig að fjölbreytni í íslensku atvinnulífi með spennandi störfum sem mörg hver yrðu ómetanleg og myndu tvímælalaust leiða til aukinnar verðmætasköpunar.

**➜ Íslenskt samfélag hefur tjaldað miklu til við þjálfun ungs íslensks vísindafólks sem nú mun ekki lengur eiga kost á að stunda nýsköpun sem leiðir til þjóðhagslegs ávinnings þegar til lengri tíma er litið. Vísindafólkið okkar mun snúa sér að öðru og að öllum líkindum hverfa til annarra landa þar sem því standa til boða störf og nám við hæfi.**

### Ein verðmætasta auðlindin

Það þarf ekki að leita lengra en til Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins, sem nú styður við bakið á tólf sprotafyrirtækjum sem runnin eru beint úr íslensku rannsóknaumhverfi og munu gefa af sér útflutningsafurðir á næstu árum. Það er eflaust orðin gömul tugga að minnast á fyrirtæki eins og Marel, Össur, Actavis og Íslenska erfðagreiningu, en öll þessi fyrirtæki hafa dafnað í íslensku nýsköpunarumhverfi og reiða sig að miklu leyti á þá uppsprettu sem felst í mannauði íslenskra vísinda.

Það er viðurkennd staðreynd að fjárfesting í grunnrannsóknum sé ein besta leið samfélagsins til þess að hvetja til langvarandi hagvaxtar. Því má nefna að þjóðir eins og Bretar sem eru í fararbroddi í nýsköpun á sviði grunnrannsókna tóku þá ákvörðun að hlífa samkeppnissjóðum sínum við niðurskurði eftir fjármálahrunið árið 2008. Það mun verða þungur róður að snúa stefnunni þó niðurskurður vari aðeins í nokkur ár. Fyrir hvern vísindamann sem tapast úr samfélaginu verður meira tap en sem nemur vitneskju og þjálfun þess eina starfsmanns vegna eðlis og uppbyggingar nýsköpunar- og rannsóknasamfélagsins. Fyrir hvert ár sem skorið er niður mun taka mörg ár að ná aftur að þeim stað sem samfélagið var á þegar niðurskurður hófst. Það er nefnilega ekki bara hægt að ýta á „pásu“ þegar kemur að uppbyggingu þekkingariðnaðar og nýsköpunar. Á meðan heltast vísindamenn og frumkvöðlar úr lestinni og með þeim ein verðmætasta auðlind íslensks samfélags.

# Skyndifriðun til fimm ára

NÁTTÚRUVERND

Gústaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

Mörður Árnason fer mikinn í svari við grein undirritaðs (sem hann segir raunar vera Níelsson) þar sem fjallað var um lítið innihald í miklum samráðsferlum við samningu nýrra laga um náttúruvernd. Hann segir Alþingi hafa ýmist fallist á eða komið verulega til móts við fimm af sjö atriðum sem Samorka hafi gert athugasemdir við í sinni umsögn. Grein undirritaðs fjallaði raunar aðallega um samráðsferlið langa á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis, þar sem lítið tillit var tekið til athugasemda, en gott og vel.

Til að nefna hér eitt af téðum fimm atriðum þá var ákvæðum frumvarpsins um nýja heimild umhverfisráðherra til skyndifriðunar í allt að fimm ár breytt á þann veg, að bannið gildir einungis í þrjá mánuði til að byrja með en þarfnast síðan ítrekunar ráðherrans (og gildir þá í allt að fimm ár). Þetta flokkast tæplega sem mikil breyting og Samorka mun áfram mótmæla því að ráðherra geti á þennan hátt upp á sitt einsdæmi bannað tilteknar framkvæmdir í allt að fimm ár, án þess að auglýsing um friðun eða friðlýsingu hafi verið birt.

**➜ Grein undirritaðs fjallaði raunar aðallega um samráðsferlið langa á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis, þar sem lítið tillit var tekið til athugasemda, en gott og vel.**

Hér verður annars ekki fjallað efnislega um umsögn Samorku um þingmálið, sem Mörður reifar á býsna stílfærðan hátt í sinni grein, en allir geta nálgast umsögnina á vef Alþingis.

BÚSETI 30 ára



*„Þriðja leiðin á húsnæðismarkaðinum“*

**Ráðstefna fimmtudaginn 24. október**
**Hótel Natura kl. 13-17**

Í tilefni af 30 ára afmæli Húsnæðissamvinnufélagsins Búseta er boðið til ráðstefnu þar sem fjallað verður um Búseta og húsnæðissamvinnufélagsformið sem traustan og samfélagslega ábyrgan valkost á íslenskum húsnæðismarkaði.

Ráðstefnan er öllum opin og eru þeir sem láta sig húsnæðismál varða sérstaklega hvattir til að mæta.

Skráning fer fram á www.buseti.is

*Dagskrá:*

13:00 Setning

13:10 Stiklað á stóru í sögu Búseta
Gylfi Dalmann stjórnarformaður Búseta

13:30 Ávarp ráðherra
Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra

13:45 Búseti á tímamótum
Gísli Örn Bjarnhéðinsson framkvæmdastjóri Búseta

14:10 Cooperative housing – a sustainable and competitive solution in todays housing markets
David Rodgers Alþjóðaforseti ICA housing

14:50 Kaffihlé

15:10 Húsnæðismarkaður framtíðarinnar
Ari Skúlason hagfræðingur Hagfræðideild Landsbankans

15:30 Uppbyggingarverkefni Búseta og framtíðarsýn
Guðrún Ingvarsdóttir verkefnisstjóri þróunarverkefna Búseta

15: 50 Þjónustukönnun Búseta
Kristján Pétursson sérfræðingur Capacent

16:10 Pallborð og umræður

16:30 Ráðstefnuslit - léttar veitingar

BÚSETI™
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar
ica

SAFT
KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI

Heimili og skóli
www.saft.is

# Er kirkjuráð með réttu ráði?

SKIPULAG



Örnólfur Hall
arkitekt

**➜ Það er hreinn skáldskapur að þetta hafi verið stærst allra miðaldatimburkirkna í Evrópu.**

Nú er búið að ákveða að byggja skuli uppdiktaða eftirlíkingu Skálholtskirkju (Brynjólfskirkju) sem engar teikningar eru til af. Nokkrar útlitsmyndir eru til sem erlendir ferðamenn hafa teiknað og engar tvær líta eins út. Það er hreinn skáldskapur að hún hafi verið stærst allra miðaldatimburkirkna í Evrópu. Í Brynjólfssögu biskups segir að á undan hafi verið mun stærri kirkjur (Gíslakirkja, Ögmundarkirkja og Árnakirkja).

Pétur Pétursson, forseti guðfræðideildar HÍ, ritaði gein í Mbl. í júlí 2013 og sagði m.a.: „Þetta ber að harma. Þótt vel tækist til að reisa þessa byggingu yrði hún aldrei annað en risavaxinn skúr sem óvíst er að nokkur nennti að halda við til lengdar.“

Er hér ekki enn ein „Hörpuveizlan“ á ferðinni?

Almennir skattborgarar borga svo „tíundina“ eða hvað?


**Hollvinasamtök líknarþjónustu**

**Aðalfundur Hollvinasamtaka líkarþjónustu verður haldinn í Neskirkju þriðjudag 29. október 2013 og hefst hann klukkan 20:00. Venjuleg aðalfundarstörf.**

*STJÓRNIN*


# Opið bréf til borgarráðs

SAMFÉLAG

**Gísli Björnsson**
**Lára Steinarsdóttir**
**María Hreiðarsdóttir**
**Steinunn Ása Þorvaldsdóttir**
**Unnur Jónsdóttir**
Menningarfélaginu GÆS

Menningarfélagið GÆS þakkar stuðning Reykjavíkurborgar við kaffihúsið í sumar. Við metum þann stuðning mikils.

Eins og kunnugt er var kaffihúsinu GÆS lokað vegna þess að borgin sá sér ekki fært að lána húsnæði í Tjarnarbíói lengur né styðja við rekstur kaffihússins. Til þess að GÆS geti haldið áfram kaffihúsarekstri vantar stuðning við verkefnið. Í þessu bréfi óskum við því eftir skriflegum svörum frá borgarráði um hvers konar stuðning borgin getur veitt. Eina tilboðið sem virðist nú standa til boða er það sem fram kom í viðtali við Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastýru Reykjavíkur, um að borgin sé tilbúin til að ráða verkefnastjóra sem hefði það hlutverk að þróa verkefnið og atvinnumál fatlaðs fólks í borginni almennt. Ekki hefur verið skilgreint frekar hvernig sú staða er hugsuð né hvenær. Í þessu samhengi viljum við benda á að oft er það þannig að aðrir telja að þeir viti betur en við hvað okkur er fyrir bestu. Við teljum aftur á móti að við höfum sýnt fram á það í sumar að við erum fullfær um að meta það sjálf. Slagorð Alþjóðlegra samtaka fólks með þroskahömlun eiga vel við í þessu samhengi en þau hljóða svo: Ekkert um okkur án okkar.

**Spurningar til borgarráðs**

1. Við fengum vilyrði fyrir húsnæðinu í Tjarnarbíói til áramóta eða að borgin myndi útvega annað húsnæði. Hefur borgin möguleika á að standa við þetta og útvega annað húsnæði?
2. Hugmyndafræði GÆSar gengur meðal annars út á það að vinna eftir samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en þar segir að fatlað fólk eigi rétt á að vinna á almennum vinnumarkaði til jafns við aðra. Við viljum halda áfram á þeirri braut sem farin var í sumar. Það má margt læra af sumrinu og erum við ánægð með hvernig til tókst. Við vorum frjáls og óháð yfirráðum annarra og gátum gert hlutina eftir okkar höfði. Þess vegna hræðumst við það tilboð mannréttindaskrifstofu borgarinnar sem snýst um að borgin ráði verkefnisstjóra fyrir okkur. Við óskum frekar eftir því að fá beinan styrk frá borginni til þess að við getum sjálf ráðið starfsmann okkur til aðstoðar við áframhaldið. Við óskum eftir svari við því hvers vegna það er ekki hægt en væntanlega er um svipaða peningaupphæð að ræða sem borgin léti til verkefnisins og ef styrkur yrði veittur beint til GÆSar.
3. Verkefni eins og GÆS getur haft áhrif á þróun atvinnumála fatlaðs fólks almennt. Við teljum að mikilvægast sé að breyta því kerfi sem fyrir hendi er. Við teljum eðlilega kröfu að við fáum greitt fyrir okkar vinnu líkt og aðrir og við viljum ekki að Tryggingastofnun greiði með okkur. Það er ekki í takt við jafnrétti á almennum vinnumarkaði.

**➜ Verkefni eins og GÆS getur haft áhrif á þróun atvinnumála fatlaðs fólks almennt. Við teljum að mikilvægast sé að breyta því kerfi sem fyrir hendi er. Við teljum eðlilega kröfu að við fáum greitt fyrir okkar vinnu líkt og aðrir og við viljum ekki að Tryggingastofnun greiði með okkur.**

Það getur verið flókið að ætla að breyta heilu kerfi, en við viljum gjarnan láta á það reyna. Við höfum beðið eftir vettvangi til þess að hitta fulltrúa frá Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun og velferðarráðuneyti á stórum fundi sem fulltrúar borgarinnar skipuleggja til þess að ræða þessi mál. Þeim fundi hefur verið frestað í tvígang yfir nær tveggja mánaða tímabil. Okkar spurning til borgarráðs er: Stendur enn til að halda fundinn og ef svo er, er komin dagsetning?

Að lokum vekjum við athygli á áhrifamætti GÆSar, en GÆS hefur ekki bara breytt lífi okkar og gefið okkur tækifæri heldur hafa líka ótal listamenn fengið tækifæri til að sýna list sína á GÆS í sumar. GÆS hefur verið góð fyrirmynd, ekki síst fyrir annað ungt fatlað fólk sem veit í dag að með réttum stuðningi eru því allir vegir færir.

Með von um góðar undirtektir.

**visir.is**
Lengri útgáfu má sjá á Vísi.


**GÍRAFFI EÐA GEIMVERA?**

**Byggjum úr LEGO® geymir fjársjóð hugmynda að alls konar hlutum og fígúrum sem hægt er að búa til úr LEGO kubbum**




Fyrir kubbasmiði á öllum aldri

Virkjaðu ímyndunaraflið og lærðu betur á LEGO®

Notaðu kubbana sem þú átt til að búa til eitthvað nýtt og spennandi

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


# Sanngjarnt og réttlátt þjóðfélag

HEILBRIGÐISMÁL



Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur

**➜ Hér er greinilega ástæða til að staldra við, því í langan tíma hefur verið samstaða um grunnreglur samfélagsins á sviði heilbrigðismála.**

Um langa hríð hefur það verið eitt helsta viðfangsefni stjórnmála að byggja upp og viðhalda sanngjörnu og réttlátu samfélagi. Góð heilbrigðisþjónusta hefur verið talin einn af hornsteinum hvers velferðarþjóðfélags. Sátt hefur ríkt um að fyrir meginþætti heilbrigðisþjónustunnar skuli greitt með sköttum og að borgararnir gætu treyst því að þeim væri veitt viðeigandi þjónusta þegar þeir þyrftu á rannsóknum, meðferð eða endurhæfingu að halda. Um þetta hefur ríkt eins konar sáttmáli í áratugi. Það hefur því vakið nokkra undrun hversu mikið fólk greiðir nú orðið úr eigin vasa fyrir þjónustu heilbrigðiskerfisins.

Á síðustu áratugum liðinnar aldar var oft rætt um að endurskoða þyrfti almannatryggingakerfið og breyta greiðsluþátttökukerfinu og aðlaga það betur að þörfum þeirra sem veikastir væru og þurfa mest á heilbrigðisþjónustu að halda. Það var þó ekki fyrr en árið 2007 sem þáverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, setti á laggirnar nefnd sem ætlað var að koma á nýju greiðsluþátttökukerfi fyrir lyf og aðra heilbrigðisþjónustu. Nefndin, sem kennd var við formann hennar, Pétur Blöndal alþingismann, safnaði miklum upplýsingum og framkvæmdi um leið umfangsmikla greiningu á almannatryggingunum og greiðslum fólks fyrir heilbrigðisþjónustu.

Pétursnefndin varð ekki langlíf því arftaki Guðlaugs Þórs, Ögmundur Jónasson, fylgdi ekki sömu forgangsröðun og fyrirrennari hans. Nefndarstarfinu var því sjálfhætt þegar ekki var veitt fé til verkefnisins á fjárlögum ársins 2009. Í framhaldinu var samt sem áður komið á fót vinnuhópi sem vann áfram tillögu að greiðsluþátttökukerfi fyrir lyf. Lög þess efnis voru samþykkt á árinu 2012, en kerfið var síðan tekið í notkun 4. maí 2013.

**Háar upphæðir**

Fljótlega kom í ljós óánægja með nýja lyfjagreiðsluþátttökukerfið og sneri hún einkum að því að tilteknir sjúklingahópar töldu erfitt að standa undir þeim greiðslum sem lagðar eru á þá samkvæmt hinu nýja kerfi. Krabbameinsfélag Íslands benti til dæmis á að margir krabbameinssjúklingar yrðu nú að greiða háar upphæðir fyrir lyf sem þeir fengu áður ókeypis eða verulega niðurgreidd. Við útfærslu hins nýja greiðsluþátttökukerfis hefði ekki verið gætt nægjanlega að því að verja alvarlega veikt fólk fyrir háum og vaxandi heilbrigðiskostnaði.

Í lok ágúst 2013 skipaði nýr heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, nefnd til að kanna forsendur fyrir því að fella saman margvíslega heilbrigðisþjónustu undir eitt niðurgreiðslu- og afsláttarfyrirkomulag. Formaður nefndarinnar er nú sem fyrr þingmaðurinn Pétur Blöndal. Nú þegar hafa verið boðaðar breytingar á lyfjagreiðsluþátttökukerfinu sem fela í sér að sjúkratryggingar greiða sjálfkrafa lyfjakostnað þegar árlegum hámarkskostnaði er náð.

Það var því forvitnilegt að heyra viðtal við Pétur Blöndal á einni af síðdegisrásunum fyrir nokkru. Á öldum ljósvakans var Pétur að gæla við þá hugmynd að fólk myndi borga allt að 120 þúsund krónur á ári, hvert og eitt, fyrir heilbrigðisþjónustu áður en greiðsluþaki er náð. Enn fremur taldi hann nauðsynlegt að fólk greiddi alltaf eitthvað fyrir heilbrigðisþjónustu því annars mynduðust alltof langir biðlistar, fyrir því væri löng reynsla í útlöndum. Hvaðan sú vitneskja er fengin er ekki vitað, en í Danmörku, þar sem almennt tíðkast hvorki gjaldtaka í heilsugæslunni né á sjúkrahúsum, er ekkert sem styður þessar fullyrðingar formannsins.

**Viðvörunarljós**

Hér er greinilega ástæða til að staldra við, því í langan tíma hefur verið samstaða um grunnreglur samfélagins á sviði heilbrigðismála. Þegar almenningur er farinn að greiða það mikið fyrir heilbrigðisþjónustu úr eigin vasa að margir fresta því að fara til læknis eða jafnvel neita sér alveg um læknisþjónustu eru það viðvörunarljós sem taka verður alvarlega. Einfaldlega vegna þess að í velferðarsamfélagi sem stendur undir nafni mega bein útgjöld einstaklinga aldrei vera það mikil að þau komi í veg fyrir að fólk leiti sér nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu.

Borgarar þessa lands hafa talið að með greiðslu skatta þyrftu þeir almennt ekki að hafa áhyggjur af því að hið opinbera stæði ekki undir meginhluta þess kostnaðar sem til félli vegna heilsubrests, sjúkdóma, meðferðar eða umönnunar. Kannanir hafa sömuleiðis sýnt að almenningur er tilbúinn til að greiða hærri skatta sé tryggt að fjármagninu verði veitt inn í starfsemi heilbrigðisþjónustunnar. Hið nýja greiðsluþátttökukerfi fyrir lyf og hugmyndir um eitt samræmt niðurgreiðslukerfi fyrir heilbrigðisþjónustu fela aftur á móti í sér að bein útgjöld fólks munu leggjast þyngra á hina efnaminni í þjóðfélaginu. Það var sennilega aldrei ætlunin hjá þeim sem lögðu af stað í þessa vegferð.




# TAXFREE 24.-27. OKT

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í THE PIER



Sófi **159.280** áður 199.900

**Haag**

Til í svörtu og brúnu
Fæst með lengri tunguna
hægra eða vinstra megin



Borðstofuborð
200x100 cm
**135.376**
áður 169.900

Speglar og veggskraut frá **2.390** með afslætti



Matar- og kaffistell frá **470** með afslætti



Lampar frá **4.770** með afslætti



Myndir frá **790** með afslætti



Stólar áður 29.900
nú **23.824**

Stóll áður 49.900
nú **39.760**



Kerti, ilmir og reykelsi frá **230** með afslætti



DOBÍA

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Gleðile

## Sýningarvörur og eldri módel

### iMac
Sýningareintök



21″ 2,7GHz i5/4GB/1TB
**Verð: 199.990.-** 3stk - Z0MP
Listaverð: 249.990.-

21″ 2,9GHz i5/8GB/1TB
**Verð: 209.990.-** 3stk - Z0MQ
Listaverð: 299.990.-

27″ 2,9GHz i5/8GB/1TB
**Verð: 269.990.-** 2stk - Z0MR
Listaverð: 349.990.-

27″ 3,2GHz i5/8GB/1TB Fushion Drive
**Verð: 319.990.-** 1stk - Z0MS/sérpöntun
Listaverð: 449.980.- - **NÝ VÉL**

### MacBook Air
Sýningareintök



11″ 64GB - 2012 módel
**Verð: 139.990.-** 7stk - Z0NA
Listaverð: 179.990.-

11″ 128GB - 2013 módel
**Verð: 169.990.-** 1stk - Z0NX
Listaverð: 189.990.-

13″ 128GB - 2012 módel
**Verð: 159.990.-** 3stk - Z0NC
Listaverð: 219.990.-

13″ 256GB - 2011 módel
**Verð: 149.990.-** 1stk - Z0ME

13″ 128GB - 2013 módel
**Verð: 179.990.-** 5stk - Z0NZ
Listaverð: 219.990.-

13″ 256GB - 2013 módel
**Verð: 199.990.-** 1stk - Z0P0
Listaverð: 259.990.-

### iPad
Sýningareintök





iPad2 32GB/Wi-Fi/3G, svartur
**Verð: 49.990.-** 1stk - MC774

iPad2 64GB/Wi-Fi/3G, hvítur
**Verð: 59.990.-** 1stk - MC984

iPad3 64GB/Wi-Fi/ svartur
**Verð: 79.990.-** 1stk - MD369

iPad4 64GB/Wi-Fi/3G, hvítur
**Verð: 99.990.-** 1stk - MD512

iPad mini 16GB/Wi-Fi/4G, hvítur
**Verð: 69.990.-** 2stk - MD543

iPad mini 32GB/Wi-Fi, svartur
**Verð: 69.990.-** 1stk - MD541

iPad mini 32GB/Wi-Fi/4G, svartur
**Verð: 89.990.-** 1stk - MD541

TILBOÐSVÖRUR ERU AÐEINS SELDAR Í VERSLUN OKKAR Á LAUGAVEGI 182

### MacBook Pro Retina
Sýningareintak



MacBook Pro 15″ Retina
2,7GHz i7/16GB/512GB
**Verð: 369.990.-** 1stk - Z0PZ
Listaverð: 539.990.-

### MacBook Pro
Sýningareintök



MacBook Pro 13″
2,5GHz i5/4GB/500GB
**Verð: 174.990.-** 3stk - Z0MT
Listaverð: 219.990.-

### iPod touch
Sýningareintök



iPod touch
64GB hvítur/svartur
**Verð: 59.990.-** 4stk - MC547/MD059
Listaverð: 86.990.-

### iPhone
Sýningareintök



iPhone 4S
16GB hvítur
**Verð: 69.990.-** 1stk
Listaverð: 99.990.-

iPhone 5
16GB hsvartur
**Verð: 89.990.-** 1stk
Listaverð: 109.990.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda til meðan birgðir endast.
Tilboðsvörur eru aðeins seldar í verslun okkar á Laugavegi 182.

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

# eg verð

## á frábærum verðum



### MacBook Pro

13" 2,9GHz i7/8GB/750GB
Verð: **229.990.-** 8stk - Z0MU
Listaverð: 309.990.-

15" 2,3GHz i7/4GB/500GB
Verð: **269.990.-** 10stk - Z0MV
Listaverð: 369.990.-
VÆNTANLEGT 26. OKT

### MacBook Pro Retina

13" 2,5GHz i5/8GB/128GB
Verð: **229.990.-** 6stk - Z0N3
Listaverð: 309.990.-

13" 2,6GHz i5/8GB/256GB
Verð: **249.990.-** 14stk - Z0PW
Listaverð: 349.990.-

15" 2,4GHz i7/8GB/256GB
Verð: **309.990.-** 12stk - Z0PY
Listaverð: 439.990.-

15" 2,7GHz i7/16GB/512GB
Verð: **389.990.-** 13stk - Z0PZ
Listaverð: 539.990.-



### iPad 4

32GB/Wi-Fi, svartur/hvítur
Verð: **94.990.-** 5stk
Listaverð: 119.990.-

64GB/Wi-Fi, svartur/hvítur
Verð: **109.990.-** 5stk
Listaverð: 139.990.-

32GB/Wi-Fi+4G, hvítur
Verð: **119.990.-** 1stk
Listaverð: 144.990.-

64GB/Wi-Fi+4G, svartur/hvítur
Verð: **129.990.-** 6stk
Listaverð: 164.990.

### iPad mini

32GB/Wi-Fi+4G, svartur/hvítur
Verð: **94.990.-** 6stk
Listaverð: 114.990.-

64GB/Wi-Fi+4G, svartur/hvítur
Verð: **104.990.-** 12stk
Listaverð: 134.990.-

64GB/Wi-Fi, hvítur/svartur
Verð: **119.990.-** 10stk
Listaverð: 104.990.-

128GB/Wi-Fi, svartur
Verð: **129.990.-** 2stk
Listaverð: 159.990.-




SKULLCANDY




WALK ON WATER
Fartölvu, iPhone, iPod, iPad töskur ofl.




Smart Cover og Smart Case frá Apple

TILBOÐSVÖRUR ERU AÐEINS SELDAR Í VERSLUN OKKAR Á LAUGAVEGI 182




# Krabbamein er hvorki háð stétt né stöðu

HEILBRIGÐISMÁL



**Halldóra F. Víðisdóttir**
hjúkrunarfræðingur og formaður Krafts, félags fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur

Íslendingar hafa ávallt státað sig af góðu heilbrigðiskerfi. Við erum vel menntuð þjóð og eigum góða lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara og annað fagfólk sem starfar innan heilbrigðisþjónustunnar. Undanfarin misseri hafa þó verið að koma fram merki þess að stoðir þess séu að hrynja. Hjúkrunarfræðingar hótuðu uppsögnum, geislafræðingar fylgdu í kjölfarið og nú eru læknar Landspítalans að gefast upp vegna álags og manneklu.

Undanfarnar vikur hafa svo raddir um aukinn kostnað sjúklinga til heilbrigðisþjónustunnar verið háværar. Við teljum Ísland vera velferðarríki og að við búum við gott heilbrigðiskerfi en núna er það orðið svo að greiðslubyrði sjúklinga er orðin 20% af öllum kostnaði heilbrigðiskerfisins.

Sjúklingar með krabbamein eru stór hluti af þessum hópi. Þeir sem þurfa að sækja meðferð vegna krabbameins til lengri tíma þurfa sjálfir að greiða mikinn kostnað í tengslum við meðferð sína. Þar má nefna komugjöld á göngudeildir, blóðprufur, lyf, myndrannsóknir og svo mætti lengi telja. Dæmi eru um að þessar tölur hlaupi á hundruðum þúsunda og ef óbeinn kostnaður vegna veikinda er tekinn með í reikninginn má áætla nokkur hundruð þúsund til viðbótar.

Það að greinast með krabbamein og gangast undir krabbameinsmeðferð hefur gríðarlega mikil áhrif á sjúklinga og aðstandendur og þá erum við aðeins að tala um andlega álagið. Það er mikið áfall að greinast með lífsógnandi sjúkdóm. Til að bæta gráu ofan á svart þarf þessi hópur einnig að hafa áhyggjur af fjárhagslegri afkomu sinni meðan á veikindunum stendur, því kostnaðurinn við það að veikjast er umtalsverður og hefur farið hækkandi sl. ár.

**Staðan enn verri**

Við höfum nýlega heyrt dæmi af ungum manni sem á konu og tvö börn sem hefur þurft að greiða hátt í milljón á einu ári í beinan kostnað til heilbrigðisþjónustunnar og einnig höfum við heyrt dæmi af ungri konu sem getur ekki greitt af lánum sínum því að hún þarf að láta krabbmeinsmeðferðirnar njóta forgangs. Nú er svo búið að leggja fram nýtt frumvarp þar sem sjúklingum er gert að greiða fyrir innlagnir á sjúkrahús, sem hefur verið án endurgjalds fram til þessa. Ég get tekið undir að það er viss mismunun að þeir sem sæki aðeins göngudeildarþjónustu þurfi að greiða mörg þúsund krónur fyrir þjónustuna en þeir sem leggjast inn þurfi ekkert að greiða. En viljum við bæta við þann kostnað sem sjúklingar greiða nú þegar? Einstaklingar með krabbamein sækja þjónustu á göngudeildir en þurfa einnig

**➜ Þeir sem þurfa að sækja meðferð vegna krabbameins til lengri tíma þurfa sjálfir að greiða mikinn kostnað í tengslum við meðferð sína. Þar má nefna komugjöld á göngudeildir, blóðprufur, lyf, myndrannsóknir og svo mætti lengi telja.**

oft að leggjast inn á sjúkrahús vegna veikinda sinna og fyrir þá skiptir þessi aukakostnaður mjög miklu máli.

Ungt fólk sem greinist með krabbamein er mögulega í enn verri stöðu en þeir sem eldri eru ef við gefum okkur það að sá hópur sé í námi, nýlega kominn út á vinnumarkaðinn, með ung börn á framfæri, námslán og húsnæðislán. Enn fremur ber að nefna að sjúkdómatryggingar eru oft mjög fjarlægar í huga fólks sem er mögulega á þrítugsaldri. Það er mjög skiljanlegt þar sem sjúkdómar á borð við krabbamein greinast yfirleitt ekki fyrr en eftir miðjan aldur. Það gerir samt stöðu þessa hóps enn verri og veikindin verða meiri fjárhagsleg byrði en ella. Heilbrigðisþjónusta kostar, það er staðreynd, en það er kominn tími til að við einbeitum okkur aftur að því að verða það velferðarríki sem við viljum vera. Staðan er orðin þannig að það er aðeins á færi þeirra efnamestu að greinast með sjúkdóma, en staðreyndin er samt sú að sjúkdómar spyrja hvorki um stétt né stöðu.

# Opið bréf - um framtíð höfuðborgar…

SKIPULAG



**Gunnar H. Gunnarsson**
verkfræðingur



**Örn Sigurðsson**
arkitekt

*Jón Gnarr borgarstjóri, Elsa Hrafnhildur Yeoman, forseti borgarstjórnar, Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs*

Tilefni þessa bréfs er að borgarstjórn samþykkti nýlega Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 (AR 2030). Að mati Samtaka um betri byggð (BB) getur þetta nýja skipulag markað verulega jákvæð tímamót í skipulagsmálum höfuðborgarinnar, sem sannarlega ber að fagna.

En nú nýlega fréttist af samningaviðræðum Dags B. Eggertssonar, formanns borgarráðs, og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra um AR 2030. Þessar viðræður eru sagðar snúast um málamiðlun, sem feli í sér frestun á brottför flugvallar úr Vatnsmýri. Já, illt er ef satt reynist!

Skjót brottför flugvallarins er grundvallarforsenda þess að AR 2030 geti talist jákvætt skref í skipulagsmálum. BB fá ekki séð að um neitt sé að semja við ríkið þar sem skipulagsrétturinn er alfarið hjá borgaryfirvöldum auk þess sem Reykvíkingar kusu með því árið 2001 að flugvöllurinn ætti að fara 2016!

En ef á annað borð er talin pólitísk nauðsyn á að semja þá er samningur um frestun á brottför flugvallarins ótæk málamiðlun, sem skaðar borgarsamfélagið í bráð og lengd og sem bæði ríki og borg tapa á peningalega vegna þess að þjóðhagslegi hagnaðurinn felst í því að nýta byggingarlandið í Vatnsmýri sem fyrst.

Mun skárri málamiðlun fælist í því að ríkið fengi drjúgan hluta af þeim 38% hlut Reykvíkinga, sem þeir eiga siðferðilegan rétt á í ríkislóðunum þarna vegna þess að þeir eru 38% af landsmönnum.

Grundvallaratriði er að semja þegar viðkomandi er í sterkri stöðu. Og málstaður Reykvíkinga er einmitt mjög sterkur í þessu máli, siðferðilega, faglega, lagalega, réttarfarslega og ekki síst vegna niðurstöðu flugvallarkosningarinnar 2001, en það sem vantar núna upp á er að borgarbúar geri sér almennt grein fyrir því!

Þess vegna þarf borgin nú að fara í mjög öfluga upplýsingaherferð til þess að leiðrétta þá skökku mynd sem borgarbúar gera sér af skipulagsmálum sínum eftir gífurlega áróðursholskeflu hollvina flugvallarins nú í sumar þar sem fjölmargir borgarbúar tóku í undirskriftasöfnun afstöðu gegn eigin hagsmunum. Einungis eftir slíka öfluga herferð verður Dagur B. í sterkri pólitískri stöðu við samningaborðið á móti Hönnu Birnu.

BB telja ekki líðandi að borgaryfirvöld gangi til samninga við ríkið með hagsmuni flokka sinna á landsbyggðinni að leiðarljósi á kostnað þjóðarhags og almannahagsmuna á höfuðborgarsvæðinu.

BB fara fram á að þið svarið eftirfarandi spurningum:
1. Mun Reykjavíkurborg nú upplýsa Reykvíkinga um helstu skipulagshagsmuni borgarbúa ?
2. Mun Reykjavíkurborg nú taka til varna og bera til baka hálfsannleik og uppspuna flugvallarsinna fyrr og síðar?
3. Mun Reykjavíkurborg nýta allar málsbætur Reykvíkinga í Vatnsmýrarmálinu?

**➜ BB fá ekki séð að um neitt sé að semja við ríkið þar sem skipulagsrétturinn er alfarið hjá borgaryfirvöldum auk þess sem Reykvíkingar kusu með því árið 2001 að flugvöllurinn ætti að fara 2016**

**a.** um ólögmæta yfirtöku lands í Vatnsmýri 1946
**b.** um ótvíræðan skipulagsrétt Reykvíkinga
**c.** um gríðarlegt tjón Reykvíkinga af flugstarfseminni í 67 ár
**d.** um ógreidda lóðarleigu vegna flugvallar í Vatnsmýri í 67 ár
**e.** um þjóðhagslegan ábata af þéttingu byggðar
**f.** um niðurstöðu flugvallarkosningarinnar 2001
**4.** Mun Reykjavíkurborg láta gera lögfræðiúttekt á yfirtöku ríkisins 1946 á Vatnsmýri?
**5.** Mun Reykjavíkurborg láta ljúka veðurfarsathugunum á Hólmsheiði?
**6.** Mun Reykjavíkurborg verja ítrustu hagsmuni borgarbúa og þjóðarhag eða e.t.v. semja af sér með afleitri málamiðlun?

BB bera hér að lokum fram eftirfarandi tillögur:
**1.** Að Reykjavíkurborg sendi sem fyrst upplýsingabæklinga á öll heimili í borginni um víðtæka heildarhagsmuni borgarbúa í skipulagsmálum…
**2.** Að Reykjavíkurborg efni sem fyrst til málþinga um skipulagshagsmuni borgarbúa…
**3.** Að Reykjavíkurborg hafi forgöngu um að 2015 verði ár höfuðborgarsvæðisins…

*F.h. framkvæmdastjórnar Samtaka um betri byggð (BB) Gunnar H. Gunnarsson og Örn Sigurðsson*

# HEILSÁRSDEKK OG UMFELGUN

á frábæru verði í BYKO Breidd

**HIFLY WIN-TURI 212 HEILSÁRSDEKK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vnr. 49980470 | HEILSÁRSDEKK | 175/65R14 DH | **11.990** kr. |
| Vnr. 49980485 | HEILSÁRSDEKK | 185/65R14 DH | **12.990** kr. |
| Vnr. 49980473 | HEILSÁRSDEKK | 185/65R15 DH | **13.990** kr. |
| Vnr. 49980488 | HEILSÁRSDEKK | 195/65R15 DH | **13.990** kr. |
| Vnr. 49980491 | HEILSÁRSDEKK | 205/55R16 DH | **16.990** kr. |
| Vnr. 49980496 | HEILSÁRSDEKK | 215/65R16 DH | **19.990** kr. |



Dekkjahúsið

UMFELGUN Í DEKKJAHÚSINU DALBREKKU KÓPAVOGI Á KR. 4.990 EF ÞÚ KAUPIR DEKK HJÁ BYKO

# ALLT FYRIR BÍLINN




Einhell

Vnr. 74800025
EINHELL hjólatjakkur, lyftir 2 tonnum.
**4.490** kr.

Vnr. 74800001
EINHELL start-kaplar, 16A.
**3.990** kr.



Vnr. 55629788-9
SONNECK rúðuskafa fyrir bílinn.
Verð frá:
**590** kr.



Vnr. 55629790
SONNECK rúðuskafa og kústur fyrir bílinn.
**1.290** kr.



-15°

Vnr. 42375935
BLÁTIN rúðuvökvi, 3 l, poki.
**499** kr.



Vnr. 55629783
SONNECK snjóskúffa, svört.
**1.290** kr.

Vnr. 55900158
Skófla með trefjahandfangi.
**3.790** kr.

Vnr. 42373294
ERGO SAMSON snjóskúffa, svört.
**4.690** kr.

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is

## VERTU KLÁR FYRIR VETURINN




Vnr. 42303619
Hálkusalt, 4 kg.
**590** kr.



GÓÐ Í BÍLINN

Vnr. 55900147
NORLAND snjóskófla með tréhandfangi, 26 cm.
**1.990** kr.

Vnr. 55900150
Skófla með tré-handfangi, 30 cm.
**2.890** kr.

Vnr. 55900155
NORLAND snjóskófla með tréhandfangi, 37 cm.
**4.390** kr.

Vnr. 42377785
PROBUILDE skófla með stuttu tréhandfangi.
**2.990** kr.



Vnr. 42310683-1061
Kuldagalli, blár eða svartur, stærðir S-XXXL.
**11.990** kr.



Vnr. 84533870-87
Mannbroddar.
Verð frá:
**1.190** kr.



Vnr. 93955318
WAVE vettlingar úr kálfaskinni, 08
**1.850** kr.



Vnr. 92998261
SHOWA THERMO vettlingar, 08
**1.295** kr.

# MYGLUSVEPPAPRÓF

## Einfalt í notkun

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

AÐEINS 5 MÍN. MYGLU-SVEPPA-PRÓF




Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF
**4.690** kr.

**BAKTERÍUEYÐIR**
- Eyðir bakteríum í sveppum og slæmri lykt úr íþróttafatnaði, sótt-hreinsun án klórs.




Vnr. 41111123
RODALON, 5% lausn, 1 l.
**1.890** kr.

**MYGLUEYÐIR**
- Drepur myglusveppi, notist aðeins við góða loftræstingu.




Vnr. 16001952
HG mygluseyðir, 500 ml.
**1.590** kr.




Vnr. 42301947
Grænsápa, 4 l.
**790** kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

## AF NETINU

### Bingó hvað?

Nokkur umfjöllun hefur verið um svokallaða Bingóáætlun um uppgjör þrotabúanna. Reynt hefur verið að heimfæra áætlunina upp á Seðlabanka Íslands.

Þar kemur enn á ný fram talan 75% afsláttur af krónueignum. Hver skyldi hafa svona mikinn áhuga á að koma þessari tölu ítrekað í gegnum fjölmiðla?

Það skyldu ekki vera þeir sömu og sögðu ekkert mál að borga Icesave, ekkert mál að borga skuldabréfið hjá Landsbankanum og ekkert mál að greiða út úr þrotabúunum?

Svo ég vitni í Hörð Ægisson hjá MBL aftur: „Íslensk stjórnvöld fá aðeins eitt tækifæri til að sjá til þess að uppgjör föllnu bankanna fari fram á þann hátt að tryggt sé að fjármálastöðugleika verði ekki ógnað – og um leið að ekki verði grafið smám saman undan lífskjörum þjóðarinnar til langframa."

Undir er fjárhagslegt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar til framtíðar og þar verður heildarhagsmunum ekki fórnað.

Punktur.

http://blog.pressan.is

*Eygló Harðardóttir*




# Lítil fyrirtæki stærst á Íslandi!

ATVINNA



**Brynhildur S. Björnsdóttir**
atvinnurekandi og varaþingmaður Bjartrar framtíðar

Á dögunum sat ég smáþing sem stofnaður var langþráður vettvangur fyrir lítil fyrirtæki á Íslandi undir merkjum Litla Íslands. Fæstir trúa því að stór fyrirtæki séu í algjörum minnihluta á Íslandi en raunin er þessi:

- 90% atvinnulífsins eru örfyrirtæki (1-9 stm.)
- 7% eru lítil ft. (10-50 stm.)
- 2% eru meðalstór (51-250 stm.)
- 1% stór (+250 stm.)

**Greiða meirihluta launa**

Samkvæmt nýlegri úttekt sem Hagstofan vann fyrir SA kemur m.a. fram að:

- Lítil og meðalstór fyrirtæki (færri en 250 stm.) greiddu 2/3 heildarlauna á árinu 2012.
- Þar af greiða lítil fyrirtæki (færri en 50 stm.) um 44% heildarlauna í landinu og örfyrirtækin (1-9 stm.) um 21%.
- Á árinu 2012 urðu til 4.000 ný fyrirtæki – nánast öll örfyrirtæki.

Stjórnvöld hafa tilhneigingu til að setja öll fyrirtæki undir sama hatt – þrátt fyrir ólíkan veruleika. Stór fyrirtæki hafa alla burði til að hafa sérfræðinga í hverju horni við að sýsla með fjármál fyrirtækjanna. Þar er valinn maður í hverju rúmi sem skilur flókna löggjöf og færir endurskoðendur sem vita best hvernig hægt er að hagræða, án þess að fara á svig við lögin.

**Óvinur eða samstarfsaðili?**

Ég er svo heppin að fá að starfa á hverjum degi með fjölmörgum stjórnendum ör- og lítilla fyrirtækja. Þeir stofna oftast fyrirtæki út frá einhverri allt annarri hæfni en laga- og/eða fjármálaþekkingu. Þeir upplifa ríkisskattsstjóra frekar sem óvin en samstarfsaðila. Lögin reynast þeim torveld og allt kerfið í kringum skyldur þeirra gagnvart ríkinu.

Þeir upplifa ekki neina gulrót við það að skapa sjálfum sér og öðrum tekjur, aðra en persónulega ánægju við að fá að starfa við það sem þeim finnst skemmtilegt. Oftar en ekki þurfa þeir að veðsetja persónulegar eigur til að fjárfesta í rekstrinum eða halda velli. Launin þeirra sitja á hakanum – á meðan þeir standa fyrst skil á launum annarra launþega í fyrirtækinu og opinberum gjöldum. Þar fyrir utan þekkja allir eigendur lítilla fyrirtækja hvað felst raunverulega í skammstöfuninni ehf. Það er „ekkert helvítis frí". En það er önnur saga.

Ríkið hlýtur að eiga að vera samstarfsaðili þessa hóps – sem er að reyna að skapa sjálfum sér og öðrum lífibrauð, um leið og hann greiðir stóran hluta afrakstursins í sameiginlegan ríkissjóð. Þessir aðilar eru í fæstum tilvikum glæpamenn með einbeittan brotavilja, heldur vilja uppfylla skyldur sínar og skila sanngjörnum hluta til samfélagsins. Þeir vilja skilja betur hvaða skyldur þeir hafa án þess að þurfa að ráða dýra sérfræðinga til þess. Er ekki annars eðlismunur á því að reka fyrirtæki í kringum það að selja t.a.m. eigið hugvit eða pípulagningaþjónustu með 1-9 starfsmenn heldur en að reka fyrirtæki með yfir 250 starfsmenn? Það liggur í hlutarins eðli að stóra fyrirtækið hefur meiri burði til að uppfylla kröfur í því flókna umhverfi sem löggjafinn hefur skapað öllum fyrirtækjum landsins. Allt frá verktökum sem selja eigin þjónustu til stórra fyrirtækja sem reka fyrirtæki með yfir 250 starfsmenn.

**➜ Ríkið hlýtur að eiga að vera samstarfsaðili þessa hóps – sem er að reyna að skapa sjálfum sér og öðrum lifibrauð, um leið og hann greiðir stóran hluta afrakstursins í sameiginlegan ríkissjóð.**

**Hefjum samtalið strax!**

Nú þegar kominn er vettvangur fyrir lítil fyrirtæki er ekki seinna vænna fyrir stjórnvöld að hefja samtalið við þau strax! Hvernig geta stjórnvöld þjónað litlum fyrirtækjum sem best? Hvernig geta þau hjálpað þeim að uppfylla sínar skyldur en blómstra jafnframt? Hvernig geta stjórnvöld komið til móts við þarfir þeirra og aðstoðað þau við að skila sanngjörnum hluta í sameiginlega sjóði okkar án þess að aðferðirnar og hlutinn sé það íþyngjandi að það letji starfsemi þeirra? Hvernig geta stjórnvöld dregið úr samkeppni ríkisrekinna fyrirtækja við einkarekin? Hvernig geta stjórnvöld komið upplýsingum frá sér á mannamáli í stað sérfræðimáls? Hvað meina lítil fyrirtæki með einföldun á tolla-, skatta- og öllu regluverki? Hvernig geta stjórnvöld búið svo um hnútana að lítil fyrirtæki geti loks farið að gera langtímaplön? Hvernig geta stjórnvöld hjálpað litlum fyrirtækjum að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar?

Hvernig geta stjórnvöld búið svo um hnútana að það fylgi því einhver gulrót að reka eigið fyrirtæki og skapa sjálfum sér og öðrum tekjur – í stað þess að allir kjósi að vera launþegar hjá öðrum?

# Lifi Ísland og Frakkland

MENNING



**Lionel Tardy**
formaður vináttuhóps franskra og íslenskra þingmanna, þingmaður á franska þinginu



**Axelle Lemaire**
varaformaður vináttuhóps franskra og íslenskra þingmanna, þingmaður á franska þinginu fyrir Frakka búsetta í Norður-Evrópu

Hafið hefur mótað þjóðarsál Íslendinga, líkt og það hefur gert í Frakklandi, sérstaklega á Bretaníuskaga. Það er einnig hafið sem hefur myndað fjölbreytt tengsl beggja okkar landa, þrátt fyrir landfræðilega fjarlægð. Minningin um frönsku sjómennina sem hlutu vota gröf við Ísland, ásamt frásögnum um sjómenn sem bjargað var af heimafólki, lifir í hugum fólks enn í dag. Virðing og vinátta Íslands og Frakklands er meiri fyrir vikið, en haldið verður upp á það með nýjum menningarviðburðum.

Hafið vakti hrifningu snemma á öldum. Á næsta ári verður opnuð farandsýning á Íslandi um hafkortagerð flotaforingjans Kerguelens á 18. öld, en hann kortlagði svæðið kringum Ísland.

Hversu mörgum frönskum sjómönnum var bjargað, hjúkrað og veitt húsaskjól af Íslendingum á öldinni sem fylgdi, milli 1830 og 1930? Þrír franskir spítalar, í Reykjavík (sem hýsir í dag tónlistarskóla), Vestmannaeyjum og á Fáskrúðsfirði, voru reknir af íslenskum læknum og aðstoðuðu jafnt íslenska sjúklinga sem franska. Bygging spítalans á Fáskrúðsfirði gengur í endurnýjun lífdaga um þessar mundir, en þar verður á næsta ári opnað hótel og safn um frönsku sjómennina.

**Rækta áhugann**

Á 20. öld þróaðist vitsmunalegur og tungumálalegur skilningur sem enn er til staðar í dag. Sama ár, 1911, opnuðu Alliance française og Háskóli Íslands dyr sínar nemendum í fyrsta skipti og kenndu frönsku sem fyrsta erlenda tungumál. Allmargir eru þeir íslensku menntamenn sem rækta áhuga sinn á Frakklandi, t.d. Pétur Gunnarsson, Sigurður Pálsson, og Thor Vilhjálmsson, sem sárt er saknað. Á hinn bóginn er íslensk ritlist, með glæpasögum sínum og ljóðrænni depurð, mikils metin hjá frönskum lesendum.

Í sögu Frakklands og Íslands á 20. öld er Jean-Baptiste Charcot kennileiti. Hann stendur upp úr sökum mikilvægis síns, mikils áhuga á Íslandi og sorglegra endaloka sem hann hlaut við strendur landsins. Allt frá árinu 1902 og til dauðadags, þegar skip hans, Pourquoi pas?, fórst við Álftanes í Borgarfirði, hélt læknirinn, könnuðurinn, vísindamaðurinn og húmanistinn Charcot í allmarga leiðangra til norðurskautssvæðisins og hafsvæðanna kringum Ísland. Ef hann skildi eftir spor hjá Íslendingum er það forvitni hans um íslenska menningu að þakka, auk hlýju hans og vináttu gagnvart heimamönnum, sem þeir endurguldu honum sannarlega.

**Fransk-íslensk hljómsveit**

Undir áhrifum frá arfleifð Charcot hefur nýju verkefni verið ýtt úr vör: Fransk-íslenska sinfóníuhljómsveitin (FIFO) hefur verið stofnuð til að gæða samband landanna nýju lífi. Af hverju tónlist? Af hverju að búa til hljómsveit með tónlistarmönnum beggja landa? Vegna þess að við deilum ástríðu fyrir þessu listformi, sem er innprentað í listræna tjáningu beggja þjóða. Vegna þess að þessi nýja hljómsveit getur, líkt og vináttan, enst lengi með breytilegu sniði. Og eins og vináttan mun hún byggjast á gagnkvæmni: hljómsveitin mun bjóða almenningi að hlýða á verk eftir tónskáld frá báðum löndum, flutt á Íslandi á þessu ári og í Frakklandi næsta vor, í höfuðstöðvum UNESCO. Líkt og vináttan er hljómsveitin vandlát, en meðlimir hennar eru allir færir tónlistarmenn. Og að lokum má segja að hún, einnig líkt og vináttan, sé holdgervingur gilda sem við höfum í hávegum, en listrænn stjórnandi hennar, Amine Kouider, hefur verið útnefndur friðarlistamaður UNESCO, og allur ágóði af sölu miða á tónleikanna í Hörpu 16. september síðastliðinn rann til Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

**➜ Virðing og vinátta Íslands og Frakklands er meiri fyrir vikið, en haldið verður upp á það með nýjum menningarviðburðum.**

Heimsókn okkar til Íslands nú í haust, í tilefni af stofnun frönsk-íslensku sinfóníuhljómsveitarinnar, sem fól í sér fundi með ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, formanni utanríkismálanefndar Alþingis, borgarfulltrúum og Frökkum búsettum á Íslandi, sýnir að vinskapur Frakklands og Íslands getur endurnýjað sig og verið meira lifandi en nokkurn tímann. Vive l'Islande! Og megi vináttusamband landanna blómstra.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**STJÓRNIN Í 25 ÁR**

**Hljómsveitin Stjórnin fagnar 25 ára afmæli með tónleikum í Háskólabíói annað kvöld kl. 20. Sigga Beinteins, Grétar Örvarsson og gestir stíga á svið með vel þekkta smelli og stemningin frá sveitaböllunum verður endurvakin.**


ÚTSKRIFTARGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



iittala

10% afsláttur

Tékk KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





15% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM

MARINA RINALDI

MaxMara

BASLER

Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



ÁTT ÞÚ ERFITT MEÐ AÐ FINNA ÞÉR BUXUR SEM PASSA VEL?

Eigum frábært úrval af buxum í klæðilegum sniðum.

Háar í mittið!

Stærðir 34-46



TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777


# LAUS VIÐ PIRRING, SVITA OG HITAKÓF

**VISTOR KYNNIR** *Femmenessence MacaLife og MacaPause eru fæðubótarefni fyrir konur, unnin úr maca-rót. Rótin hefur sérlega góð áhrif á hormónatengd óþægindi, svo sem skapsveiflur, hitakóf og önnur einkenni breytingaskeiðs.*

Það gat verið ansi óþægilegt að sitja fyrir framan fólk og finna hita stíga til höfuðsins, svita leka niður bakið og vera klæðandi mig úr og í og opnandi glugga svo aðrir voru að frjósa úr kulda," segir Guðrún Haraldsdóttir, sem fyrir hálfu öðru ári fór að finna fyrir einkennum breytingaskeiðsins, ekki síst hitakófum og pirringi.

Guðrún er 47 ára og starfar á söluskrifstofu þar sem ávallt er mikill erill og nóg að gera. „Ég er í góðu formi, er í líkamsrækt, hreyfi mig reglulega og er mikið á ferð og flugi. Þetta ástand olli mér því töluverðri vanlíðan," viðurkennir Guðrún, sem einnig vaknaði ýmist rennsveitt eða ísköld um nætur en það skerti gæði nætursvefns og hafði áhrif í daglegu amstri.

„Ég velti fyrir mér hvernig ég gæti snúið mér í þessum vanda, án þess að hakka í mig hormóna, enda ekki komin á aldur fyrir svoleiðis," segir Guðrún og brosir.

Hjálpin kom úr óvæntri átt þegar hún frétti af fæðubótarefninu Femmenessence MacaLife sem hún ákvað að prófa og hefur tekið í tæpt ár.

„Femmenessence MacaLife er náttúruleg vara og ég finn mikinn mun á mér. Ég er miklu hressari og öflugri í dagsins önn, svitakófin eru hætt og ég er á allan hátt í betra jafnvægi, andlega og líkamlega. Ég mæli því hiklaust með Femmenessence fyrir konur því við þurfum ekki að láta okkur líða illa. Það er til lausn," upplýsir Guðrún.

### HORMÓNAJAFNVÆGI ÁN HORMÓNA

Femmenessence MacaLife er unnið úr maca-rót (Lipidium Peruvianum) sem vex eingöngu hátt í Andesfjöllum Perú. Rótin er flokkuð sem ofurfæða og kemur jafnvægi á og styður við hormónaframleiðslu líkamans. Auk þess að stilla skapsveiflur, hitakóf og bæta svefn, sýna rannsóknir aukna beinþéttni og betri þyngdarstjórnun.

„Femmenessence hefur mikla virkni og því er mælt með að byrja rólega. Eitt hylki að morgni í eina viku og síðan bætt við skammtinn smátt og smátt," segir Guðný Traustadóttir, markaðsfulltrúi hjá Vistor.

Femmenessence MacaLife fæst í helstu apótekum og heilsubúðum. Sjá nánar á vistor.is og Facebook undir Femmenessence á Íslandi.



**ÖFLUGRI** Guðrún Haraldsdóttir segist bæði hressari og öflugri eftir að hún fór að taka inn Femmenessence MacaLife. MYND/GVA



**LAUSNIN FUNDIN** Femmenessence MacaLife er fyrir konur eftir fertugt og þær sem hafa einkenni breytingaskeiðs. Femmenessence MacaPause er fyrir konur eftir tíðahvörf.


HAUST tilboðsdagar

25-50% afsl.

af hágæða sængurverasettum í stærðum 140x200 / 140x220 / 200x200 og 200x220 cm

Nokkrar skipti-/sýningar- og útlitsgallaðar dýnur í mismunandi stærðum með verulegum afslætti

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík



25% afsl.

af vönduðum hægindastól með ljósu leðri

Verð nú aðeins kr. 67.425.-

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# FÉLL Í SKVÍSUPÓSU

**MÓÐINS** *Tískugyðjan Pattra Sriyanonge vekur bæði athygli og aðdáun með tískubloggi sínu á Trendnet. Hún drakk í sig tískuáhugann með móðurmjólkinni.*

*Hefur þú alltaf haft áhuga á tísku?*

Já, alveg síðan ég fór að geta tjáð mig. Ein af mínum uppáhaldsbernskumyndum er af mér þriggja ára í hörjakkafötum með stærðarinnar myndavél um hálsinn. Móðir mín átti stóran þátt í tískuáhuga mínum og var dugleg að klæða mig upp á þegar ég var barn. Hún setti mig meðal annars í afklipptar Levi's-gallabuxur sem er í tísku enn í dag.

*– Hvað leggur þú áherslu á þegar þú bloggar?*

Ég skrifa um allt sem mér dettur í hug en bloggið er persónulegt og ég legg mikið upp úr því að vera ég sjálf. Tíska er vissulega í aðalhlutverki, í alls kyns formi. Annars hef ég mörg önnur áhugamál og hef til dæmis ótrúlega gaman af eldamennsku sem ég deili gjarnan á blogginu.

*– Hvaða hönnuðir eru í uppáhaldi?*

Um þessar mundir er Isabel Marant í algjöru uppáhaldi og ég bíð ofurspennt eftir því að fatalína hennar fyrir H&M komi í búðirnar. Einnig þykir mér Stella McCartney sérstaklega elegant og Marc Jacobs alltaf skemmtilegur, svo fáein séu nefnd.

*– Er einhver flík sem þú stenst ekki?*

Ég virðist ekki fá nóg af tvíeykinu fallegri yfirhöfn og vel sniðnum buxum.

*– Manstu skemmtilega tískuupplifun?*

Það var eftirminnilegt þegar klaufabárðurinn ég náði að detta með tilþrifum á Marc Jacobs/Coca-Cola-samkomu í Lundúnum síðasta vor. Agalega hressandi að hrasa í gólfið og rífa niður bakgrunnsskiltið í leiðinni þegar verið var að taka af mér skvísumynd. Að pósa getur reynst erfitt, greinilega.

*– Áttu þér uppáhaldsverslanir?*

Ég er fastagestur hjá Weekday, Wood Wood, Støy Munkholm og Samsøe & Samsøe, skandínavískar og flottar.

*– Eyðir þú miklu í fatakaup?*



**HEIMAGALLI** Hér er Pattra í afslöppun heima við í röndóttum toppi úr H&M og buxum frá Monki.

Sennilega umfram þörf en ég reyni að taka skynsemina á þetta og hugsa mig vel og vandlega um áður en ég fjárfesti í flík, með misjöfnum árangri. Verandi búsett í Danmörku er þægilegt að geta skilað flíkum aftur í búðir og fengið endurgreitt fái maður bakþanka. Stundarbrjálæðiskaup geta þó komið fyrir besta fólk.

*– Hvort verslar þú meira á Íslandi eða í útlöndum?*

Fataverslanir á Íslandi eru margar hverjar glæsilegar þó svo ég heimsæki þær ekki oft. Hér á meginlandinu er samt algjörlega best að vera hvað fatakaup varðar; valmöguleikarnir og freistingarnar endalausar. Ég kaupi því nær allar mínar flíkur hér úti.

thordis@365.is



**HLÝLEG** Pattra segir ullarkápur vera skyldueign í vetur. Hér er hún í kápu frá Zöru.



Peysurnar eru bæði þykkar og þunnar, síðar og stuttar.

# RÚLLUKRAGINN ER MÆTTUR Á NÝ

*Rúllukragapeysur eru komnar aftur í tísku. Það er ekki slæmt, peysurnar eru hlýjar og fyrsti vetrardagur er á laugardaginn.*

Fyrst fór að bera á rúllukragapeysunum þegar tískuhönnuðirnir Stella McCartney og Céline sýndu haust- og vetrarlínu sína. Fleiri merki fylgdu í kjölfarið eins og Proenza Schouler og Isabel Marant. Vinsælar tískubúðir eins og Zara, Mango og H&M voru fljótar að bregðast við og bjóða nú upp á rúllukragapeysur í verslunum sínum.

Samkvæmt hönnuðunum á að klæðast stuttu pilsi eða buxum við peysurnar. Þær geta jafnt verið þunnar og fíngerðar eða þykkar og fyrirferðarmiklar. Hvítur litur er vinsæll.

Svartar rúllukragapeysur voru afar vinsælar á sjöunda áratugnum en allar helstu stjörnur þess tíma klæddust þeim. Þar má nefna Marilyn Monroe, Audrey Hepburn, Jackie Onassis, Brigitte Bardot og Faye Dunaway að ógleymdri Twiggy. Tískan í dag leitar einmitt til þess tíma þegar þessar konur voru upp á sitt besta.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**












hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook

Vandaðir þýskir herraskór úr leðri,
skinnfóðraðir. Stórar stærðir



Stærðir: 40 - 47
Verð: 16.985.-



Stærðir: 41 - 48
Verð: 16.985.-

Misty skor
Laugavegi 178

Opið Mánudag-Föstudag
Frá klukkan 10:00 - 18:00
og laugardaga: 10 - 14



Síðar skyrtur frá GOZZIP®

Litir:
FJÓLUBLÁTT, SVART
STR. 36-58
(STÓRAR STÆRÐIR)

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

VÍMUVARNAVIKA 2013

VIKA 43
21- 28. október

Fyrir okkur öll!

www.vika43.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

# FORYNJA FYRIR BÖRN

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Ný barnafatalína og heimilislína eru væntanlegar frá Söru Maríu Forynju á næstu dögum. Þær urðu til þegar hönnuðurinn tók sér langþráð frí. Í dag opnar Sara María sýningu á silkikjólum í Kirsuberjatrénu.*

Ég tók mér frí í eitt og hálft ár og notaði þann tíma til að gera ýmislegt skemmtilegt," segir Sara María, fatahönnuður Forynju, en ný barnafatalína er væntanleg frá henni á næstu dögum undir merkjum Forynju.

Barnafatalínan samanstendur af buxum og peysum, bolum, pilsum, kjólum og samfestingum, í afgerandi hressilegum litum og með áþrykktu munstri sem einkennir hönnun Söru Maríu. Barnafötin höfðu lengi verið á dagskrá en aldrei hafði unnist tími til að sinna þeim, segir Sara.

„Gegnum árin hafði ég gert eina og eina barnaflík og langaði alltaf til að gera meira. Í fríinu gat ég spólað til baka, laus við stressið sem fylgdi því að framleiða einungis það sem bráðvantaði í búðina og gert það sem mig langaði til að gera," segir Sara. „Þá fór ég að gera barnafötin. Ég er að vinna í línunni á fullu þessa dagana. Peysurnar eru komnar í sölu og svo fer þetta allt í gang eftir helgina."

Sara nýtti fríið til fleiri hluta en hönnunar barnafatalínunnar. Hún hannar einnig heimilislínu undir merkjum Forynju og í henni eru meðal annars flauelspúðar, viskustykki og borðtuskur með áprentuðum myndum sem Sara tók sjálf.

Þá hefur Sara María einnig bæst í hóp hönnuðanna í Kirsuberjatrénu og í dag klukkan 17 verður opnuð samsýning hennar og Kolbrúnar Ýrar fatahönnuðar, þar sem Sara sýnir glænýja silkikjóla.

„Við Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona höfum verið að vinna saman silkikjóla með áprentuðum myndum sem Elva tók sjálf. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á hafinu og myndirnar eru af ígulkerum og fleiru sem tengist sjónum. Kolbrún sýnir nýjustu hálsmenalínu sína, Elsk. Það eru því margir skemmtilegir hlutir í gangi núna, sem er æðislegt. Ég er mjög spennt."



**SAMSTARF** Sara María Júlíudóttir Forynja og Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona hafa hannað silkikjóla með handþrykktum myndum eftir Elvu Ósk. Kjólarnir verða sýndir á samsýningu Söru Maríu og Kolbrúnar Ýrar fatahönnuðar í Kirsuberjatrénu, í dag klukkan 17.





■ heida@365.is

# HUNDSTÖNNIN Í UNDIRGÖNGUM

*Aldagamalt skoskt vefnaðarmunstur hefur verið útfært á undirgöng í miðbænum í hressilegum litum.*

„Munstrið heitir Houndstooth og er rótgróið í tískuheiminum. Ég rakst á það á hatti í búðinni og sá að það yrði gaman að stækka það upp og betrekkja undirgöngin með því," segir Harry Jóhannsson, listamaðurinn á bak við hressilega veggskreytingu við Laugaveg 34.

Verkið vann hann fyrir Verslun Guðsteins nú í haust en hann er einnig höfundurinn að baki bindishnúta-leiðbeiningunum á gafli hússins sem löngu eru orðnar rótgrónar í hugum vegfarenda um Laugaveginn. Svo rótgrónar að mörgum finnst eins og þær séu jafngamlar húsinu.

„Ég lenti meira að segja í hálfgerðu rifrildi við mann, eldri en ég, sem stóð á því fastar en fótunum að myndirnar hefðu verið þarna frá því hann var pjakkur. Ég tek því sem svo að þær hafi tekist vel," segir Harry hlæjandi.

„Sá veggur var skotmark veggjakrotara og ég gerði myndirnar fyrir Svövu í Guðsteini, eftir að hafa fylgst með henni mála vegginn aftur og aftur, dag eftir dag. Hann hefur fengið að vera nokkurn veginn í friði síðan," segir hann.

Hundstannarmunstrið í göngunum er í vinnslu segir Harry og verður klárað í vor. Litina í munstrið valdi hann út frá litum hússins og notaði pensil í stað úðabrúsa.

„Ég ákvað að mála munstrið á veggina en ekki spreyja, þannig verður það frekar partur af húsinu með tímanum, finnst mér," segir hann og er nokkuð ánægður með útkomuna. „Ég hafði mjög gaman af þessu. Það er líka svo frábært að þessi næstum hundrað ára gamla búð á Laugaveginum standi fyrir svona skemmtilegheitum í miðbænum."

■ rat



**LÍFGAR UPP Á LAUGAVEGINN** Harry Jóhannsson er listamaðurinn á bak við veggskreytinguna á Laugavegi 34. Hann vann hana upp úr aldagömlu skosku vefnaðarmunstri. MYND/GVA

# ÚTFARIR

FIMMTUDAGUR 24. OKTÓBER 2013

**Kynningarblað**
Graníthöllin
Útfararstofa Svafars og Hermanns
Granítsteinar
Útfararstofa Kirkjugarðanna






Markmið Graníthallarinnar, í Bæjarhrauni 26, er að bjóða fallega og vandaða legsteina og fyrsta flokks þjónustu.

# Fjölbreytt úrval legsteina

**Graníthöllin ehf.** Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði var formlega opnuð árið 2012 en eigandi Graníthallarinnar, Heiðar Steinsson, á að baki 22 ára reynslu í meðhöndlun náttúrusteins og margra ára reynslu í vinnu við legsteina.

### Markmið Graníthallarinnar

Markmið Graníthallarinnar er að bjóða fallega og vandaða legsteina og fyrsta flokks þjónustu á samkeppnishæfu verði. Graníthöllin býður upp á fjölbreytt úrval legsteina úr graníti, allt frá einföldum og klassískum legsteinum og upp í skrautlega steina með miklum útskurði. „Í verslun okkar að Bæjarhrauni 26 erum við með yfir hundrað gerðir af legsteinum í fjölmörgum litum en steinunum er stillt upp í rúmgóðum sýningarsal. Ef þú finnur ekki það sem þú leitar að er hægt að sérpanta legsteina eftir óskum hvers og eins og er það ekkert dýrara. Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Granít hentar sérstaklega vel í legsteina þar sem það þolir hvað best íslenska veðrun,“ segir Heiðar.

### Fylgihlutir með legstein

Graníthöllin býður upp á mikið úrval af fylgihlutum með legsteininum, svo sem beðramma framan við legsteininn, luktir, vasa og ljósmyndaramma utan um keramikmyndir, en mjög hefur færst í vöxt að fólk vilji fegra legsteininn með fylgihlutum að smekk hvers og eins. Einnig er hægt að fá koparluktir og vasa, sem hafa notið vinsælda í áratugi, en einnig granítluktir og granítvasa í stíl við legsteininn sem er nýjung hér á landi.

Heiðar segir að fólki líki granítfylgihlutirnir mjög vel, enda séu þeir stílhreinir og fallegir. Kosturinn við granítfylgihlutina sé að þeir séu úr sama efni og legsteinninn og hafi því sambærilegan endingartíma.

### Lagfæringar á legsteinum

Graníthöllin tekur að sér viðgerðir og viðhald á eldri legsteinum, þó þeir séu ekki frá fyrirtækinu sjálfu. „Það borgar sig að laga legsteina sem eru farnir að halla eða við það að falla á hliðina en það hafa orðið alvarleg slys erlendis af völdum þess að steinar falla um koll,“ lýsir Heiðar en slíkt lagar Graníthöllin

FRAMHALD Á SÍÐU 2 ▶


Í rúmgóðum sýningarsal má sjá úrvalið af legsteinum Graníthallarinnar.




# Sorgin víkur fyrir friði jólanna

Ómissandi hluti af jólahaldi margra Íslendinga er að eiga kyrrðarstund við leiði látinna ástvina á aðfangadag, líta yfir farinn veg og rifja upp minningar um jólin sem voru. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma mælast til að jólaskreytingar á leiði séu unnar úr náttúrulegum, vistvænum og endurvinnanlegum efnivið.

Andrúmsloftið er hátíðlegt í kirkjugörðum á aðfangadegi jóla og ánægjulegt að upplifa hversu fólki líður vel að sinna þessum hluta mannlífsins sem er heimsókn í kirkjugarð um jól og að sýna látnum ástvinum virðingu," segir Þorgeir Adamsson, garðyrkjustjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Þorgeir segir Íslendinga glysgjarnari en frændur vora á Norðurlöndunum þegar kemur að jólaskreytingum á leiði.

„Skreytingar Íslendinga eru upp til hópa litríkar og íburðarmiklar á sama tíma og stefna okkar í kirkjugörðunum er að verða umhverfisvænni. Við mælumst því til að fólk útbúi jólaskreytingar úr vistvænum og endurvinnanlegum efnivið, eins og mismunandi tegundum sígrænna greina, könglum, stráum, þurrkuðum berjum og slaufum úr niðurbrjótanlegum efnum."

Förgun á gríðarlegu magni óendurvinnanlegra jólaskreytinga er afar kostnaðarsöm fyrir kirkjugarðana, að sögn Þorgeirs.

„Ákjósanlegast væri að geta fargað öllum jólaskreytingum í jarðvegsgerð innan garðanna. Kertadósir fara beint í endurvinnslu málma og starfsfólk Bjarkaráss hirðir kertavax sem fellur til af óbrunnum kertum og notar til að steypa ný útikerti," upplýsir Þorgeir.

Hann segir boðskapinn smám saman vera að komast til skila.

„Við viljum síður vera með boð og bönn heldur sjá þetta þróast á réttan hátt. Því erum við þakklát fyrir viðtökurnar sem komið er en betur má ef duga skal."

Í Fossvogs- og Gufuneskirkjugarði gefst kostur á raflýsingu sem fer fram í gegnum verktaka. Kveikt er á ljósakrossum fyrsta sunnudag í aðventu og ljósin látin loga fram yfir þrettándann.

„Raflýst jólaljós eru sívinsæl og tilkomumikið að horfa á tindrandi jólalýsingu í kirkjugörðum á aðventunni," segir Þorgeir sem stendur vaktina á aðfangadag sem hann segir gestkvæmasta dag ársins í kirkjugörðum.

„Þá þjónusta starfsmenn okkar gesti og stjórna umferð sem er stöðugt frá klukkan átta að morgni þar til þjónustu okkar lýkur klukkan 15. Eftir það er umferð frjáls inn í garðana og sjáum við vel á ummerkjum að fólk kemur að leiðum fram á jólanótt."

Þorgeir segir hjartnæmt að sjá hvernig margar stórfjölskyldur sameinast ár eftir ár við leiði ömmu, afa eða annarra sem kvatt hafa jarðvistina á undan.

„Víst koma sumir í sorg og söknuði að leiðum ástvina sinna á aðfangadag en sorgin er þó ekki áþreifanleg heldur friður jóla sem ríkir í hjörtum gesta."








Jólaskreytingar setja hátíðlegan blæ á kirkjugarðana en mikilvægt er að hafa þær vistvænar þar sem förgun á óendurvinnanlegum jólaskreytingum er afar kostnaðarsöm. MYND/VILHELM



Þorgeir hvetur fólk til að útbúa endurvinnanlegar og náttúrulegar jólaskreytingar á leiði ástvina fyrir komandi jól. MYND/GVA

FRAMHALD AF FORSÍÐU ▶

fyrir sanngjarnt verð. „Við bjóðum einnig upp á þá þjónustu að hreinsa upp eldri legsteina, bæta við áletrun og hreinsa og endurmála þegar farið er að sjá á letri."

### Uppsetning legsteina allt árið

Heiðar bendir á að hægt sé að setja legsteina niður allt árið um kring. „Við uppsetningu legsteins skiptum við um jarðveg undir steininum, hellusandur er settur í staðinn fyrir moldina og þjappað og slétt vel þannig að steinninn standi beinn og fallegur í kirkjugarðinum," segir hann. Graníthöllin tekur ábyrgð á uppsetningu legsteins í þrjú ár frá kaupdegi. „Ef legsteinn fer að halla eða síga er um að gera að hafa samband við okkur og við komum og gerum tilheyrandi ráðstafanir til að laga undirlag og rétta legsteininn af.

### Um Graníthöllina

Graníthöllin er til húsa í Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði, á móti Fjarðarkaupum, en fyrirtækið þjónustar allt landið. Fyrirtækið er í rúmgóðu og fallegu húsnæði með góðu aðgengi og vel er tekið á móti öllum. Nánari upplýsingar er að finna á granithollin.is og í síma 555-3888. Alltaf er heitt á könnunni og bakkelsi í boði.

### Graníthöllin er á Facebook

Fram að jólum er leikur í gangi sem felst í því að þeir sem líka (like) við síðuna og kvitta fyrir þátttöku styrkja Barnaspítala Hringsins um 10 krónur. Leikurinn felur einnig í sér gjafir til þátttakenda en á hverjum föstudegi fram til jóla eru dregnir úr tíu þátttakendur og vinna þeir heppnu gjafabréf, út að borða fyrir tvo á veitingastaðnum Saffran við Bæjarhraun í Hafnarfirði.




Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is, s. 512 5429 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Tökum vel á móti öllum

**Blómasmiðjan** hefur í rúma tvo áratugi lagt áherslu á vandaða og faglega þjónustu vegna útfara og kemur til móts við þarfir hvers og eins. Mæðginin Málfríður Hildur Bjarnadóttir og Bjarni Finnsson, garðyrkjumaður og blómaskreytir, reka Blómasmiðjuna.

Þegar andlát ber að höndum er algengt að nánasta fjölskylda vilji hafa kistuskreytingu, krans og altarisvendi við útförina. Einnig er algengt að fleiri taki sig saman og sendi krans eða kross með borða í útför ættingja eða vinar. Við sjáum um að útbúa það og koma því á staðinn fyrir athöfn,“ útskýrir Málfríður Hildur Bjarnadóttir, en hún rekur Blómasmiðjuna í félagi við föður sinn, Bjarna Finnsson, garðyrkjumann og blómaskreyti.

Málfríður segir mikið úrval hlýlegra smágjafa að finna í hillum Blómasmiðjunnar.

„Við höfum töluvert úrval af samúðargjöfum, kertum og englum sem fólk færir vinum og vandamönnum gjarnan sem eiga um sárt að binda. Við tökum vel á móti öllum og leggjum okkur fram við að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Fólk getur hringt í okkur eða komið til okkar í búðina, skoðað myndir og fengið hugmyndir um verð, áprentanir á borða og litaval,“ segir Málfríður.

Blómasmiðjan er til húsa í verslunarmiðstöðinni Grímsbæ við Efstaland 26. Aðkoma að miðstöðinni er góð og næg bílastæði.

Síminn er 5881230 og netfang: blomasmidjan@blomasmidjan.is.



Úrval samúðargjafa er að finna í Blómasmiðjunni.




Blómasmiðjan er til húsa í verslunarmiðstöðinni Grímsbæ, Efstalandi 26.



Bjarni Finnsson, garðyrkjumaður og blómaskreytir, við vinnu sína en hann rekur Blómasmiðjuna í samvinnu við dóttur sína, Málfríði Hildi. MYND/GVA



Hermann Jónasson hjá Útfararþjónustu Svafars & Hermanns Kvedja.is segir persónulega þjónustu skipta höfuðmáli. MYND/GVA

# Virðing og traust

**Útfararstofa Svafars & Hermanns** tók til starfa fyrir ári en þar innanhúss er margra ára reynsla við skipulagningu útfara. Hermann Jónasson segir gagnkvæmt traust og virðingu grundvallaratriði þegar kemur að skipulagningu útfarar.

**Anna Hallin mun á sunnudaginn leiða gesti um sýninguna sína Samleikur, sem nú stendur yfir í Ásmundarsafni. Á sýningunni vinnur Anna með eins konar samspil verka sinna og höggmynda Ásmundar Sveinssonar. Hún skoðar tengsl Ásmundar við Svíþjóð og verk Carls Milles en Ásmundur var nemandi hans í Stokkhólmi um árabil. Á sýningunni eru skúlptúrar eftir Önnu, teikningar og innsetning sem eiga í samtali við bygginguna og valin verk Ásmundar frá fjórða og fimmta áratugnum. Leiðsögnin hefst klukkan 15.**



**MEISTARI** Ásmundur Sveinsson myndhöggvari við verk sitt Tröllkonuna.

# Sverðið vísar til sæmdar og hugrekkis

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur á morgun fyrir málþingi um ævi og ritstörf Jorges Luis Borges í Þjóðminjasafninu. Meðal fyrirlesara er Jón Hallur Stefánsson sem fjallar um sverð í verkum Borges.

„Minn fyrirlestur verður eins konar angi af eða réttara sagt nýr flötur á ritgerð minni um bautastein Borgesar sem birtist í Tímaritröðinni 1005 í vor,“ segir Jón Hallur Stefánsson, einn frummælenda á málþingi um skáldskap argentínska Íslandsvinarins, rithöfundarins og ljóðskáldsins Jorges Luis Borges sem Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur fyrir á morgun. „Ég ætla að tala um sverð, en Borges var kominn af hermönnum í báðar ættir og þegar hann var drengur var hann með tvö sverð hangandi á veggjunum hjá sér. Sverðið tengist því fjölskyldu hans beint og er mjög sterkt tákn í verkum hans alla ævi. Vísar þar til sæmdar og hugrekkis og gildis þess að bregðast ekki sem var honum mjög mikilvægt.“

Málþingið fer fram frá klukkan 14 til 17 á morgun í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins og er haldið í tilefni þess að út kom á árinu hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni bókin Yfir saltan mar: Þýðingar á ljóðum Jorge Luis Borges.

Frummælendur eru auk Jóns Halls þau Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku við Háskóla Íslands, Jón Karl Helgason, prófessor í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands, og Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi. Kynnir verður Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í spænsku við Háskóla Íslands.

Rúsínan í pylsuendanum er síðan fyrirlestur sem ber yfirskriftina: „Hvernig skrifaði Borges: Um handritið Örlög Norðurlanda“ sem Daniel Balderston, prófessor og framkvæmdastjóri Borgesseturs við Háskólann í Pittsburg í Bandaríkjunum, flytur. Ástráður Eysteinsson, prófessor í almennri bókmenntafræði og forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, kynnir gestafyrirlesarann.

Fyrirlestur Daniels Balderston verður fluttur á ensku en annað efni er flutt á íslensku. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



**SVERÐ BORGESAR** Jón Hallur heldur áfram útleggingum sínum á merkingu tákna á bautasteini Borgesar á málþinginu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fridrikab@frettabladid.is

Kjörorð Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar er:

Stuðningur til sjálfstæðis!

Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 blindir eða sjónskertir einstaklingar, margir með viðbótarfatlanir. Með kaupum á vörum Blindravinnustofunnar styður þú við atvinnuþátttöku þeirra.




Blindravinnustofan
Stuðningur til sjálfstæðis



**FÖNIXINN FLÝGUR** María Ellingsen og Rejo Kela túlka elskendurna sem þurfa að skilja. MYND/VERA PÁLSDÓTTIR

# Fönixinn rís enn á ný úr öskunni

Dansleikhúskonsertinn Ferðalag Fönixins – um listina að deyja og fæðast á ný verður sýndur á Álandseyjum í á laugardaginn. María Ellingsen, sem fer fyrir hópnum sem að sýningunni stendur, segir áhorfendur hrífast mjög af verkinu.

„Við frumsýndum Fönixinn á Stóra sviði Borgarleikhússins á Listahátíð 2011 og hann tekur nú flugið enn á ný en þetta er í fjórða skipti sem okkur er boðið út fyrir landsteinana með sýninguna, nú af Norrænu stofnuninni á Álandseyjum,“ Segir María Ellingsen leikkona sem fer fyrir hópnum og stendur á sviðinu ásamt Eivöru Pálsdóttur, sem semur og fremur tónlistina, og finnska tilraunadansaranum Rejo Kela. „Verkið var samið af hópnum en í honum eru auk okkar þau Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahöfundur, Filippía Elísdóttir búningahöfundur og Björn Bergsteinn Guðmundsson ljósameistari, sem útfæra myndheiminn.“

Fylgir verkið sögunni um Fönixinn? „Goðsagan um Fönixinn sem flýgur inn í eldinn, brennur upp og fær svo nýja vængi skapar rammann fyrir verkið. Í okkar útgáfu birtist goðsagan hins vegar í ferðalagi manns og konu í gegnum ástarsamband sem gengur ekki upp. Þau þurfa að syrgja og sleppa til að geta haldið áfram enda heitir verkið fullu nafni Ferðalag Fönixins – um listina að deyja og fæðast á ný.“

María segir verkið hafa gefið aðstandendum þess mikið og það skili sér til áhorfenda. „Það var spennandi að kanna hvernig leikari, dansari og söngvari næðu saman í túlkuninni og svo virðist sem þetta samspil ásamt myndrænu upplifuninni hafi náð að snerta fólk djúpt hvar sem við höfum sýnt.“

Eru frekari ferðalög Fönixins á döfinni? „Okkur langar að ferðast með þetta víðar og eru Grænland og Japan efst á óskalistanum,“ segir María.

- fsb

# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM HÁRSNYRTI RAFTÆKJUM

PHILIPS REMINGTON WAHL BaByliss BRAUN TRISTAR



Gildir til 27. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FIMMTUDAGUR

**Opnanir**

**18.00** Opnunarhátíð Lygnu, fjölskyldumiðstöðvar. stendur á milli klukkan 18 til 20. Lygna er staðsett við Síðumúla 10. Allir hjartanlega velkomnir.

**Upplestur**

**18.00** Fyrsta ljóðabók Bergrúnar Önnu Hallsteinsdóttur, Stofumyrkur, kemur út í hjá forlaginu Meðgönguljóð. Blásið verður til útgáfuhófs í Bókabúð Máls og menningar kl 18. Lestur og veitingar í boði.

**Pub Quiz**

**21.00** Rokk Quiz á Bar 11. Húsið er opnað klukkan 21 og keppni hefst stundvíslega klukkan 22. Allir velkomnir og það kostar ekkert að taka þátt. Spyrill að þessu sinni verður Matti á Rás 2.

**Tónlist**

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Obladíoblada,Frakkastíg 8.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



# Íkorni gefur út plötu

## Tónlistarmaðurinn Stefán Örn gefur út eigið efni

Íkorni er aukasjálf tónlistarmannsins Stefáns Arnar Gunnlaugssonar sem hefur komið víða við. Auk þess að semja og flytja tónlist með hljómsveitunum á borð við Buff, Lights on the Highway, Jónasi Sig og fleirum hefur hann getið sér gott orð sem upptökustjóri og útsetjari. Nýja platan, sem gefin er út af útgáfufyrirtækinu Geimsteini, verður flutt í heild sinni á útgáfutónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld klukkan 20.00.

Einvalalið tónlistarmanna er Íkorna til halds og trausts við flutning tónlistarinnar. - glp



**ÍKORNI** Er aukasjálf tónlistarmannsins Stefáns Arnar Gunnlaugssonar.



**HÖFUNDAR AUMINGJAKYNSLÓÐARINNAR** Höfundar verksins eru þær Védís Kjartansdóttir, Ásrún Magnúsdóttir og Kara Hergils, en hana vantar á mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Aumingjakynslóðin sýnd

Í kvöld klukkan 20.00 verður „Aumingjakynslóðin“ sýnd í Þjóðleikhúskjallaranum.

Ásrún Magnúsdóttir, Kara Hergils og Védís Kjartansdóttir eru danshöfundar. Þær tóku höndum saman og settu upp verk í samstarfi við tíu aðra listamenn.

Sýningin leitast við að svara áleitnum spurningum höfunda. „Þegar er búið að finna upp rokkið, pönkið, hipparnir komnir og farnir, Ísland orðið sjálfstætt, rauðsokkur stignar fram, stríðinu lokið, tyggjó komið til landsins, knörrinn sigldur úr landi og þotan flogin inn. Hvað er þá eftir handa okkur að berjast fyrir? Snúumst við bara í kringum okkur sjálf?“ - ósk



**TÖFRUM LÍKAST** Jón Víðis er á meðal þeirra sem koma fram í Salnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Töfrasýning í Salnum

Hið íslenska töframannagildi, HÍT, stendur fyrir árlegu töfrakvöldi í Salnum í Kópavogi í kvöld. Kvöldin hafa verið haldin hátíðleg frá því félagið var stofnað árið 2007.

Aðalgestur sýningarinnar er breski töframaðurinn Richard McDougall, en hann hefur meðal annars leikið listir sínar fyrir Elísabetu Bretlandsdrottningu, Sir Paul McCartney og Ringo Starr. McDougall er fyrrverandi heimsmeistari í Close Up Magic og hefur einnig unnið náið með töframanninum þekkta, Derren Brown, Fimm íslenskir töframenn taka þátt í sýningunni, Skúli Rafn, Kristinn Gauti, Skúli Páls, Jón Víðis og Einar einstaki. Eins og undanfarin ár verða sýnd töfrabrögð í nálægð um allt húsið í hléi.

Sýningin hefst klukkan 20 og er miðaverð 2.900 krónur.




# Einn þekktasti uppistandari heims skemmtir í Hörpu

Uppistandarinn Pablo Francisco skemmtir í Hörpu í kvöld en hann mun dvelja hér á landi í nokkra daga. Er einn sá vinsælasti í dag.

„Hann er að koma hingað til lands í fjórða sinn en hann er með glænýja sýningu,“ segir Kristinn Bjarnason, framkvæmdastjóri Skapandi viðburða, sem stendur á bak við uppistandssýningu Pablos Francisco í Hörpu í kvöld.

Með Francisco í för er uppistandarinn Sean Savoy, en sá kom einnig með honum hingað til lands árið 2010. „Sean Savoy kom heldur betur á óvart og stal senunni,“ bætir Kristinn við. Þeir félagar ætla koma fram með nýtt efni í kvöld.

Pablo Francisco hefur í mörg ár verið einn þekktasti og virtasti uppistandari heimsins og hefur, eins og fyrr segir, fjórum sinnum komið fram hér á landi.

Spurður út í kröfulista uppistandarans segir Kristinn: „Hann er nú ekki með neinn svakalegan kröfulista, síðast vildi hann bara fá sterkan ítalskan Subway, kók, kaffi og aðra eðlilega hluti en engin bleik handklæði.“

Francisco ætlar að stoppa á Íslandi í nokkra daga, en hann er mjög hrifinn af landi og þjóð. „Hann stoppar lengur núna en síðast, fer í Bláa lónið og svo eru miklar líkur á því að hann kíki í bæinn um helgina,“ bætir Kristinn við.

Francisco á aðdáendahóp í Færeyjum og kemur sá hópur sérstaklega til landsins til að sjá uppistandarann.

Kristinn segir það vera mjög gaman að standa í þessum innflutningi og telur að uppistandið ætti að geta gefið fólki ágætis skammt af gleðiefni fyrir veturinn. **- glp**





**FLYTUR INN PABLO** Kristinn Bjarnason, framkvæmdastjóri Skapandi viðburða, lofar mikilli skemmtun í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

➜ Pablo Francisco er þekktur fyrir frábærar eftirhermur af mönnum eins og til dæmis Arnold Schwarzenegger og Jackie Chan. Einnig af Don LaFontaine, sem er þekktastur sem rödd kvikmyndatreileranna, svo dæmi séu tekin.



**FORHLUSTUN Í KVÖLD** Ultra-Mega Technobandið Stefán stendur fyrir hlustunarpartíi á Harlem í kvöld. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

## UMTBS með hlustunarpartí

Hljómsveitin Ultra-Mega Technobandið Stefán stendur fyrir sérstöku forhlustunarpartíi á skemmtistaðnum Harlem í kvöld. Nýjasta plata sveitarinnar sem heitir !, verður spiluð klukkan 21.00 í hátalarakerfi hússins og er frítt inn í partíið.

„Á ! notumst við nær eingöngu við lifandi hljóðfæraupptökur en fyrsta platan okkar var nær eingöngu gerð úr forritavinnslu úr lúppum, töktum og elektrónískum, stafrænum verkfærum,“ segir Vignir Rafn Hilmarsson, meðlimur sveitarinnar.

Þá eru gestir hvattir til þess að koma með ananas eða í gulum klæðum sem minna á ananas en frítt Thule-léttöl verður í boði á meðan birgðir endast.

! er önnur plata sveitarinnar sem fylgir eftir plötunni Circus sem kom út fyrir fimm árum. **- glp**



**STEINAR** Fyrsta plata popparans kemur út í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

## Níu þúsund séð myndband

Tæplega níu þúsund manns höfðu í gær séð nýtt textamyndband sem popparinn Steinar sendi frá sér síðastliðinn föstudag við lagið Up. Það verður að finna á fyrstu sólóplötu hans sem kemur út í nóvember hjá Senu.

Textamyndbönd sem þessi hafa verið vinsæl að undanförnu. Til að mynda er stutt síðan Sir Paul McCartney, Bítillinn fyrrverandi, gaf út textamyndband við lagið New. Steinar er átján ára og stundar nám við Verzlunarskóla Íslands.

Up hefur verið spilað á öllum helstu útvarpsstöðvum landsins upp á síðkastið. Lagið, rétt eins og platan, var unnið í samstarfi við upptökuteymið Redd Lights.





## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Á bak við tónlistina

Ég hef aldrei lesið The Great Gatsby. Ekki heldur Þrúgur reiðinnar og Catch-22, hvað þá 1984 og Sláturhús 5. Mér hefur líka tekist að leiða Thor Vilhjálmsson, Þórberg Þórðarson og Halldór Laxness hjá mér í gegnum tíðina, að undanskildu Sjálfstæðu fólki sem var á námsskránni í menntaskóla eins og flestar af þeim „alvöru“ bókmenntum sem ég hef reynt mig við og langoftast haft gagn og gaman af (mest þó af Lord of the Flies sem er frábær bók). Ástæðan fyrir vankunnáttu minni varðandi heimsbókmenntirnar er því ekki áhugaleysi eða lesblinda heldur miklu fremur tímaskortur, vegna þess að frá því á unga aldri hefur nær allur minn bóklestur beinst að ævisögum popptónlistarfólks.



PATTI SMITH

Á þeim bænum hefur löngum verið af nógu að taka. Í frumbernsku drakk ég í mig litprentuð rit um Duran Duran, ABBA og fleira. Fyrsta eiginlega poppævisagan sem ég man eftir að hafa lesið var Lifað með Lennon eftir Cynthiu, fyrrverandi eiginkonu Bítilsins sáluga, í hálfbæklaðri íslenskri þýðingu sem ég tók á leigu í Borgarbókasafninu við Þingholtsstræti og uppskar undarlegar augngotur starfsfólks fyrir vikið. Það var eitthvað gríðarlega heillandi við að skyggnast bak við tjöldin og kynnast (oft og tíðum meingölluðum) persónunum á bak við tónlistina og í kjölfarið komu þær í röðum.

Fyrst um sinn takmarkaðist lesturinn við popparabækur sem höfðu verið þýddar á íslensku eins og Elvis eftir Albert Goldman, sem er skelfileg lesning fyrir ungan mann. Eftir því sem tungumálakunnáttunni fleygði fram varð mögulegt að kafa ofan í fágætari lystisemdir og skipti þá engu hvort smekkur fyrir listsköpun viðfangsefnanna var fyrir hendi eður ei. Þannig lærði ég snemma að fara ekki í manngreinarálit þegar kom að þessum málum, því óvæntu ánægjurnar eru mest fullnægjandi. Ég hef aldrei þolað Mötley Crüe, en The Dirt er stórkostleg bók. Take It Like a Man eftir Boy George kom líka sérstaklega skemmtilega utan af kanti og eins Freaky Dancin' hans Bez úr Happy Mondays. Aðrar hafa staðið fyllilega undir miklum væntingum, til dæmis Just Kids eftir Patti Smith, Chronicles Bobs Dylan og No Irish, No Blacks, No Dogs eftir Johnny Rotten.

Í stuttu máli vil ég helst lesa allar ævisögur þar sem popptónlist kemur við sögu, þrátt fyrir einstaka vonbrigði á borð við Söknuð, um Vilhjálm Vilhjálmsson, og Clapton: The Autobiography eftir gítarleikarann knáa. Ég vona því að mínir nánustu sýni því skilning að ég fórni Mánasteini eftir Sjón fyrir nýútkomna ævisögu Morrissey þessi jólin. Það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja.

## Í spilaranum







**Ojba Rasta** - Friður
**Hljómar** - Fyrsti kossinn - Hljómar í 50 ár
**Dimma** - Myrkraverk í Hörpu

Hvers vegna sál okkar lifir áfram eftir dauðann
Fyrirlestur á ensku / www.lif-eftir-daudann.net

ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2013

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR FIMMTUDAGINN 31. OKTÓBER KL. 16:30

Fundurinn verður haldinn í tónlistarsal skólans við Sölvhólsgötu, gengið inn frá horni Skúlagötu og Klapparstígs.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opinn.
Stjórn Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts



**KATY PERRY** Fjórða hljóðversplata Katy Perry, Prism, er komin út á vegum Capitol Records. NORDICPHOTOS/GETTY

# Popp undir áhrifum frá Robyn og Lykke

Poppsöngkonan Katy Perry hefur sent frá sér sína fjórðu hljóðversplötu, Prism.

Prism er fjórða hljóðversplata bandarísku tónlistarkonunnar Katy Perry og kemur hún út á vegum Capitol Records. Upptökur hófust í fyrra eftir að síðasta plata hennar, Teenage Dream frá árinu 2010, hafði verið endurútgefin í mars með aukalögum.

Lagasmíðarnar á Prism voru undir miklum áhrifum frá sænskum söngkonum á borð við Robyn og Lykke Li. Samstarfsmenn hennar til margra ára, hinn sænski Max Martin og Dr. Luke, aðstoðuðu hana við upptökur og lagasmíðar, auk þess sem náungar á borð við Cirkut, Greg Wells, Benny Blanco og StarGate lögðu sitt af mörkum.

Fyrsta smáskífulag Prism, Roar, kom út í ágúst síðastliðnum og fór umsvifalaust á toppinn á bandaríska Billboard-listanum. Samanlagt fór það á topp tíu í 25 löndum. Hér á landi er það í öðru sæti á Tónlistanum aðra vikuna í röð á eftir Royals með Lorde. Þess má geta að annað lag á plötunni, Ghost, fjallar um misheppnað hjónaband hennar og leikarans Russells Brand.

Katy Perry, sem verður 29 ára á morgun, var skírð Katheryn Elizabeth Hudson. Hún fæddist í Santa Barbara í Kaliforníu og hlaut þar trúarlegt uppeldi. Ung að aldri söng hún í kirkjukórum og var fyrsta sólóplatan hennar, Katy Hudson, einmitt kristileg rokkplata sem kom út 2001.

Sjö ár liðu þangað til næsta plata, One Of The Boys, kom út og í þetta sinn var hún með risaútgáfuna Captiol Records á bak við sig. Trúartónlistin var horfin á braut og í staðinn komu grípandi popplög með I Kissed a Girl í fararbroddi sem gerði Perry að stjörnu um víða veröld.

Platan Teenage Dream sem kom út 2008 festi hana svo endanlega í sessi sem ofurstjörnu í poppinu. Hún fór beint á topp Billboard-listans og tryggði Perry fjölda Grammy-tilnefninga. Hið merkilega er að fyrstu fimm smáskífulög plötunnar náðu efsta sætinu á Billboard. Þar með varð Teenage Dream aðeins önnur platan í sögunni á eftir Bad með Michael Jackson til að innihalda fimm topplög. Um leið varð Perry fyrsta konan í sögunni til að ná þessum árangri.

freyr@frettabladid.is

## Kona sem hefur fundið sjálfa sig

Prism hefur fengið góða dóma víðast hvar. Breska blaðið The Telegraph gefur henni fullt hús stiga og segir Perry hljóma eins og listamaður og kona sem hefur loksins fundið sjálfa sig. Blöðin LA Times, The Guardian og Rolling Stone eru einnig sátt og gefa Prism þrjár stjörnur.

## 18.10.2013 → 23.10.2013





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Lorde** | **Royals** |
| 2 | ▶ | Katy Perry | *Roar* |
| 3 | ▶ | Arctic Monkeys | *Do I Wanna Know?* |
| 4 | ▶ | One Republic | *Counting Stars* |
| 5 | ▲ | Baggalútur og Jóhanna Guðrún | *Mamma þarf að djamma* |
| 6 | ▼ | Emiliana Torrini | *Speed Of Dark* |
| 7 | ▲ | Ellie Goulding | *Burn* |
| 8 | ▲ | Steinar | *Up* |
| 9 | ▼ | Egill Ólafsson / Moses Hightower / Lay Low | *Ekkert þras* |
| 10 | ▼ | Nýdönsk | *Where Dreams Go To Die* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | **Pálmi Gunnarsson** | **Þorparinn** |
| 2 | ▼ | Helgi Björnsson | *Helgi syngur Hauk* |
| 3 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 4 | ▲ | Úr söngleik Borgarleikhússins | *Mary Poppins* |
| 5 | ▼ | Ýmsir | *Pottþétt 60* |
| 6 | ▲ | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| 7 | ▶ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| 8 | ✱ | Ojba Rasta | *Friður* |
| 9 | ▼ | Emilíana Torrini | *Tookah* |
| 10 | ✱ | Paul McCartney | *New* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. VÍSIR

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



í ábyrgð!
Verð: 8.590.000 kr.
Ford Explorer Limited LPR07
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 37.000 km. Litur: svartur
í ábyrgð!
Tilboð: 3.290.000 kr.
Mazda6 Premium LHP94
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 43.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.530.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 3.790.000 kr.
Ford Kuga Titanium AWD HYL84
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 71.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 4.140.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 1.250.000 kr.
Citroën C1 SX YHX55
Árgerð 2012, bensín, beinskiptur
Ekinn 55.000 km. Litur: hvítur
Ásett verð: 1.490.000 kr.
Kauptu í dag
NÝLEGIR
BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI
Á FRÁBÆRU VERÐI
Tökum allar gerðir bíla uppí!
í ábyrgð!
Tilboð: 3.450.000 kr.
Ford Focus Titanium STW YHK53
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 51.000 km. Litur: dökkgrár
Ásett verð: 3.650.000 kr.
Tilboð: 3.390.000 kr.
Ford Escape XLT AWD PMM87
Árgerð 2011, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 77.000 km. Litur: ljósbrúnn
Ásett verð: 3.580.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 2.650.000 kr.
Citroën C4 Comfort JGS79
Árgerð 2013, dísil, beinskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: brúnn
Ásett verð: 2.850.000 kr.
ÁRGERÐIR 2011, 2012 og 2013
MINNI EYÐSLA
MEIRA ÖRYGGI
Tilboð: 2.550.000 kr.
Ford Explorer Limited RB054
Árgerð 2007, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 108.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.850.000 kr.
Tilboð: 1.790.000 kr.
Mazda3 Advance YZN00
Árgerð 2010, bensín, beinskiptur
Ekinn 77.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 1.990.000 kr.
Verð: 3.890.000 kr.
Ford Kuga Trend AWD ZDS55
Árgerð 2011, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 67.000 km. Litur: ljósgrár
Tilboð: 2.390.000 kr.
Ford Explorer Eddie Bauer VS425
Árgerð 2007, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 94.000 km. Litur: rauður/brúnn
Ásett verð: 2.790.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 1.890.000 kr.
Citroën C3 Seduction Airdream YEA15
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.090.000 kr.
í ábyrgð!
Verð: 8.350.000 kr.
Ford Explorer Limited KXV56
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 59.000 km. Litur: ljósgrár
í ábyrgð!
Tilboð: 2.790.000 kr.
Ford Mondeo Trend HFL40
Árgerð 2011, dísil, beinskiptur
Ekinn 54.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.990.000 kr.
Tilboð: 1.790.000 kr.
Ford Focus Trend Collection NAH04
Árgerð 2011, bensín, beinskiptur
Ekinn 85.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 1.990.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 1.490.000 kr.
Ford Ka Trend NSB21
Árgerð 2013, bensín, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 1.670.000 kr.
í ábyrgð!
Verð: 4.950.000 kr.
Ford Kuga Titanium AWD SJV85
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 57.000 km. Litur: brúnn
í ábyrgð!
Tilboð: 3.990.000 kr.
Ford Mondeo Titanium STW KZE18
Árgerð 2013, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 4.290.000 kr.
Tilboð: 3.490.000 kr.
Ford Escape Limited AWD EEE32
Árgerð 2011, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 77.000 km. Litur: ljósbrúnn
Ásett verð: 3.790.000 kr.
Skoðaðu meira úrval og finndu bílinn þinn á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar – Brimborg
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

BÍÓFRÉTTIR

# STUTTMYNDAHÁTÍÐ FÆRÐ VEGNA HÁHYRNINGA



Northern Wave fer fram í Grundarfirði í sjötta sinn í nóvember. Hátíðin var færð vegna háhyrninga í firðinum.

Stuttmyndahátíðin Northern Wave fer fram í Grundarfirði í sjötta sinn dagana 15. til 17. nóvember. Undanfarin fimm ár hefur hátíðin farið fram í mars, en vegna mikillar aðsóknar ferðamanna í bæinn á þeim tíma reyndist nauðsynlegt að færa hátíðina fram á haust.

„Háhyrningar hafa gert sig heimakæra í firðinum á vorin og ferðamönnum hefur fjölgað mikið vegna þessa. Ef þetta gengur vel höldum við hátíðina í nóvember héðan í frá," útskýrir Dögg Mósesdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

**91** stuttmynd verður sýnd á Northern Wave í ár. Um 200 manns sóttu hátíðina í fyrra, að heimamönnum frátöldum.

Fjöldi verðlaunamynda er sýndur á hátíðinni og ber þar helst að nefna íslensku stuttmyndina Hvalfjörð og írönsku myndina More Than Two Hours. Að auki keppa tíu íslensk tónlistarmyndbönd um titilinn besta íslenska myndbandið. Um tuttugu erlendir leikstjórar munu sækja Northern Wave. „Það er skemmtilegt að margar af þeim myndum sem bárust okkur eru að flakka um flottustu hátíðir heims, fólki þykir greinilega eftirsóknarvert að fá að taka þátt í þessari litlu hátíð í íslensku sjávarplássi," segir Dögg.

Margaret Glover, sem starfar við London Film School, situr í dómnefnd hátíðarinnar ásamt Silju Hauksdóttur og Hafsteini Gunnari Sigurðssyni. Jim Beckmann og Benedikt Reynisson velja besta tónlistarmyndbandið. - sm



**SUTTMYNDAHÁTÍÐ** Íranska stuttmyndin More Than Two Hours verður sýnd á stuttmyndahátíðinni Northern Wave. Dögg Mósesdóttir er framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

FRUMSÝNINGAR

Fjórar kvikmyndir eru frumsýndar um helgina.

## Fjölbreytt bíóhelgi

**Bad Grandpa bandarískt grín**
Jackass-hópurinn snýr aftur í gamanmyndinni Bad Grandpa. Johnny Knoxville leikur Irving Zisman sem ætlar að fylgja barnabarni sínu til föður síns sem býr í öðru fylki. Á leiðinni taka þeir upp á ýmsu sem kemur grunlausu fólki í opna skjöldu.

**Frances Ha gamansaga**
Frances, sem leikin er af Gretu Gerwig, býr í New York og hefur sökkt sér í dagdrauma. Myndin er í leikstjórn Noahs Baumbach, sem á að baki gamanmyndina Squid and the Whale. Frances Ha er falleg gamansaga sem hefur fengið góðar viðtökur áhorfenda.

**Possession hrollvekja**
Svartir sunnudagar snúa aftur. Á sunnudag verður „költ"-myndin Possession með Isabelle Adjani í aðalhlutverki sýnd í Bíói Paradís.

**Captain Phillips sannsögulegt drama**
Tom Hanks fer með hlutverk skipstjórans Richards Phillips, en sjóræningjar réðust á skip hans árið 2009. Handrit myndarinnar er byggt á bók sem Phillips ritaði um atburðinn og kallast A Captain's Duty: Somali Pirates, Navy SEALs, and Dangerous Days at Sea. Leikstjóri myndarinnar er Paul Greengrass, sem leikstýrði meðal annars Bourne Ultimatum.





**Í VANDRÆÐUM** Alexander Skarsgård og Paula Patton fara með hlutverk ungra hjóna sem lenda í klóm netsvindlara í kvikmyndinni Disconnected.

# Skúmaskot netheima

Disconnect er frumsýnd annað kvöld. Myndin tvinnar saman þrjár sögur af einstaklingum sem glíma við vandamál tengd óhóflegri netnotkun.

Kvikmyndin Disconnect er í leikstjórn Henry Alex Rubin og spinnur saman þrjár sögur af einstaklingum sem glíma við ólík vandamál sem rekja má til gegndarlausrar netnotkunar nútímamannsins.

Saga Boyd-fjölskyldunnar er ein þeirra þriggja sagna sem sagðar eru. Táningssonur hjónanna er lagður í einelti á netinu sem hefur þær afleiðingar að pilturinn reynir að stytta sér aldur og er fluttur í dauðadái á sjúkrahús. Fjölskyldufaðirinn, Rich Boyd sem leikinn er af Jason Bateman, hyggst finna eineltisseggina í fjöru þrátt fyrir mótbárur eiginkonu sinnar.

➜ Pegar leynilögreglumaðurinn Mike Dixon skoðar myndir af Hull-hjónunum má sjá mynd af Skarsgård í fullum herklæðum. Myndin var tekin af leikaranum er hann fór með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Generation Kill árið 2008.

Þá er sagt frá föður annars drengsins sem stendur á bak við eineltið, en sá er leynilögreglumaður sem er fenginn til að komast að því hver hefur nýtt netupplýsingar ungra hjóna í þeim tilgangi að ræna þau. Loks er saga fjölmiðlakonunnar Ninu Dunham, sem leikin er af Andreu Riseborough, rakin. Dunham hyggst fjalla um strípiþjónustu sem þrífst á netinu og kemst í samband við ungan mann sem starfar á síðunni en gerist um leið sek um lögbrot.

Með helstu hlutverk fara Jason Bateman, Hope Davis, Frank Grillo, Andrea Riseborough, Paula Patton, sem er eiginkona söngvarans Robins Thicke, Michael Nyqvist, sem fór með hlutverk Mikaels Blomkvist í Millenium-þríleiknum, Alexander Skarsgård, Max Thieriot og fatahönnuðurinn Marc Jacobs, sem þreytir hér frumraun sína á hvíta tjaldinu.

Disconnect er fyrsta kvikmynd Rubins, en hann hefur hingað til aðallega fengist við auglýsingaleikstjórn og er í hópi fimm vinsælustu auglýsingaleikstjóra heims í dag. Rubin hefur unnið Ljónið í Cannes 22 sinnum og unnið til fimm Clio-verðlauna á síðustu fjórum árum.

Kvikmyndin hefur fengið ágæta dóma og hlýtur meðal annars 64 stig af hundrað í einkunn á vefsíðunni Metacritic og 7,5 í á IMDb. - sm



**EKKI MEÐ** Tom Hardy er hættur við að fara með hlutverk í kvikmynd um fjallgöngumanninn George Mallory.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Everest-mynd leikaralaus

Tvær kvikmyndir sem fjalla um baráttu manns við Everst, hæsta fjall veraldar, eru nú í bígerð. Önnur kvikmyndin er í leikstjórn Baltasars Kormáks og framleidd af kvikmyndaverinu Universal, hin er framleidd af Sony og er leikstýrt af Doug Liman, leikstjóra The Bourne Identity.

Síðarnefnda myndin fjallar um ævintýri breska fjallgöngumannsins George Mallory, sem lést árið 1924, og átti breski leikarinn Tom Hardy að fara með hlutverk Mallorys. Hardy getur ekki tekið að sér hlutverkið vegna anna og þykir líklegt að Benedict Cumberbatch komi í hans stað. Aðrir sem koma til greina í hlutverkið eru Joel Kinnaman, James McAvoy, Tom Hiddleston, Henry Cavill, Luke Evans og Jim Sturgess. Kvikmynd Baltasars segir frá því þegar átta fjallgöngumenn létust í byl á fjallinu í maí árið 2006. Leikstjórinn dvaldi í Nepal í byrjun mánaðarins í leit að tökustöðum, en tökur á myndinni eiga að hefjast í næsta mánuði samkvæmt frétt Deadline.



BENEDICT CUMBERBATCH



# DEBENHAMS




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í DEBENHAMS 24. – 30. OKTÓBER.

## 20% AFSLÁTTUR AF COLLAGENIST RE-PLUMP LÍNUNNI OG SUREALIST MASKARANUM Á KYNNINGUNNI.

**Sérfræðingar frá Helena Rubinstein kynna HR vörurnar og veita þér sérfræðiráðgjöf.**

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir tvær HR vörur þar af eitt krem.




*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# PIN falið í litaspjaldi

Appið PIN-Ísland hjálpar fólki að muna PIN-númer.

Smáforritið PIN-Ísland hjálpar fólki að geyma öll PIN-númerin sem það þarf á að halda með hjálp litaspjalds.

Appið er komið út fyrir notendur iPhone í íslensku app-búðinni og fyrir notendur Android-snjallsíma. Það er væntanlegt á næstu dögum fyrir þá Íslendinga sem eru að nota bandarísku eða bresku app-búðina.



„Þetta er frekar létt og lítið app en samt mjög notendavænt. Það eru fleiri og fleiri staðir að gera kröfu um að fólk setji inn PIN-númerin sín og þess vegna er þetta mjög hentugt,“ segir vefhönnuðurinn Helgi Pjetur Jóhannesson, einn af eigendum Stokks.

Appið býr til litaspjald þar sem þú felur PIN-númerið þitt þannig að það er ekki aðgengilegt neinum nema þér. Hægt er að búa til eins mörg spjöld og þú þarft. Ómögulegt er að giska á röðina ef maður þekkir ekki liti og staðsetningu.

„Þetta er 100% öruggt. Appið er aldrei nettengt. Meira að segja síminn veit ekki hvert PIN-númerið er,“ segir Helgi. -fb

# Góð ráð gegn flensu

Góður svefn og grænir drykkir gegn veikindum.

Á þessum tíma árs fara kvef- og flensupestir gjarnan á flakk. Hér má finna fimm einföld ráð til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir veikindi.

- Svefn. Góður og reglulegur svefn styrkir ónæmiskerfið.
- Vatn. Því meira sem fólk drekkur af vatni því hraðar losar líkaminn sig við eiturefni. Það er sérstaklega mikilvægt að drekka mikið á meðan á veikindum stendur. Heitt vatn með sítrónu er sérstaklega gott fyrir heilsuna á köldum vetrardögum.
- Grænt er vænt. Grænir drykkir eru fullir af vítamínum og því góðir fyrir heilsuna. Gott er að blanda saman ananas, banana, kókosmjólk og grænkáli. Drykkurinn er bæði meinhollur og orkugefandi.
- Sviti. Það að svitna losar líkamann við ýmis eiturefni. Því er mikilvægt að hreyfa sig reglulega, sé fólk þegar orðið veikt getur verið gott að anda að sér gufum einfaldlega með því að sjóða vatn í potti.
- Óreganó-olía. Kjarnaolía úr óreganói inniheldur efni sem geta hamlað vexti sveppagróðurs, vírusa, baktería og annarra örvera.



**GRÆNT OG GOTT** Grænir drykkir eru góðir fyrir ónæmiskerfið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Frægur dansari dæmir í dansbardaga

Danshöfundurinn Emilio Austin Jr. dæmir í dansbardaga sem fram fer á laugardag. Hann hefur meðal annars unnið með Michael Jackson og Will Smith.

Dansbardagi fer fram í íþróttahúsi Seljaskóla á laugardag klukkan 16. Dansskóli Brynju Péturs stendur fyrir viðburðinum og er bandaríski dansarinn og danshöfundurinn Emilio Austin Jr, öðru nafni Buddha Stretch, kominn hingað til lands til að dæma í keppninni.

Austin var fjórtán ára þegar hann hóf að æfa dans og byrjaði feril sinn sem „b-boy“, eða breikdansari. Hann segist þó ekki hafa verið sérlega fær í breik-dansinum og því skipti hann fljótlega yfir í „popping“, sem er danstegund náskyld hipphopp-dansi.

„Ég reif alltaf fötin mín í breik-dansi, sem var sönnun þess hversu lélegur ég var, almennilegur breik-dansari rífur ekki göt á fötin sín,“ segir hann og hlær.

Hipphopp-menningin var að ryðja sér rúms á þessum tíma og tók Austin fullan þátt í mótun þess. „Dansgengi spruttu upp víða og í mörgum tilfellum urðu þau þín önnur fjölskylda, jafnvel þín eina. Það er kannski hægt að líkja dansgengi við fótboltalið; allir kunna að spila fótbolta en þó hefur hver og einn sitt hlutverk innan liðsins. Allir í dansgengi geta dansað, en svo ertu með poppara eða breikara.“

Austin á langan feril að baki sem danshöfundur og hefur meðal annars unnið náið með tónlistarfólki á borð við Busta Rhymes, Mariah Carey, Will Smith, Salt'n Pepa, Whitney Houston, Public Enemy, Run DMC og Michael Jackson. Spurður út í Michael Jackson segir Austin: „Hann var í einu orði sagt magnaður! Og alveg sérstaklega lærdómsfús, hann vildi vita allt um hipphopp og uppruna þess og spurði þúsund spurninga. Ég var 23 ára þegar þetta var og það var skrítið að standa frammi fyrir Jackson og svara spurningum hans,“ rifjar hann upp.



**DANSARAR** Emilio Austin Jr. ásamt Brynju Pétursdóttur, hún skipuleggur dansbardaga sem fram fer á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

→ 50 manns hafa skráð sig í keppnina. Keppt verður bæði í einstaklingsflokki og hópaflokki.

Þetta er í fyrsta sinn sem Austin sækir Ísland heim. Aðspurður segist hann helst leita eftir fimm atriðum í fari dansara. „Takti, tækni, færni, hversu skapandi dansara eru og karakter – hið síðastnefnda er það mikilvægasta að mínu mati,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is






# Samskipti lykillinn að kynlífi

Algeng spurning í kynfræðslu hjá mér snýr að fyrsta skiptinu. Þá er átt við samfarir, ekki munnmök eða fróun, það hefur oftar en ekki átt sér stað án spurninga. Algengt er að velta fyrir sér hver sé rétti aldurinn til að stunda kynlíf. Í því samhengi furða ég mig oft á orðskrípinu „lögríða“. Það er ekki eins og þú fáir sent heim bréf á fimmtán ára afmælinu þínu um að nú sé búið að skipa handa þér bólfélaga og þér sé gert að mæta á tilteknum stað á tilteknum tíma. Það gerist ekki við einhvern ákveðinn aldur. Maður á bara afmæli og fær kannski köku. Krakkar festast samt oft í því hugarfari að þetta sé eins konar viðmið, nú loksins hafi þau eitthvað haldbært um hvenær sé „rétti“ tíminn til að sofa hjá.

Aðrir velta fyrir sér hvað sé eðlilegt og hvort það sé einhver heilög tala í þeim efnum. Ég brosi gjarnan út í annað við þessar umræður því undantekningarlaust er ég spurð um mína tölu. Þau halda gjarnan niðri í sér andanum þegar ég geri mig líklega til að svara, þó spennan breytist reyndar fljótt í svekkelsi þegar ég svara „ég bara hef ekkert spáð í það enda held ég að flestir yfir tvítugu séu hættir að telja“. Það er nefnilega heldur ekki hægt að setja sér viðmið út frá einhvers konar tölu, þó ég þekki konu sem reiknaði út að tíu bólfélagar væri töfratalan og því eru hennar rekkjunautar allir númer níu. Ein rannsókn hélt því fram að fleiri en tuttugu og tveir bólfélagar væri óásættanlegt. Ég segi bara, hættið að telja, þetta skiptir engu máli því talan segir ekkert til um bólfimi.



**UNGT PAR** Táningar eiga fyrst að stunda kynlíf með sjálfum sér, svo með öðrum, segir Sigga Dögg. NORDICPHOTOS/GETTY

Spurningar stelpnanna snúa oft að ótta. Þær eru hræddar við sársauka, líkamlegan og tilfinningalegan. Þetta eru mjög skiljanlegar vangaveltur þegar búið er að hræða þær með heilaga meyjarhaftinu sem þarf að rjúfa og svo skvettist blóð upp um alla veggi því þær voru hreinar. Það er annað í þessum málum, ég þoli ekki orðalagið hrein og óhrein því það virðist bara eiga við stúlkur. Sjálf fer ég ansi reglulega í bað en sef líka hjá, hvort er ég þá?

Og að lokum spyrja þau í kór: „En hvernig veit ég hvenær ég er tilbúin?“ Og þá er komið að mér að andvarpa ögn. Ég hef sett saman ákveðin skilyrði sem ég myndi gjarnan vilja að þau uppfylltu fyrst, eins og kynlíf með sjálfum sér, svo einhverjum öðrum. Þetta vefst fyrir mörgum dömum en ekki fyrir drengjunum. Ég reyni að hræra tilfinningum inn í þetta og set svo samræður sem algert skilyrði. Ef þú getur ekki talað við bólfélaga þinn um kynlíf og sagt hvað þér þykir gott og spurt hvað honum/henni þykir gott, þá ertu ekki tilbúin til að stunda kynlíf. Þetta seinasta skilyrði mega foreldrarnir gjarnan lesa aftur og taka til sín.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# GERÐU ÞÍNA EIGIN VERÐ-KÖNNUN!

netto
Kræsingar & kostakjör

**Samkvæmt frétt Morgunblaðsins þann 23. október 2013, hefur vöruverð Nettóverslana ekki hækkað frá október 2012**



## Vörukarfa

**Verðbreytingar frá viku 37 árið 2012 til viku 40 árið 2013**




**www.netto.is** | Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Íslenskir trommuleikarar gera stóran samstarfssamning

Jóhann Hjörleifsson og Benedikt Brynleifsson gerðu samning við einn stærsta trommuskinnaframleiðanda heims, Remo.

„Við funduðum með yfirmönnum Remo á alþjóðlegu hljóðfærasýningunni í Frankfurt fyrr á árinu. Í framhaldi var skrifað undir samning í gegnum umboðsaðila Remo á Íslandi, Hljóðfærahúsið – Tónabúðina,“ segir Benedikt Brynleifsson trommuleikari, sem skrifaði, ásamt Jóhanni Hjörleifssyni trommuleikara, undir samstarfssamning við trommuskinna framleiðandan Remo fyrir skömmu.

Benedikt er best þekktur fyrir að spila með hljómsveitunum 200.000 Naglbítar og Todmobile. Jóhann Hjörleifsson er þekktastur fyrir að spila með Sálinni hans Jóns míns og Stórsveit Reykjavíkur.

Remo er einn virtasti framleiðandi trommuskinna í heiminum og hefur verið leiðandi í gerð trommuskinna síðastliðin 50 ár. Þeir voru fyrstir að setja á markað trommuskinn úr Mylar-gerviefni í stað nautshúða.

„Það er mikill fengur í því fyrir okkur í Hljóðfærahúsinu – Tónabúðinni að fá þá Jóhann og Benedikt í raðir Remo-listamanna, en í röðum Remo-listamanna eru flest stærstu nöfn heims í trommuleik,“ segir Sindri Heimisson, framkvæmdastjóri Hljóðfærahússins – Tónabúðarinnar.

Þekktir trommuleikarar sem leika á Remo skinn og búnað eru trommugoðsögnin Steve Gadd sem hefur meðal annars leikið með Eric Clapton, Ringo Starr úr Bítlunum, Larry Mullen Jr. úr U2 og Taylor Hawkins úr Foo Fighters, ásamt mörgum öðrum. -glp




**MIKILL FENGUR** Jóhann Hjörleifsson, Sindri Heimisson og Benedikt Brynleifsson sáttir við samninginn.






**Í HLUTVERKI RONS BURGUNDY** Will Ferrell leikur fréttaþulinn Ron Burgundy í kvikmyndinni The Anchorman
AFP/NORDICPHOTOS

## Anchorman 2 kemur fyrir jól

Áætlað er að Anchorman 2: The Legend Continues, framhald kvikmyndarinnar Anchorman: The Legend of Ron Burgundy frá árinu 2004, komi í kvikmyndahús vestanhafs 20. desember næstkomandi.

Myndinni er leikstýrt af Adam McKay sem leikstýrði einnig fyrri myndinni.

Í myndinni leika Will Ferrell, Steve Carell, Paul Rudd, Kristen Wiig og Megan Good, og samkvæmt slúðurmiðlum vestanhafs koma margir frægir til með að sjást í mynd.

Fyrri myndin naut gríðarlegra vinsælda og talsverð eftirvænting ríkir eftir framhaldinu. - ósk

## Hyggst sinna fjölskyldunni

Breski leikarinn Charlie Hunnam hætti fyrir stuttu við að taka að sér aðalhlutverk kvikmyndarinnar Fifty Shades of Grey. Mikið hefur verið fjallað um málið í erlendum fjölmiðlum og útskýrði Hunnam ákvörðun sína fyrir sjónvarpsstöðinni E!.

„Ég þarf að sinna persónulegum málum. Þegar ég hef lokið við tökur á sjónvarpsþáttunum [Sons of Anarchy] ætla ég til Englands að hitta fólkið mitt. Síðan mun ég taka að mér að leika í nýrri kvikmynd eftir Guillermo [del Toro]. Ég hyggst einbeita mér að þessu í bili,“ sagði leikarinn. Hann missti föður sinn í maí.

Líklegt þykir að Jamie Dornan, Billy Magnussen eða Luke Bracey taki við hlutverki Christians Grey í stað Hunnams. Leikstjóri myndarinnar, Sam Taylor-Johnson, hyggst hefja tökur á myndinni í nóvember og er áætlaður frumsýningardagur hennar 14. ágúst á næsta ári.



**SINNIR FJÖLSKYLDUNNI** Charlie Hunnam hætti við Fifty Shades of Grey til að sinna fjölskyldu sinni.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill út úr Hollywood um tíma

Leikstjórinn Peter Jackson vill vinna að smærri verkefnum á Nýja-Sjálandi.

Leikstjórinn Peter Jackson, sem hefur leikstýrt myndum á borð við Hringadróttinssögu, sagði í viðtali við The New Zealand Herald í vikunni að hann væri ekki með fleiri stórmyndir í pípunum, eftir að síðasta Hobbitamyndin og tvær myndir um Tinna, sem hann vinnur með Steven Spielberg, koma út.

Jackson vill frekar halda sig í föðurlandinu, Nýja-Sjálandi, þar sem hann tók upp Hringadróttinssögu og Hobbita-myndirnar, til þess að vinna að smærri verkefnum þar í landi.

Leikstjórinn sagði í viðtalinu að hann og maki hans, Fran Walsh sem hefur skrifað og framleitt flest allar myndir Jacksons, eigi nokkrar nýsjálenskar sögur uppi í erminni sem þau vilja vinna að í sameiningu.

Hann segir jafnframt í viðtalinu að hann vilji hverfa frá Hollywood um tíma, og að hann sé með nokkrar frábærar hugmyndir að smærri bíómyndum.

Þá þykir líklegt að Jackson snúi aftur til indí-kvikmyndagerðar sem upprunalega kom ferli hans af stað. Þar ber helst að nefna kvikmyndina Heavenly Creatures sem kom út árið 1994.

Síðan Jackson leikstýrði fyrstu Lord of the Rings-kvikmyndinni árið 2001, hefur hann leikstýrt myndum á borð við King Kong, The Lovely Bones, og District 9, sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna – allar hafa myndirnar átt mikilli velgengni að fagna og skilað miklum hagnaði. - ósk



**UNNIÐ TIL FJÖLDA VERÐLAUNA** Peter Jackson hefur átt mikilli velgengni að fagna í Hollywood. AFP/NORDICPHOTOS

# 300 ára gamalt selló

Eldgamalt selló fylgir Mark Lanegan til Íslands.

Evróputónleikaferð bandaríska tónlistarmannsins Marks Lanegan hófst í Vínarborg í Austurríki um síðustu helgi. Ferðin endar hér á landi með tvennum tónleikum í Fríkirkjunni 30. nóvember og 1. desember.

Auk Lanegans mun hinn breski Duke Garwood, sem sendi frá sér plötuna Black Pudding fyrr á árinu, koma fram. Einnig mun belgíski tónlistarmaðurinn Lyenn leika listir sínar.

Von er á fleiri gestum í Fríkirkjuna, eða Hollendingunum Sietse Van Gorkom sem leikur á fiðlu og Jonas Pap sem leikur á yfir þrjú hundruð ára gamalt selló.

Þrátt fyrir ungan aldur hafa þeir báðir verið iðnir við að spila sígilda tónlist og popp- og rokktónlist í Evrópu um árabil. Bandaríski gítarleikarinn Jeff Fielder frá Seattle stígur einnig á svið.

Miðar á fyrri tónleikana eru uppseldir en enn eru til miðar á aukatónleikana 1. desember. Miðasala fer fram á midi.is.



**MARK LANEGAN** Tónlistarmaðurinn Mark Lanegan er á leið til Íslands. NORDICPHOTOS/GETTY



**TINA FEY OG AMY POEHLER** Hafa getið sér gott orð í Hollywood fyrir líflega og fyndna framkomu. AFP/NORDICPHOTOS

# Segja upphæðir ýktar

Tina Fey og Amy Poehler fá samkvæmt heimildum slúðurmiðla vestanhafs veglega greitt fyrir að kynna Golden Globe-verðlaunahátíðina á næsta ári.

Fyrr í vikunni greindi RadarOnline.com frá því að Fey og Poehler myndu fá sínar tvær til fimm milljónir dollara hvor fyrir að kynna hátíðina. Það er meira en nokkur Óskarsverðlaunakynnir hefur fengið að undanskildum Billy Crystal, sem fékk litlar fimm milljónir dollara fyrir að kynna Óskarinn.

Eftir að fréttir höfu að birtast um launaseðil tvíeykisins sendu stöllurnar frá sér yfirlýsingu sem birtist í Vanity Fair þar sem þær sögðu upphæðina í frétt Radar-Online gróflega ýkta. Ekki fylgdi sögunni nákvæmlega hversu mikið þær fá greitt fyrir störf sín. - ósk



**ÓSÆTTI** Þeir Nick, Joe og Kevin Jonas hættu við tónleikaferðalag sitt vegna ósættis í hljómsveitinni. AFP/NORDICPHOTOS

# Jonas Brothers hættir?

Fyrr í þessum mánuði hætti hljómsveitin the Jonas Brothers við tónleikaferð sína tveimur dögum áður en hún átti að hefjast. Í kjölfarið fór af stað orðrómur um að hljómsveitin væri að hætta.

Talsmaður hljómsveitarinnar staðfesti að sveitin hefði hætt við tónleikaferðalagið og sagði ástæðuna vera ósætti á milli bræðranna, þeirra Nicks, Joes og Kevins.

Orðrómurinn fékk svo byr undir báða vængi þegar Twitter-síðu Jonas Brothers var eytt í síðustu viku. - ósk



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.40 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BATTLE OF THE YEAR | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | L |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| TÚRBÓ 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| ABOUT TIME | KL. 8 | 10 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| GRAVITY 3D | KL. 9 - 10.15 | 12 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| LA VIE D'ADELE | KL. 5.30 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL. 10 | 10 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 6 - 8 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 6 - 10 | 12 |
| BATTLE OF THE YEAR | KL. 8 - 10 | L |

Miðasala á: midi.is og Miði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | 8, 10:10 | 16 |
| BATTLE OF THE YEAR | 10:10 | L |
| MÁLMHAUS | 5:50 | 12 |
| ABOUT TIME | 6, 9 | 10 |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL TAL | 5:50 2D | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY VIP 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| RUSH | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 16 |
| PRISONERS | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | 16 |
| DON JON | KL. 11 | 16 |
| AULINN ÉG ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 8 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:30 | 12 |
| RUSH | KL. 8 | 16 |
| PRISONERS | KL. 10:10 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RUSH | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 16 |
| PRISONERS | KL. 5 - 6 - 9 - 10:10 | 16 |
| DON JON | KL. 8 | 16 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RUSH | KL. 8 - 11 | 16 |
| PRISONERS | KL. 5 - 8 - 10:40 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:20 | 14 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| RUSH | KL. 5:50 - 10:10 | 16 |
| PRISONERS | KL. 10:10 | 16 |
| THE BROKEN CIRCLE BREAKDOWN EFFI HÁTÍÐ KVIKYNDI | KL. 8 | 12 |

# Nokkur orð um leikminjar

**BAKÞANKAR**
Dóra DNA

Afsakaðu mig, dómari, ég neyðist til að hjóla beint í manninn, þú og hinir getið sparkað boltanum á milli ykkar á meðan.

**Í** Fréttablaði þriðjudags er leikdómur eftir Jón Viðar Jónsson, um Hús Bernhörðu Alba í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. Ein stjarna. Textinn sem birtist tengist gagnrýni ekki neitt. Hann er rætinn, illkvittinn og umfram allt dónalegur. Í einhverjum öðrum kosmós myndi Sigurður Pálsson gefa honum á kjaftinn fyrir svona tal.

**TIL** samanburðar má benda á gagnrýni Símonar Birgissonar í Djöflaeyjunni, þar sem hann er í grófum dráttum sammála Jóni Viðari um vankanta sýningarinnar, en það hljómaði eins og gagnrýni, ekki eins og árás.



**ÉG** hef alltaf haft gaman af Jóni Viðari sem gagnrýnanda. Svona eins og ég hef gaman af risaeðlum. Naut þess að lesa dóma eftir hann, þar sem verkið sem verið var að rýna var aldrei í aðalhlutverki, heldur forneskjulegur smekkur gagnrýnandans. En nú þegar hann skrifar fyrir mest lesna fjölmiðil landsins, þá er það kannski fullmikið af hinu góða.

**GERPLA,** Macbeth og Englar alheimsins eru allt leiksýningar sem voru eins og ferskur blær í íslenskum sviðslistum. Ferskar, vandaðar, skemmtilegar og listrænar en á sama tíma aðgengilegar. Þær unnu allar til verðlauna, nutu vinsælda, og voru lofaðar í hástert. Jón Viðar hins vegar gaf þeim öllum falleinkunn.

**MÖGULEGA** ætti ritstjórn Fréttablaðsins að setja sérstakan merkimiða á leikdóma Jóns Viðars: „ATH! Gagnrýnandi hefur mjög undarlega og gamaldags sýn á leiklist og er þar að auki sísvangur og pirraður, eins og ísbjörn.“

**EN** það er þekkt dæmi í sviðslistum á Íslandi að ef Jón Viðar gefur sýningu slæma dóma, þá er það afskrifað sem raus, en þegar hann er jákvæður eru dómarnir hengdir upp á vegg eins og verðlaun. Svona tvískinnungur gengur auðvitað ekki.

**FYRR** á árinu vann ég að verkinu Harmsögu sem dramatúrg. Jón Viðar gaf fjórar stjörnur. Fyrst kættist ég, en svo hugsaði ég: „Ansans, ekki vorum við að gera eitthvað ógurlega gamaldags og sterílt?“

**SKOÐANIR** Jóns Viðars á leikhúsi eru ekki faglegar viðurkenningar, heldur dægrastytting, „novelty items“, svona eins og að spyrja gamla og fúla karla hvað þeim finnst um internetið og farsíma.

# Kalkbrenner kemur fram á Sónar

Paul Kalkbrenner, Bonobo og James Holden koma fram á Sónar í Reykjavík.

Tólf listamenn hafa bæst við Sónar-hátíðina sem verður haldin í annað sinn í Hörpu 13. til 15. febrúar.

Tvö af stærstu nöfnum danstónlistarinnar, Paul Kalkbrenner og Bonobo, eru á meðal þeirra. Einnig hefur bæst við Bretinn James Holden, sem hefur unnið með Radiohead, Madonnu og Depeche Mode. Áður hafði Major Lazer verið tilkynntur á hátíðina.

„Að staðfesta Paul Kalkbrenner og Major Lazer á Sónar Reykjavík er mikil viðurkenning fyrir okkur og þá umfjöllun sem hátíðin í febrúar síðastliðnum fékk,“ segir skipuleggjandinn Björn Steinbekk. „Að listamenn af þessari stærðargráðu spili á hátíð sem selur 3.500 miða er líklega einstakt og að sömu listamenn séu tilbúnir til að spila í 1.600 manna sal er fáheyrt. Þetta sýnir okkur að sú stefna að vera með litla hátíð með stórum nöfnum er sannarlega möguleg.“

Hljómsveitirnar Moses Hightower, Ojba Rasta, Vök og Halleluwah hafa einnig bæst í hópinn, ásamt Steve Sampling, Futuregrapher, Skurken, Muted og DJ Yamaho. Áður hefur verið tilkynnt um komu Hjaltalín, Kölsch, Daphni, Sykurs og Sometime. Enn á eftir að bæta við flytjendum og verða þeir samtals um sextíu talsins.

Miðasala á Sónar Reykjavík 2014 er í fullum gangi á midi.is og harpa.is. **-fb**



**PAUL KALKBRENNER** Eitt stærsta nafnið í danstónlistarheiminum spilar á Sónar í Reykjavík á næsta ári.

# Ástin á tímum ölæðis

Valur Gunnarsson gefur út aðra bók sína, Síðasta elskhugann, á laugardaginn.

Síðasti elskhuginn er ný bók eftir Val Gunnarsson, en hann hefur áður gefið út bókina Konungur norðursins.

„Þetta er eins konar saga um ástina í skugga búsáhaldabyltingar,“ segir Valur. „Á meðan byltingarlogarnir fjara út á Austurvelli tekur leitin að ástinni við. Hún færir okkur frá Moskvu og til Montreal og að lokum til sveitar í grennd við Húsavík,“ bætir hann við.

Hver staður hefur sín sérkenni og Valur segir samskipti kynjanna afar mismunandi á hverjum stað. „Í Rússlandi hefur lítið breyst síðan á 19. öld. Hér eiga karlmenn að vera karlmenn og konur að vera konur, en ýmislegt kraumar undir yfirborðinu. Á meginlandinu hafa menn aðrar hugmyndir um ástarsambönd, enginn vill binda sig lengur og það er enginn sem segir að ástarsambönd eigi aðeins að innihalda tvær manneskjur. Á hinu napra Íslandi heldur fólk tryggð við hvort annað svo lengi sem það endist, en engin talar saman nema í ölæði og engin leið er til að nálgast hvort annað utan baranna.“



**FÓR UM VÍÐAN VÖLL** Valur Gunnarsson, höfundur Síðasta elskhugans, ferðaðist til Rússlands, Þýskalands, Bandaríkjanna og Kanada í undirbúningsskyni. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Valur segir mikla rannsóknarvinnu búa að baki bókinni, og hefur hann farið í rannsóknarleiðangra til Rússlands, Þýskalands, Bandaríkjanna og Kanada og jafnvel hætt sér stöku sinnum inn á íslenska bari á meðan á ritun hennar stóð. Síðasti elskhuginn kemur út á laugardag. **- ósk**

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# 30% AFSLÁTTUR

## AF VÖLDUM LEGO VÖRUM



**6143**
**Kappakstursbíll**
verð með afslætti
**4.829**
v. á. 6.899



**6173**
**Panda**
verð með afslætti
**1.259**
v. á. 1.799



**79103**
**Turtles Fyrirsát**
verð með afslætti
**8.749**
v. á. 12.499



**41005**
**Friends Grunnskóli**
verð með afslætti
**8.049**
v. á. 11.499



**9457**
**Ninjago Krani**
verð með afslætti
**4.549**
v. á. 6.499



**9456**
**Ninjago Bardagavöllur**
verð með afslætti
**4.899**
v. á. 6.999



**70708**
**Galaxy Orustukrabbi**
verð með afslætti
**8.399**
v. á. 11.999



**6222**
**HF Corehunter**
verð með afslætti
**1.532**
v. á. 2.189



**6229**
**HF XT4**
verð með afslætti
**1.182**
v. á. 1.689



**70008**
**Chima Vélmenni**
verð með afslætti
**6.992**
v. á. 9.989



**9467**
**MF Draugalestin**
verð með afslætti
**10.499**
v. á. 14.999



**9465**
**MF Uppvakningar**
verð með afslætti
**5.704**
v. á. 8.149



**9466**
**MF Uppfinningarmaður**
verð með afslætti
**6.929**
v. á. 9.899



**9491**
**SW Geonosian**
verð með afslætti
**3.849**
v. á. 5.499



**75004**
**SW Headhunter**
verð með afslætti
**7.559**
v. á. 10.799

Gildir til 3. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## Þrjú lið eiga möguleika á toppsætinu eftir leiki kvöldsins



Þrír leikir fara fram í Olís-deild karla í handbolta í kvöld. Topplið FH heimsækir ÍR-inga í Austurberg klukkan 20.00 og er eitt af þremur félögum sem geta setið í toppsætinu eftir kvöldið. Hin tvö liðin eru mótherjar þeirra í ÍR og síðan Haukar sem skella sér norður og mæta Akureyri klukkan 19.00 í kvöld. FH er með eins stigs forskot en jöfn í öðru til fimmta sæti eru Haukar, Fram, ÍBV og ÍR. ÍBV og Fram mætast í lokaleik umferðarinnar í Eyjum á laugardaginn og þar gæti toppsætið einnig verið í boði falli úrslitin með þeim í kvöld.
Valsmenn enduðu þriggja leikja taphrinu sína í síðasta leik og heimsækja botnlið HK klukkan 19.30 í kvöld.

## Zlatan með frábæra fernu í Brussel





**visir.is** Meiri umfjöllun um Meistaradeildina

**MAÐUR KVÖLDSINS** Svíinn Zlatan Ibrahimovic varð í gær tíundi leikmaðurinn til að skora fernu í Meistaradeildinni þegar hann fór á kostum á móti belgíska liðinu Anderlecht á Constant Vanden Stock Stadium í Brussel í gær. MYND/AP

**FÓTBOLTI** Zlatan Ibrahimovic skoraði fjögur frábær mörk þegar Paris Saint-Germain hélt sigurgöngu sinni áfram með 5-0 útisigri á Anderlecht í Meistaradeildinni í gær. Bayern München og PSG virðast hreinlega vera algjör yfirburðarlið í sínum riðlum en Bayern vann 5-0 sigur á Plzen. Wayne Rooney átti flottan leik með Manchester United en náði ekki að skora í 1-0 sigri á Real Sociedad. Sjálfsmark dugði United. Cristiano Ronaldo skoraði bæði mörk Real Madrid í 2-1 sigri á Juventus og er kominn með sjö mörk í þremur fyrstu leikjunum í keppninni í ár. - óój



**FER HANN TIL ALFREÐS?** Sverrir Ingi æfir með Heerenveen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Þrír öflugir á ferð erlendis

**FÓTBOLTI** Þrír af bestu leikmönnum Pepsi-deildar karla síðasta sumar ætla allir að reyna að sanna sig hjá erlendum félögum en þetta eru þeir Sverrir Ingason, miðvörður Breiðabliks, Haukur Páll Sigurðsson, miðjumaður Vals, og Guðmann Þórisson, miðvörður FH. Þetta kom fram á 433.is í gær.

Sverrir Ingi, sem er fyrirliði 21 árs landsliðs Íslands, fer í nóvember í tvær vikur til hollenska liðsins Heerenveen auk þess að skoða aðstæður hjá norska Íslendingaliðinu Viking.

Haukur Páll og Guðmann verða báðir til reynslu næstu daga hjá sænska úrvalsdeildarliðinu Mjällby. Haukur Páll er samningslaus hjá Val en Guðmann skrifaði undir nýjan samning við FH á dögunum en getur samið við erlent lið.

Allir voru þessir þrír sterku leikmenn á lista yfir tíu efstu í einkunnagjöf Fréttablaðsins í sumar, Haukur Páll þriðji, Guðmann fjórði og Sverrir Ingi tíundi og jafnframt bestur af ungu mönnunum í deildinni. - óój

### Ísland - Finnland 34-18

**Mörk Íslands (skot):** Rut Jónsdóttir 5 (7), Stella Sigurðardóttir 5/1 (8/1), Unnur Ómarsdóttir 4 (4), Arna Sif Pálsdóttir 4 (6), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4 (6), Karen Knútsdóttir 4/2 (7/2), Birna Berg Haraldsdóttir 3 (3), Karólína Bærhenz Lárudóttir 2 (2), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (5), Þórey Rósa Stefánsdóttir 1 (4), Ramune Pekarskyte (1), Hildur Þorgeirsdóttir (1),

**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 14 (25/2, 56%), Íris Björk Símonardóttir 10/1 (17/1, 59%),



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Íslenski varnarmúrinn var öflugur á móti Finnum í Vodafonehöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Finnar fallbyssufóður

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta byrjaði undankeppni EM með stæl í gær. Stelpurnar völtuðu yfir Finnland, 34-18. Mikill styrkleikamunur var á liðunum.

**HANDBOLTI** „Þetta var risastór dagur fyrir mig. Mér leið vel í upphafi leiks enda hafði ég fundið fyrir miklu trausti frá þjálfurunum. Það var samt svolítið stress en það fór fljótt af mér,“ sagði Unnur Ómarsdóttir eftir leik en hún var að spila sinn fyrsta alvörulandsleik.

Unnur fór beint í byrjunarliðið og stóð sig gríðarlega vel. Skoraði úr öllum sínum skotum og hefði líklega ekki getað fengið betri byrjun á landsliðsferlinum. Kom því ekki á óvart að hún brosti allan hringinn eftir leik. „Ég var rosalega fegin að öll skotin skyldu fara inn,“ sagði Unnur og hló.

Finnska liðið er nú ekki það sterkasta í Evrópu og hafði tapað öllum níu leikjum sínum í undankeppni EM.

Þar af hafði liðið tapað í tvígang fyrir Bretum í síðustu keppni en Bretar hafa ekki beint verið að skapa usla í evrópskum handknattleik til þessa. Það voru því allar líkur á því að íslenska liðið ætti náðugt kvöld í vændum.

Það gekk eftir. Íslenska liðið tók verkefnið alvarlega strax frá upphafi og hið arfaslaka lið Finnlands átti ekki roð í það. Finnsku stelpurnar varla drifu á markið lengi vel. Leikstjórnandinn skrefaði í annað hvert skipti sem hún fékk boltann.

Þær áttu eina ágæta skyttu, Cainberg, sem hélt liðinu á floti framan af. Svo var hún sett í hornið og á línuna. Afar furðulegt enda eina raunverulega ógnin frá henni. Sonja Koskinen var öflug í finnska markinu og bjargaði því sem bjargað varð. Varði fjölda skota úr dauðafærum. Engu að síður var tíu marka munur í leikhléi, 18-8.

Jenný varði vel í íslenska markinu líka en þurfti ekki að glíma við erfiðustu skot sem hún hefur séð á ferlinum. Engu að síður einbeiting í lagi. Vörnin stóð vel lengstum og sóknarleikurinn flaut oft vel. Sérstaklega gekk línuspilið vel en nýtingin hjá íslenska liðinu hefði mátt vera betri. Þær klúðruðu allt of mörgum dauðafærum.

Síðari hálfleikur var í raun formsatriði. Stelpurnar reyndu þó að keyra af krafti en nokkur klaufagangur var oft á sóknarleiknum. Sextán marka sigurinn var síst of stór.

„Það var gott að ná að rúlla öllum mannskapnum og svo náðum við líka að vinna í 5-1 varnarleiknum okkar. Það gekk vel. Við fórum kannski illa með mörg færi en heilt yfir var þetta fagmennska hjá stelpunum að halda út allan leikinn,“ sagði Ágúst Þór Jóhannsson landsliðsþjálfari eftir leik.

henry@frettabladid.is

## Njarðvík á tvo þá stigahæstu

**KÖRFUBOLTI** Þriðja umferð Dominos-deildar karla í körfubolta hefst í kvöld með fjórum leikjum og margra augu verða á leik Snæfells og KR.

Vance Cooksey skoraði 30 stig í fyrsta leik sínum með Snæfelli en í kvöld koma ósigraðir KR-ingar í heimsókn í Hólminn. Hinir leikir kvöldsins eru: Grindavík-Valur, ÍR-Haukar og Stjarnan-Skallagrímur. Stórleikur umferðarinnar, leikur nágrannanna Njarðvíkur og Keflavíkur, verður ekki fyrr en á mánudaginn og þá í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

Njarðvíkingar hafa unnið tvo fyrstu leiki sína í deildinni og þar hafa bakverðirnir Elvar Már Friðriksson og Logi Gunnarsson farið á kostum.

Þeir Elvar og Logi hafa skorað saman 49 stig að meðaltali í leik og eru stigahæstu íslensku leikmennirnir í deildinni. Elvar hefur gefið 7,0 stoðsendingar að meðaltali auk 25,5 stiga í leik. Haukamaðurinn Terrence Watson og Mike Cook Jr. hjá Þór úr Þorlákshöfn eru stigahæstu leikmenn deildarinnar með 28,5 stig að meðaltali í fyrstu tveimur umferðunum. - óój

**STIGAHÆSTU ÍSLENDINGARNIR:**

| | |
|---|---|
| Elvar Már Friðriksson, Njarðvík | 25,5 |
| Logi Gunnarsson, Njarðvík | 23,5 |
| Þorleifur Ólafsson, Grindavík | 21,5 |
| Páll Axel Vilbergsson, Skallagrími | 21,3 |
| Mirko Stefán Virijevic, KFÍ | 21,0 |
| Jón Ólafur Jónsson, Snæfelli | 20,5 |



**ALLT Í ÖLLU** Elvar Már Friðriksson hjá Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Blomberg

# TILBOÐSDAGAR

# 15-40% AFSLÁTTUR

## AF FJÖLDA BLOMBERG HEIMILISTÆKJA

*Eldavélar, uppþvottavélar, þvottavélar, kæliskápar og fleiri heimilistæki frá Blomberg á frábærum tilboðsverðum.*

Nokkur verðdæmi



Blomberg BEO9444X
BÖKUNAROFN
Áður 109.990
Nú 79.990



Blomberg HKT9330X
ELDAVÉL / STÁL
Áður 129.990
Nú 99.990



Blomberg DSM9510
144sm KÆLISKÁPUR
Áður 79.990
Nú 64.990



Blomberg KND9651A
KÆLISKÁPUR
Áður 149.990
Nú 99.990

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Söguleg sátt á milli Breiðabliks og HK

**ÍÞRÓTTIR** Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum í gær að semja við íþróttafélögin HK og Breiðablik um hvar starfsemi þeirra eigi að vera í framtíðinni. Óvissa hefur verið um hvar mörkin liggja.

Samkomulagið kveður á um að HK verði áfram með starfsemi í Fagralundi og í Digranesi en áherslan í starfinu færist í auknu mæli upp í Kór. „Framtíðarmynd okkar er sú að nýtt hjarta félagsins verði byggt upp í Kórnum en verður þó áfram til staðar í Fagralundi og í Digranesi,“ segir Sigurjón Sigurðsson, formaður HK, í samtali við Kópavogsfréttir.

Breiðablik verður eftir sem áður með aðstöðu í Smáranum, Fífunni, Salavelli og á Kópavogsvelli. „Þessi ákvörðun er mikilvægur áfangi í viðræðum sem staðið hafa yfir í meira en hálfan áratug um rekstur íþróttamannvirkja og ákveðna verkaskiptingu félaganna,“ segir Orri Hlöðversson, formaður Breiðabliks við kfrettir.is. - óój








**ÞRÍR GÓÐIR** Niko Kovac, fyrir miðju, ásamt Lars Lagerbäck og Didier Deschamps, þjálfara Frakka, við dráttinn í umspilið á mánudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hefði spáð íslenskum sigri í síðustu viku

Slæmt gengi Króata á seinni stigum undankeppni var fyrst og fremst þjálfaranum Igor Stimac að kenna. Áhugi almennings á liðinu er lítill í augnablikinu.

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið mætir Króatíu í tveimur leikjum um laust sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu næsta sumar. Leikið verður í Reykjavík 15. nóvember og í Zagreb 19. nóvember. Nýr þjálfari, Niko Kovac, stýrir Króötum í fyrsta skipti í leikjunum tveimur en miklar vonir eru bundnar við hann.

„Þótt hann sé byrjandi var hann leiðtogi sem leikmaður, sannur fyrirliði og elskaður og dáður,“ segir króatíski íþróttafréttamaðurinn Aleksandar Holiga. Kovac spilaði 83 landsleiki fyrir þjóð sína og var í lykilhlutverki með liðinu á HM 2002 og 2006 auk EM 2004 og 2008. Hann lagði skóna á hilluna vorið 2009.

Kovac var ráðinn eftir að fráfarandi þjálfari og annar fyrrverandi landsliðsmaður, Igor Stimac, bauðst til að segja starfi sínu lausu. Liðið vann ekki sigur í fjórum síðustu leikjunum í undankeppninni og tapaði í tvígang fyrir Skotum. Holiga segir Stimac bera ábyrgð á slæmu gengi liðsins en sagan sé flóknari en það.

Stimac hafi upphaflega ætlað sér forsetastól knattspyrnusambandsins. Zdravko Mamic, forseti Dinamo Zagreb og valdamesti maðurinn í króatískri knattspyrnu, hafi hins vegar séð til þess að Stimac fengi þjálfarastöðuna í staðinn.

„Hann fékk Stimac í starfið þótt hann væri reynslulaus. Það reitti almenning til reiði og skapaði slæman anda í kringum landsliðið,“ segir Holiga. Til að byrja með hafi úrslitin verið góð og gefið Stimac andrými þrátt fyrir slæmt andrúmsloft. Almenningur hafi þó smám saman snúist gegn liðinu, fjölmiðlar gagnrýndu hann harðlega og áhorfendum fækkaði. Þeir sem mættu á leikina nýttu tækifærið og mótmæltu störfum Stimac og Mamic harðlega. Að undankeppninni lokinni hafi ekki annað komið til greina en að Stimac hætti.

„Hefði Stimac verið áfram við stjórnvölinn hefði ég umhugsunarlaust spáð Íslandi sigri í umspilinu. Ekki aðeins sigri heldur hefði vörninni okkar verið slátrað,“ segir Holiga. Léttir hafi verið fyrir Króata að sleppa við að mæta Frökkum og Svíum. Meiri bjartsýni ríki með nýjum þjálfara og verði allt eðlilegt muni Króatía klára Ísland.

Kovac stýrði 21 árs landsliði þjóðarinnar í skamman tíma áður en hann var kallaður til að bjarga karlalandsliðinu. Þótt leikirnir hafi aðeins verið fimm skilaði Kovac fimm sigrum og markatalan var 16-0.

„Leikmennirnir hafa flestir spilað með honum í landsliðinu. Þeir bera mikla virðingu fyrir honum eins og nánast allir í Króatíu,“ segir Holiga. Ólíklegt er að honum takist að gjörbreyta spilamennskunni á augabragði en hann bæti andann og fái menn til að vinna saman.

„Það er ekki nokkur maður í heiminum betur til þess fallinn á þessari stundu en Niko Kovac.“

kolbeinntumi@frettabladid.is

## Miðjan og sóknin góð en vörnin hæg



Luka Modric, miðjumaður Real Madrid, og Mario Madzukic, framherji Bayern München, eru lykilmennirnir í landsliði Króata að mati Holiga.

„Modric er arkitektinn á miðjunni. Stimac lét hann spila of aftarlega enda þráaðist hann við að nota djúpan miðjumann,“ segir blaðamaðurinn um Modric. Madzukic sé algjört dýr, með gríðarlega vinnusemi og þol sem erfitt sé að ráða við.

„Miðverðirnir okkar eru ekki lélegir leikmenn en vörnin í heild sinni er hæg. Við höfum nógu mikil gæði í öllum stöðum en spurningin er hvernig liðið mun smella saman.“

# Óvissa um framtíð Margrétar

Markahæsti leikmaður kvennalandsliðsins er í skýjunum eftir vel heppnað ár.

**FÓTBOLTI** „Ég er samningslaus og er að skoða mín mál,“ segir markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir. Framherjanum hefur gengið vel með Kristianstad á tímabilinu sem er nýlokið í Svíþjóð. Margrét Lára skoraði 13 mörk í deildinni og hafnaði í þriðja til fjórða sæti á lista yfir markahæstu leikmenn.

„Það hefur náttúrulega gengið nokkuð vel hjá mér enda margir gríðarlega sterkir sóknarmenn í þessari deild,“ segir Eyjamærin sem hefur spilað aftar á vellinum í ár en hún hefur átt að venjast.

„Mér finnst þetta skemmtileg staða. Hún hentar mér vel miðað við leikstílinn hjá Kristianstad,“ segir Margrét Lára sem hefur spilað fyrir aftan fremsta leikmann liðsins. Hún geti vel hugsað sér að spila þessa stöðu í framhaldinu.

„Maður gerir mikið af því að lesa hreyfingar andstæðingsins og nýta sér svæði sem skapast.“

Hún segir árangur sinn gefa til kynna að hún sé á réttri leið eftir að hafa glímt við erfið meiðsli í fimm ár. Hún telur sig eiga mikið inni.

„Ég er rosalega ánægð með að vera komin af stað og árið hefur verið gleðilegt. Að geta æft á hverjum degi er eitthvað sem ég hef ekki getað í fimm ár. Auk þess hef ég spilað nánast allar mínúturnar með félagsliði mínu,“ segir Margrét Lára.

Markahæsti leikmaður A-landsliðsins frá upphafi, með 70 mörk í 93 leikjum, verður í eldlínunni með landsliðinu sem mætir Serbíu ytra 31. október. Óvíst er hvort hún verði áfram hjá Kristianstad. Hún muni gefa sér tíma til að skoða sín mál.

„Hvort ég spila áfram með Kristianstad á næstu leiktíð er óljóst. Ég ætla að gefa mér tíma til að skoða mín mál. Það liggur ekkert á.“ -ktd



**GLEÐI** Margrét Lára getur horft brosandi á vel heppnað tímabil sem lýkur í Serbíu í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


„BESTA SPENNUMYND ÁRSINS“
ACADEMY AWARD® NOMINEE
HUGH
JACKMAN
ACADEMY AWARD® NOMINEE
JAKE
GYLLENHAAL
ACADEMY AWARD® NOMINEE
VIOLA
DAVIS
GOLDEN GLOBE® NOMINEE
MARIA
BELLO
ACADEMY AWARD® NOMINEE
TERRENCE
HOWARD
WITH
ACADEMY AWARD® WINNER
MELISSA
LEO
AND
PAUL
DANO
PRISONERS
MAGNAÐUR
ÞRILLER
★★★★★
„Besta spennumynd ársins.“
S.G.S. - Mbl.
★★★★★
The Hollywood Reporter
★★★★★
Entertainment Weekly
★★★★★
Jobio.com
100/100
MÖGNUÐ TÓNLIST EFTIR
JÓHANN JÓHANNSSON
Variety
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KOMIN Í BÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA
Á SAMBIO.IS
SAMBÍÓIN

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 20.05**
### Sælkeraferðin
Glæsilegir og gómsætir þættir þar sem sjónvarpskonan Vala Matt ferðast í kringum Ísland og heimsækir sælkera, veitingahúsafólk og sveitamenn og -konur sem bjóða upp á það allra besta og skemmtilegasta af íslenskum sælkeramat. Farið er í alla landshluta og leyndarmálin leituð uppi.





### 30 Rock
**SKJÁR EINN KL. 20.45** Liz Lemon og félagar í 30 Rock snúa loks aftur með frábæra þáttaröð sem hlotið hefur fjölda verðlauna. Liz og Jack reyna að fá Jennu til að sannfæra kjósendur í Flórída um að kjósa sinn frambjóðanda.

TV.COM 8,7 IMDb 8,1



### Gunnar á völlum
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05**
Gunnar á völlum – Maður í bak. Gunnar Sigurðarson spjallar við íþróttafólk af hóflegri alvöru.



### Contraband
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Endurgerð íslensku myndarinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg í aðalhlutverki en þetta er ekta spennutryllir úr smiðju Baltasars Kormáks sem enginn má láta fram hjá sér fara.

IMDb 6,4

**Fm 957 kl. 16.00**
### Fm95Blö
FM95BLÖ er í umsjón Auðuns Blöndal alla virka daga kl. 16-18 á FM957. Með Auðda í þættinum eru nokkrir góðir vinir hans. Björn Bragi er á mánudögum, Sveppi á þriðjudögum og Hjöbbi Ká á fimmtudögum. Það vill enginn missa af þessum þætti – það er bara þannig.




## DAGSKRÁ LESTRARHÁTÍÐAR VIKUNA 24.–31. OKTÓBER

*Af orði er ég kominn alla leið hingað.*
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson: **Orðspor**

FIMMTUDAGUR **24.** OKTÓBER

**SKÁL AF LJÓÐUM**
KL. 12-13 – SKÁL AF LJÓÐUM – BORGARBÓKASAFN, AÐALSAFN, TRYGGVAGÖTU 15
Borgarbókasafn Reykjavíkur býður upp á hádegisdagskrá í umsjón Jakobs S. Jónssonar sem helguð er ljóðum. Hægt er að kaupa súpu frá Kryddlegnum hjörtum á góðu verði.

**LJÓÐIÐ SEM ÁTTAVITI Í BORGINNI**
KL. 20 – GUNNARSHÚS, DYNGJUVEGI 8
Rithöfundasambandið býður upp á ljóðadagskrá með skáldunum Antoni Helga Jónssyni og Sigurlín Bjarney Gísladóttur. Þau bregða upp myndum af þekktum kennileitum í borginni og nema líka staðar og skyggnast inn í hús og draga upp myndir af örlögum nokkurra borgarbúa. Sjá nánar á bokmenntaborgin.is.

SUNNUDAGUR **27.** OKTÓBER

**ORÐANNA HLJÓÐAN**
KL. 14-15 – HARPA, BJÖRTULOFT
Félag tónskálda og textahöfunda og Bókmenntaborgin Reykjavík standa fyrir málþingi um orðlist og textagerð í íslenskri dægurlagamenningu. Katrín Jakobsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason stýra umræðum en meðal þeirra sem taka þátt eru Ari Eldjárn, Bjarki Karlsson og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.

**BÓKAVERÐLAUN BARNANNA**
KL. 15 – BORGARBÓKASAFN AÐALSAFN, TRYGGVAGÖTU 15
Bókaverðlaun barnanna verða afhent við hátíðlega athöfn.

**TVÆR STJÖRNUR**
**TEXTAR OG TÓNLIST EFTIR MEGAS OG BJÖRK**
KL. 21 – HARPA, KALDALÓN
Á þessum spennandi tónleikum verða fluttir textar og lög eftir Björk Guðmundsdóttur og Megas. Meðal flytjenda eru Ragnheiður Gröndal, Magga Stína og Ágústa Eva. Miðaverð frá 2.900 kr. Miðar eru seldir á harpa.is.

MIÐVIKUDAGUR **30.** OKTÓBER

**MEÐGÖNGULJÓÐ Í STÚDENTAKJALLARANUM**
KL. 20.30
Skáldin Elías Knörr, Kári Tulinius, Kristín Eiríksdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Magnús Sigurðsson og Sigurbjörg Þrastardóttir koma fram á ljóðakvöldi í tilefni Lestrarhátíðar í Reykjavík.

FIMMTUDAGUR **31.** OKTÓBER

**LJÓÐARÚTA**
KL. 20 – HARPA
Lokaviðburður Lestrarhátíðar – Ljóð í leiðinni er ljóðrænt rútuferðalag um borgina þar sem skáld flytja eigin ljóð meðan ekið er um í borgarmyrkrinu. Lagt verður af stað frá Hörpu kl. 20 og tekið er ferðin um einn og hálfan tíma. Bóka þarf sæti með því að senda póst á bokmenntaborgin@reykjavik.is þar sem sætafjöldi er takmarkaður, en ekkert kostar í ferðina.

**24. – 29.** OKTÓBER

**SÚPUSKÁL:D**
KL. 12.15-12.45
BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR OG SÚFISTINN
Ljóðskáld heimsækja kaffihúsið í hádeginu og lesa uppúr nýjum og nýlegum ljóðabókum sínum. Súfistinn býður upp á hádegistilboð á súpu og kaffi.

Sjá alla dagskrá Lestrarhátíðar á vef Bókmenntaborgarinnar
**bokmenntaborgin.is**

LJÓÐ Í LEIÐINNI
Lestrarhátíð í Bókmenntaborg

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

DYNAMO REYKJAVÍK


## STÖÐ 2
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Hell's Kitchen**
**11.45** **Touch**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The New Normal**
**13.25** **Prom**
**15.10** **Hundagengið**
**15.35** **Ofurhetjusérsveitin**
**16.00** **Tasmanía**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Meistaramánuður** *(5:6)*
**19.40** **The Big Bang Theory** *(17:24)*
**20.05** **Sælkeraferðin** *(6:8)*
**20.25** **Masterchef USA** *(16:20)*
**21.10** **The Blacklist** *(5:13)*
**21.55** **Person of Interest** *(11:22)*
**22.40** **NCIS. Los Angeles** *(11:24)* Þriðja þáttaröð þessarar vinsælu spennuþáttaraðar um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
**23.25** **Che. Part Two**
**01.35** **Ástríður**
**02.00** **Spaugstofan**
**02.30** **Homeland**
**03.25** **Boardwalk Empire**
**04.20** **Superhero Movie**
**05.45** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*
**08.00** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00** **Meistaradeild Evrópu. Galatasaray - FC Kaupmannahöfn**
**10.45** **Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Juventus**
**12.30** **Meistaradeild Evrópu. CSKA Moscow - Man. City**
**14.15** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**14.45** **Spænsku mörkin**
**15.15** **Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Real Sociedad**
**16.55** **Sheriff Tiraspol - Tottenham** Bein útsending
**19.00** **Swansea - Kuban Krasnodar** Bein útsending
**21.05** **Shakhter Karagandy - AZ Alkmaar**
**22.50** **Sheriff Tiraspol - Tottenham**
**00.35** **Swansea - Kuban Krasnodar**
**02.20** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**04.30** **Indland 2013 - Æfing # 1** Bein útsending

## SPORT 2 *enski boltinn*
**15.30** **Messan**
**16.40** **Crystal Palace - Fulham**
**18.20** **Chelsea - Cardiff**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.25** **Football League Show**
**21.55** **Man. Utd. - Southampton**
**23.35** **Stoke - WBA**

## ÍNN
**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3
**15.45** **The Great Escape**
**16.25** **Smash**
**17.10** **Super Fun Night**
**17.35** **Who Do You Think You Are?**
**18.35** **Game tíví**
**19.00** **Bunheads** *(7:18)*
**19.45** **Mrs. Doubtfire**
**21.50** **Shameless** *(7:12)*
**22.35** **Banshee** *(7:10)*
**23.20** **Hunted** *(5:10)* Bresk spennuþáttaröð af bestu gerð. Sam er njósnari á vegum einkarekinnar leyniþjónustu.
**00.20** **Strike back**
**01.05** **Bunheads**
**01.50** **Shameless**
**02.35** **Mrs. Doubtfire**
**04.40** **Banshee**
**05.30** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin
**07.00** Dóra könnuður **07.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.59** Áfram Diego, áfram! **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.59** Strumparnir **09.24** Ævintýri Tinna **09.46** Skoppa og Skrítla **09.59** Lukku láki **10.23** Ofurhundurinn Krypto **10.44** UKI **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.59** Áfram Diego, áfram! **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.59** Strumparnir **13.24** Ævintýri Tinna **13.46** Skoppa og Skrítla **13.59** Lukku láki **14.23** Ofurhundurinn Krypto **14.44** UKI **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.59** Áfram Diego, áfram! **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.59** Strumparnir **17.24** Ævintýri Tinna **17.46** Skoppa og Skrítla**17.59** Lukku láki **18.23** Ofurhundurinn Krypto **18.44** UKI **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Skógardýrið Húgó **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULL
**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(11:16)*
**20.00** **Fóstbræður** *(7:7)*
**20.25** **Mið-Ísland** *(8:8)* Sprenghlægilegir gamanþættir frá uppistandshópnum Mið Íslandi.
**20.50** **Steindinn okkar** *(8:8)*
**21.15** **The Drew Carey Show** *(12:24)*
**21.35** **Curb Your Enthusiasm** *(7:10)*
**22.10** **Twenty Four** *(6:24)*
**22.55** **Game of Thrones** *(5:10)*
**23.50** **A Touch of Frost**
**01.35** **Fóstbræður**
**02.05** **Mið-Ísland**
**02.35** **The Drew Carey Show**
**02.55** **Steindinn okkar**
**03.15** **Curb Your Enthusiasm**
**03.50** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ
**10.20** **The Holiday**
**12.35** **Real Steel**
**14.40** **The TV Set**
**16.10** **The Holiday**
**18.25** **Real Steel**
**20.30** **The TV Set**
**22.00** **Contraband**
**23.50** **Harry Brown**
**01.30** **Season Of The Witch**
**03.05** **Contraband**

## RÚV
**16.20** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Kóalabræður**
**17.20** **Skrípin**
**17.25** **Stundin okkar**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **Kiljan**
**18.45** **Íþróttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Gunnar á völlum - Maður í bak** Gunnar Sigurðarson spjallar við íþróttafólk af hóflegri alvöru.
**20.15** **Fagur fiskur** *(8:8) (Fingrafæði)* Matreiðslumaðurinn Sveinn Kjartansson eldar gómsætt sjávarfang. Í þessum þætti töfrar hann fram gómsæta smárétti.
**20.50** **Innsæi** *(1:10) (Perception)* Dr. Daniel Pierce er sérvitur taugasérfræðingur sem hjálpar yfirvöldum að upplýsa flókin sakamál. Meðal leikenda eru Eric McCormack, Rachael Leigh Cook og Arjay Smith. Bandarísk þáttaröð.
**21.35** **Hulli** *(8:8)* Hulli er teiknuð útgáfa af höfundi þáttanna, Hugleiki Dagssyni. Hann býr í Reykjavík og er listamaður á niðurleið.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Djöflar Da Vincis** *(6:8) (Da Vinci's Demons)* Þáttaröð um snillinginn Leonardo Da Vinci og ævintýri hans þegar hann var ungur maður í Flórens á endurreisnartímanum.
**23.20** **Hálfbróðirinn** *(8:8) (Halvbroren)* Norskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Lars Saabye Christensen sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir hana.
**00.05** **Kynlífsráðuneytið** *(Sex ministeriet)*
**00.35** **Kastljós**
**01.00** **Fréttir**
**01.10** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN
**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr.Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**14.40** **The Voice**
**17.10** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.40** **Dr.Phil**
**18.20** **America's Next Top Model**
**19.05** **America's Funniest Home Videos**
**19.30** **Cheers**
**19.55** **Solsidan** *(1:10)* Endursýningar á þessum frábæru sænsku gamanþáttum sem slógu í gegn meðal áskrifenda SkjásEins. Nú er barnið komið í heiminn og Alex ekkert að vanbúuð nema biðja Önnu um að giftast sér sem fer öðruvísi en ætlað var.
**20.20** **Save Me** *(5:13)*
**20.45** **30 Rock** (5:13
**21.10** **Happy Endings** *(9:22)* Bandarískir gamanþættir um vinahóp sem einhvernveginn tekst alltaf að koma sér í klandur.
**21.35** **Parks & Recreation** *(9:22)*
**22.00** **The Social Network**
**00.00** **Under the Dome**
**00.50** **Excused**
**01.15** **Unforgettable**
**02.05** **Green Room With Paul Provenza**
**02.35** **Blue Bloods**
**03.25** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF
**06.00** Eurosport **09.00** CIMB Classic 2013 **12.00** CIMB Classic 2013 **15.00** CIMB Classic 2013 **18.00** Inside the PGA Tour **18.25** CIMB Classic 2013 **21.25** CIMB Classic 2013 **00.25** Eurosport

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

heimkaup.is

# HEIMKAUP SPLÆSA KAFFINU!

Fáðu kaffið þitt frítt heim. Kynntu þér kaffiáskrift Heimkaupa.



## Rjúkandi gott tilboð á NESCAFÉ Dolce Gusto Circolo kaffivélum

**29.990**

FULLT VERÐ ~~38.900~~

Þú færð NESCAFÉ Dolce Gusto Americano og Café au Lait frítt með.



Fæst í 3 litum – rauð, svört og silfruð.

Þú færð alla NESCAFÉ Dolce Gusto kaffidrykkina hjá Heimkaupum og kaffið í áskrift upp að dyrum.

NESCAFÉ Dolce Gusto

PIPAR\TBWA • SÍA • 132998



## SENDUM FRÍTT HEIM STRAX UM KVÖLDIÐ

innan höfuðborgarsvæðisins*

## Risa vefverslun – aukin þjónusta



Frá því Heimkaup hófu göngu sína hafa mörg þúsund Íslendinga nýtt sér hversu þægilegt og fljótlegt er að versla á heimkaup.is, enda bjóðum við mikið úrval af vörum á frábæru verði.

Við sendum vöruna til þín frítt* hvert á land sem er og komum vörum til skila sama kvöld ef pantað er fyrir kl. 17. Við bjóðum viðskiptavini líka velkomna í sýningarsal okkar í Turninum, Kópavogi þar sem hægt er að kaupa vörur á staðnum eða sækja vörur sem keyptar eru í vefversluninni.

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun | Hagstætt verð | Hraðsending | Sendum um allt land

HEIMKAUP

**DRYKKURINN**



**„Ég er annálaður smekkmaður á mat– en hef ekki jafn sterkar skoðanir á drykkjarföngum. Fæ mér oftast bara kók eða vatn.“**

Tónlistarmaðurinn Intro Beats

# Hvetur til hörmulegra tónsmíða á laugardaginn

Rósa Birgitta Ísfeld leitar að frumsömdum, slæmum lögum til að flytja á vondulagakeppninni á Dolly í ár.

Vondulagakeppnin verður haldin í þriðja sinn á laugardaginn, 26. október, á skemmtistaðnum Dolly í Hafnarstræti. Að venju er það tónlistarkonan Rósa Birgitta Ísfeld, söngkona í Sometime, sem stendur fyrir keppninni, en hún er alltaf haldin í kringum afmæli Rósu, síðast árið 2011.

„Þátttakendur flytja frumsamið lag en það er Júróvisjónstandard á því,“ segir Rósa Birgitta. „Það má semsagt ekki vera lengra en þrjár mínútur að lengd,“ segir hún jafnframt.

„Þetta hefur verið alveg ótrúlega skemmtilegt undanfarin ár og margir tekið þátt. Í síðustu keppni var í fyrsta sinn einhver sem ég þekki ekki sem tók þátt, það voru þrír félagar í hljómsveit sem hefur ekkert nafn hlotið enn, en þeir komu, sáu og sigruðu með hörmulegri tónsmíð og viðbjóðslegum söng. Þá er takmarkinu náð,“ segir Rósa, og segir þetta með skemmtilegri kvöldum ársins að sínu mati.

Í dómnefnd í þetta sinn eru Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi og Baggalútur, Elísabet Eyþórsdóttir, úr hljómsveitinni Sísý Ey, og Steinþór Helgi Arnsteinsson, en hann er umboðsmaður hljómsveita á borð við Hjaltalín og Ylju.

„Ég hef heyrt út undan mér að Hermigervill, Ásgeir Trausti og Emmsjé Gauti séu meðal þeirra sem taka þátt í ár,“ segir Rósa, og hvetur alla áhugasama til að vera með en hægt er að skrá sig á Facebook-síðu vondulagakeppninnar. - ósk



**HELDUR VONDULAGAKEPPNI** Rósa Birgitta Ísfeld skipuleggur vondulagakeppni sem fer fram á Dolly á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







# Heldur ræðu um kvenréttindi hjá BBC

Sigríður María Egilsdóttir verður annar af tveimur aðalræðumönnum á viðburði sem breska ríkisútvarpið, BBC, stendur fyrir um stöðu kvenna í heiminum.

„Þetta er alveg rosalega spennandi og alveg æðislegt. Ég er mjög þakklát en geðveikt stressuð líka,“ segir Sigríður María Egilsdóttir.

Hún verður annar af tveimur aðalræðumönnunum á viðburði sem breska ríkisútvarpið, BBC, stendur fyrir á morgun um konur og framtíðarmarkmið þeirra. Alls taka eitt hundrað konur víða að úr heiminum þátt í viðburðinum sem fer fram í höfuðstöðvum BBC í London og verður hægt að fylgjast með honum í sjónvarpi, útvarpi og á vefsíðu BBC.

„Konan sem vinnur að skipulagningunni þekkir íslenska konu sem benti henni á mig,“ segir Sigríður María aðspurð. „Síðan höfðu þau samband og spurðu hvort ég vildi taka þátt. Þetta er tækifæri sem maður eiginlega getur ekki sagt nei við.“

Sigríður María, sem útskrifaðist úr Versló í vor, varð í apríl fyrsta konan í fjórtán ár sem hlaut titilinn Ræðumaður Íslands á Morfís, ræðukeppni framhaldsskólanna. Hún vakti einnig athygli fyrir fyrirlestur sinn „Three Generations Theory“ á viðburðinum TEDx Reykjavík í sumar sem fjallaði um jafnrétti kynjanna og kvennabaráttuna.

Sigríður María segist vera búin að skrifa ræðuna sem hún ætlar að flytja á BBC og hefur að undanförnu verið að læra hana utan að. Hún mun taka um átta mínútur í flutningi. „Ég ætla að tala um framtíð kvenréttindabaráttunnar, hvert hún stefnir,“ segir hún, spurð út í innihald ræðunnar. „Ég hugsa að ástæðan fyrir því að þeir fengu mig til að gera þetta hafi verið að fá unga manneskju til að vera með ræðu. Líka af því að ég kem frá Íslandi, landinu sem er búið að vera í mörg ár í röð, samkvæmt Global Gender Gap Report, á lista yfir þau lönd sem hafa náð bestum árangri og standa fremst í jafnrétti kynjanna.“

Sigríður María flýgur út til London í dag og verður forvitnilegt að fylgjast með á BBC hvernig henni reiðir af. freyr@frettabladid.is



**Á LEIÐ TIL LONDON** Sigríður María Egilsdóttir er annar af tveimur aðalræðumönnum morgundagsins hjá BBC. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Konur sem berjast fyrir betri heimi

Konurnar sem taka þátt í viðburðinum koma úr alls konar áttum en eiga það sameiginlegt að hafa barist fyrir betri heimi fyrir sig og fjölskyldur sínar. Þær munu allar fá tækifæri til að tjá sig um stöðu kvenna í heiminum í dag og hvernig framtíð þeirra lítur út.

# Helgi glímir við harðara mál

Tökur standa yfir í Reykjavík á þáttaröðinni Hrauninu, framhaldi Hamarsins.

Upptökur á sjónvarpsþáttaröðinni Hrauninu standa nú yfir í Reykjavík og lýkur þeim eftir tæpar tvær vikur. Áður höfðu tökurnar farið fram á Snæfellsnesi og gengu þær prýðilega að sögn leikstjórans, Reynis Lyngdal.

„Það hitti svo vel á með veðrið. Þetta er ótrúlegur staður. Orkan er mikil og náttúrufegurðin ótrúleg. Þetta er flottur bakgrunnur fyrir þessa seríu, mjög „mystískt“,“ segir Reynir.

Hraunið er framhald Hamarsins sem var sýndur í sjónvarpinu 2011. Þessi nýja sería verður líkast til frumsýnd um páskana. Björn Hlynur Haraldsson leikur rannsóknarlögreglumanninn Helga Marvin sem er sendur á Snæfellsnes til að aðstoða lögregluna á svæðinu við rannsókn máls. Á sama tíma hverfur ungur maður með dóttur sína eftir berjatínsluferð úti í hrauni.



**TÖKUR VIÐ LANDSPÍTALANN** Reynir Lyngdal og Björn Hlynur Haraldsson við tökur á Hrauninu hjá Landspítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er svipaður „fílingur“,“ segir Reynir er hann ber saman Hraunið og Hamarinn. „Þetta er svolítið harðara mál sem lögreglumaðurinn er að glíma við í þetta skiptið. Það er aðeins meiri „aksjón“ í þetta skiptið og það er verið að glíma við aðeins harðari glæpamenn.“ -fb

ENDURMENNTUN 30 ÁRA

# NÆRÐU HUGANN

## FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

### MENNING

Jane Austen í samtímanum
**skráningarfrestur til 28. október**

Héraðsbundin matarmenning í Frakklandi
**skráningarfrestur til 30. október**

Súkkulaði ... matur guðanna
**skráningarfrestur til 30. október**

Stjörnuhiminn og stjörnuskoðun
**skráningarfrestur til 4. nóvember**

Sjálfsvíg - synd eða sjúkleiki?
**skráningarfrestur til 6. nóvember**

### PERSÓNULEG HÆFNI

Myndbandavinnsla með Moviemaker fyrir Windows
**hefst 29. október**

Jákvæð sálfræði og styrkleikaþjálfun (Coaching) - Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt
**skráningarfrestur til 29. október**

Úr neista í nýja bók - framhaldsnámskeið
**skráningarfrestur til 30. október**

Gimp/Photoshop
**skráningarfrestur til 30. október**

Að gefa út þína eigin bók
**skráningarfrestur til 5. nóvember**

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Solution Focused Brief Therapy
lausnamiðuð skammtímameðferð
**hefst 28. október**

Image Interpretation of the Appendicular Skeleton
**skráningarfrestur 28. október**

Kolvetnasnautt mataræði – áhætta eða ávinningur?
**skráningarfrestur 28. október**

Vakandi athygli (núvitund) og innsæ íhugun
**skráningarfrestur 29. október**

Viðbrögð við bráðatilfellum utan sjúkrahúsa
**skráningarfrestur 31. október**

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
**skráningarfrestur 31. október**

### UPPELDI OG KENNSLA

Einstaklingsmiðuð úrræði til að draga úr erfiðri hegðun ungra barna
**skráningarfrestur til 30. október**

Íslenski þroskalistinn
**skráningarfrestur til 31. október**

Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
**skráningarfrestur til 1. nóvember**

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Managing Software Development Teams
**skráningarfrestur til 30. október**

Árangursstjórnun og árangursmælikvarðar
**skráningarfrestur til 30. október**

Einelti á vinnustað – Hvað er til ráða?
**skráningarfrestur til 30. október**

Frammistöðustjórnun
**skráningarfrestur til 4. nóvember**

Gæða- og straumlínustjórnun - vinnustofa
**skráningarfrestur til 4. nóvember**

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Arðsemismat verkefna
**hefst 28. október**

Greining ársreikninga
**skráningarfrestur til 28. október**

Gerð viðskiptaáætlana
**skráningarfrestur til 28. október**

Uppbygging eignasafna (Portfolio theory)
**skráningarfrestur til 6. nóvember**

Gerð rekstrarreiknings og framtal til skatts
**skráningarfrestur til 7. nóvember**

Excel I
**skráningarfrestur til 12. nóvember**

### STARFSTENGD HÆFNI

Samningatækni
**hefst 28. október**

Innkaup og birgðastýring
**skráningarfrestur til 28. október**

Skjátextaþýðingar fyrir sjónvarp og kvikmyndahús
**skráningarfrestur til 29. október**

Árangursrík samskipti á vinnustað
**skráningarfrestur til 5. nóvember**

Vefverslun
**skráningarfrestur til 8. nóvember**

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Opinber innkaup – helstu breytingar í lagaumhverfi
**skráningarfrestur 30. október**

Nýr Evrópustaðall um hönnun steinsteypuvirkja:
ÍST EN 1992-1-1:2004
**skráningarfrestur til 13. nóvember**

### TUNGUMÁL

Hagnýt norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk – aukanámskeið
**skráningarfrestur til 28. október**

Kínverska II: framhaldsnámskeið
**skráningarfrestur til 3. nóvember**

**SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### 50 þúsund áhorfendur

Lag Baggalúts, Mamma þarf að djamma sem **Jóhanna Guðrún** syngur, hefur verið skoðað tæplega fimmtíu þúsund sinnum á YouTube. Árangurinn er mjög góður, sérstaklega þar sem aðeins þrjár vikur eru liðnar síðan það var sett á vefsíðuna. Lagið verður á nýrri plötu Baggalúts sem er væntanleg á næstunni. Popparinn Steinar nýtur einnig vinsælda á YouTube því fyrsta lag hans, Up, hefur verið skoðað rúmlega þrjátíu þúsund sinnum síðan það var sett þangað inn í byrjun október. Textamyndband við lagið er einnig nýkomið inn á YouTube og hafa margir veitt því athygli. -fb



### Syngur fyrir börn og unglinga í Árborg

„Að syngja fyrir börn og unglinga er eins og að syngja fyrir fullorðið fólk seint á kvöldin," segir tónlistarmaðurinn og Evróvisjónfarinn **Eyþór Ingi Gunnlaugsson** og bætir við að börn og unglingar séu yfirleitt mjög þakklátir áheyrendur og mikið stuð sé á tónleikum með þeim. Eyþór ætlar að syngja fyrir öll grunn- og leikskólabörn í Árborg 5.-8. nóvember. Þá heldur hann fyrirlestur í Pakkhúsinu og verður dómari í söngkeppni félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz. Söngkeppni FSU fer fram í sömu vikunni, eða fimmtudaginn 7. nóvember, og þar verður Eyþór Ingi einnig í dómarasætinu. „Það má eiginlega segja að ég verði í fóstri austur í Árborg fyrstu dagana í nóvember," segir Eyþór Ingi. -jme



### Mest lesið Vísir

1 Tóku myndband af vændiskaupendum í Hamraborg: 100 þúsund króna sekt
2 Facebook fjarlægir myndbandið af aftökunni
3 Náttúruvinir settir í einangrun
4 Mjólkurklám í fréttum
5 Nú væri hiti undir vellinum fljótur að borga sig







molo
TICKET TO HEAVEN
hummel
bisgaard
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201